OLA ALEXANDRA

*Ber pólskt á borðið*

Matur

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




TÍSKA & FEGURÐ

*Danni í Sometime er veikur fyrir klikkuðum buxum*

Sérblað um tísku og útlit

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




ARON PÁLMI ÁGÚSTSSON

*Miklu meira en spenntur*

Les frumsamin ljóð í útgáfuteiti bókar sinnar

FÓLK 58




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

16. nóvember 2007 — 312. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR

### Jólaplötur tefjast



Ný plata Sigríður Beinteinsdóttur er ein jólaplatanna sem tefjast í flutningum að utan.

FÓLK 58

### Eddur í óskilum

Ragnar Bragason kvikmyndaleikstjóri týndi Eddu-verðlaunagripum sínum á Hilton-hótelinu.

FÓLK 46

### Kemur ekki aftur



Svíinn Alexander Steen mun ekki leika með Fram í Landsbankadeildinni næsta sumar. Hann hefur ákveðið að gerast fasteignasali í Svíþjóð.

ÍÞRÓTTIR 50

### SIRKUS

Katrín Brynja Hermannsdóttir þula hlakkar til að kynnast nýju þulunum en hún er í fæðingarorlofi um þessar mundir.

SIRKUS FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




## VEÐRIÐ Í DAG




**VÍÐA VÆTA** Í dag verða yfirleitt suðvestlægar áttir, 5-13 m/s, hvassast austan til. Einhver væta í flestum landshlutum. Hiti 5-12 stig, svalast á Vestfjörðum.

VEÐUR 4






# Ævintýralegur listaverkafundur eftir áralanga leit

**Fundnar eru skissur, kolateikningar og olíumálverk sem talið var að hefðu glatast þegar Þorvaldur Skúlason málari flúði Frakkland undan nasistum. Finnandinn er Jónas Freydal. Verkin verða vart metin til fjár.**

**MENNING** Um hundrað smámyndir og skissur auk tveggja olíumálverka eftir Þorvald Skúlason (1906-1984) listmálara eru komin í leitirnar. Fundurinn skýrir eyðu í höfundarverki Þorvaldar og verður vart metinn til fjár.

Það var Jónas Freydal athafnamaður sem fann verkin í Frakklandi eftir margra ára leit. Jónas er þekktastur innan listaheimsins fyrir að hafa verið annar sakborninga í stóra málverkafölsunarmálinu, en hann var sýknaður í öllum liðum málsins í Hæstarétti.

Verkin eru frá örlagaríkum dögum Þorvaldar í París og Tours í Frakklandi vorið 1939 til síðsumars 1940 en þá flúði hann undan þýska innrásarliðinu ásamt eiginkonu sinni og dóttur og skildi allar eigur sínar eftir. Fram til þessa hafa verkin verið talin glötuð fyrir utan eitt olíumálverk sem dr. Gunnlaugi Þórðarsyni tókst að hafa upp á í Tours fyrir mörgum árum.

Jónas hefur haft uppi spurnir í Tours í rúman áratug og fann loks möppu með verkum Þorvaldar hjá erfingjum Erlings Friis listmálara. Í möppunni var meðal annars fjöldi sjálfsmynda Þorvaldar. Þar var einnig að finna ljósmyndir frá þessum tíma og tvö olíuverk. Friis sýndi fjögur verkanna í Randers árið 1990 en þau tíðindi bárust ekki til Íslands.

Nánar verður fjallað um leitina og fundinn í Menningu, fylgiriti Fréttablaðsins, á sunnudag. - pbb



**ÞJÓÐARARFURINN** Á bókasafni Bessastaða er geymt eiginhandarrit Jónasar Hallgrímssonar, sem Jón Helgason, prófessor og skáld, færði Ásgeiri Ásgeirssyni forseta að gjöf árið 1957. Ritið komst þá aftur á heimaslóðir, en það var skrifað í Bessastaðaskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, á degi íslenskrar tungu:

# Ljóð Jónasar mótuðu þjóðina

**TÍMAMÓT** Tvö hundruð ár eru í dag liðin frá fæðingu þjóðskáldsins Jónasar Hallgrímssonar. Hvaða gildi hefur Jónas Hallgrímsson á 21. öldinni? Þessi spurning var lögð fyrir sjö Íslendinga. Hér á eftir fer svar forseta Íslands:

Jónas er samferðamaður okkar allra, samofinn sjálfsvitund Íslendinga, ástinni á landinu og móðurmáli.

Það Ísland sem býr í hjörtum okkar er mótað af ljóðum Jónasar, andinn úr hendingunum meitlar svörin þegar spurt er um rætur þjóðarinnar. Kvæðin hafa fylgt sérhverri kynslóð, lesin og sungin á hátíðum og góðum stundum; einföld og tær eins og fjallalind.

Öll fallegu orðin sem Jónas smíðaði á örlagatímum tungumálsins – aðdráttarafl og ljósvaki, sporbaugur og rafurmagn, hitabelti og staðvindur og mörg fleiri – ættu að verða okkur örvun í umræðum um framtíð íslenskrar tungu.

Jónas hafði ríkan vilja og getu til að orða nýja hugsun á íslensku, lýsa nýrri tækni, fræðum og vísindum; öllum mannanna verkum og veröldinni. Í umróti nýrrar aldar mun það fordæmi ásamt kvæðum Jónasar og sögum reynast haldgott veganesti.

Verk hans eru hvorki bundin stað né stund, einni öld annarri fremur.

Jónas er og verður sígildur; sveitadrengur úr Öxnadal sem varð heimsmaður í skáldskapnum; skólapiltur frá Bessastöðum sem í Kaupmannahöfn orti sóknaranda í sjálfstæðisbaráttu fátækrar þjóðar, einn helsti landvinningamaður íslenskrar tungu.

Ólafur Ragnar Grímsson / sjá síðu 18

Bitruvirkjun til athugunar:

## Margar þungar athugasemdir

**ORKA** Orkuveitunni bárust „mjög margar, þungar og afgerandi" athugasemdir vegna Bitruvirkjunar og fer nú yfir þær, segir Svandís Svavarsdóttir, formaður stýrihóps um málefni REI og Orkuveitunnar.

Fyrirtækið hafi ávallt sett fyrirvara um niðurstöðu umhverfismatsins. „Og við tökum ákvörðun eftir því," segir hún.

Bæjarstjóri Ölfuss hafi ekki úrslitavald um hvort af virkjuninni verður og þess háttar einhliða áform séu „út í bláinn".

- kóþ / sjá síðu 6

Kryddframleiðsla í Skerjafirði:

## Skerjaver hætt

**MATUR Verslunin Skerjaver í Skerjafirði hefur hætt starfsemi. Síðastliðin ár hafa hjónin Stefán Halldórsson og Hjördís Andrésdóttir setið við búðarborðið. Þau hafa nú hætt búðarrekstri og hafið kryddframleiðslu í húsnæði Skerjavers.**

**Stefán segir vissulega eftirsjá að búðinni en mörg spennandi tækifæri séu fram undan.**

- nánar á forsíðu Allt í miðju blaðsins.




## SPURNING DAGSINS



*Grétar, hver er sætasti þingmaðurinn?*

„Ég er á þeirri skoðun að það sé ég en hins vegar mældist lítill blóðsykur í mér.“

Alþingismenn og starfsmenn Alþingis fóru í sykurmælingu á miðvikudag og létu mæla blóðsykur sinn. Grétar Mar Jónsson er þingmaður Frjálslynda flokksins.

Rætt um að veita borgarstjóra umboð fyrir eigendafund Orkuveitunnar í dag:

# Stýrihópur færist nær lausn

**ORKUMÁL** Lagt var til að Dagur B. Eggertsson borgarstjóri fengi umboð til að staðfesta ákvarðanir stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur (OR) á eigendafundi Orkuveitunnar á fundi borgarráðs í gær. Eigendafundurinn fer fram í dag.

Um er að ræða þá ákvörðun borgarráðs og síðar stjórnar OR að hafna samruna Reykjavik Energy Invest (REI) og Geysis Green Energy (GGE). Borgarráð frestaði tillögunni, en hún verður rædd á aukafundi ráðsins í dag.

Svandís Svavarsdóttir, formaður stýrihóps sem kannað hefur samruna REI og GGE, segir að borgarstjóri muni fara með fyrir fram skilgreint umboð inn á eigendafund OR í dag.

Í bókun Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, oddvita Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn, óskar hann eftir því að „tillaga um niðurstöðu í REI/GGE málum, sem lögð hefur verið fyrir stýrihóp um málefni OR“, verði lögð fram á aukafundi borgarráðs í dag.

Svandís segir enga slíka tillögu fram komna, þó stýrihópurinn sé vonandi að færast nær lausn. Hún gerir ekki ráð fyrir því að slík niðurstaða náist á fundum í dag.



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Til stendur að veita borgarstjóra umboð til að leita sátta í dómsmáli sem Svandís höfðaði til að ógilda eigendafund OR. Svandís segir að með nýjum eigendafundi og ógildingu ákvarðana fyrri fundar sé dómsmálið óþarft.

Þá verður borgarstjóra falið að beita sér fyrir viðræðum ríkis, sveitarfélaga og meðeigenda í Hitaveitu Suðurnesja til að tryggja að auðlindir og almenningsveitur verði í eigu almennings. **- bj**

Stúlka kærir nauðgun:

# Lögregla leitar að nauðgara

**LÖGREGLUMÁL** Rúmlega tvítug stúlka kærði í gær nauðgun til kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá var stúlkan, sem er rúmlega tvítug, á leið heim af skemmtistað aðfaranótt laugardagsins þegar maður réðst að henni í Grófinni í Reykjavík og nauðgaði henni. Hún hlaut nokkra áverka við ofbeldið. Hún hefur gefið nokkuð greinargóða lýsingu á gerandanum, sem lögreglan leitar nú. Meðal annars er verið að fara í gegnum gögn úr eftirlitsmyndavélum á svæðinu. **- jss**

Bók Óttars M. Norðfjörð:

# Hnífurinn á hvíta tjaldið

**FÓLK** Framleiðslufyrirtækið Zik Zak hefur keypt kvikmyndaréttinn að fyrstu glæpasögu Óttars M. Norðfjörð, „Hnífur Abrahams“, sem kom út í byrjun mánaðarins. Söguvið bókarinnar er New York og myndin verður að líkindum á ensku. „Við höfum fulla trú á því að kvikmyndin verði einn af sumarsmellum kvikmyndahúsanna innan nokkurra ára,“ segir Þórir Snær Sigurjónsson, framleiðandi hjá Zik Zak. Myndin er fyrst og fremst ætluð fyrir erlendan markað. **- sók/** **sjá síðu 58**



**ÍBÚÐARHÚSNÆÐI** Fasteignagjöld og lóðaleiga verða óbreytt á næsta ári.

Óbreytt gjöld í Reykjavík:

# Útsvarið áfram í hámarki

**REYKJAVÍK Útsvar, holræsagjald og fasteignagjöld verða óbreytt í Reykjavík á næsta ári. Tillaga Dags B. Eggertssonar borgarstjóra þessa efnis var samþykkt í borgarráði í gær, og vísað til lokaafgreiðslu borgarstjórnar.**

**Útsvarið verður áfram það hæsta sem heimilt er, 13,03 prósent. Holræsagjaldið verður 0,105 prósent eins og verið hefur.**

**Lóðaleiga fyrir íbúðarhúsnæði verður áfram 0,08 prósent af fasteignamatsverði, en lóðaleiga fyrir verslunar- og iðnaðarhúsnæði verður 1 prósent. Fasteignagjöld á íbúðarhús verða áfram 0,225 prósent og önnur fasteignagjöld 1,32 prósent.** **- bj**

# Ekki samið nema stjórnvöld gefi eftir

**Samtök atvinnulífsins krefjast breytinga á samkomulagi ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans um verðbólgumarkmið í komandi kjarasamningum. Óskiljanlegt að mönnum detti í hug að verkalýðshreyfingin samþykki þetta, segir ASÍ.**

**VINNUMARKAÐUR** Til þess að hægt sé að ætlast til þess að fyrirtækin beri þann launakostnað sem atvinnulífið hefur tekið á sig og mun taka á sig er nauðsynlegt að breyta samkomulagi ríkisstjórnarinnar við Seðlabanka Íslands um verðbólgumarkmið, segir Vilhjálmur Egilsson, formaður Samtaka atvinnulífsins (SA).

Það hefur lengi verið krafa samtakanna að þessu fyrirkomulagi verði breytt og hafa samtökin sagt hátt vaxtastig standa atvinnulífinu fyrir þrifum. Nú setja þau þessa kröfu sína fram í tengslum við komandi kjarasamninga.

„Stemningin hér [innan SA] er sú að það verði ekki samið nema þetta sé komið í lag,“ segir Vilhjálmur. Spurður hvort það muni setja kjarasamninga í uppnám bregðist stjórnvöld ekki við þessum óskum segir Vilhjálmur að það myndi setja „verulegt strik í reikninginn“ fyrir SA.

„Seðlabankinn hefur verið að reiða mjög hátt til höggs á mjög veikum grunni,“ segir Vilhjálmur. „Við sjáum ekki að vaxtatækið hafi áhrif á verðbólguna, en ofbeiting þess hefur valdið miklum skaða í atvinnulífinu.“

Hann tekur fram að ekki hafi verið tekin endanleg ákvörðun innan SA um að gera þessar kröfur, en eins og staðan sé í dag sé afar líklegt að það verði.

SA sendu forsætisráðherra tvö bréf með svipuðum óskum í sumar, en Vilhjálmur segir ekkert hafa gerst í kjölfar þeirra og viðbrögð Seðlabankans verið afar neikvæð.



**ATVINNULÍFIÐ** Krafa SA mun leiða af sér gengisfellingu og verðbólgu sem verkalýðshreyfingin getur ekki sætt sig við, segir framkvæmdastjóri ASÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



VILHJÁLMUR EGILSSON



GYLFI ARNBJÖRNSSON

> Ég sé ekki hvernig mönnum dettur í hug að Alþýðusambandið eða verkalýðshreyfingin muni samþykkja þetta.
>
> GYLFI ARNBJÖRNSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI ASÍ

„Ég sé ekki hvernig mönnum dettur í hug að Alþýðusambandið eða verkalýðshreyfingin muni samþykkja þetta,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, sem sagðist í gær ekki hafa heyrt af þessum kröfum SA.

Hann segir þessa kröfu atvinnurekenda um verðbólgumarkmiðið leiða af sér vaxtalækkun, sem aftur muni leiða af sér gengisfellingu með tilheyrandi verðbólgu í kjölfarið. Sér sé fyrirmunað að átta sig á því hvernig verkalýðshreyfingin eigi að sætta sig við þetta nema launahækkanir vegi upp á móti þessu.

brjann@frettabladid.is



**RÁÐIÐ HEILT** Börn jafnt sem foreldrar tóku segulspjöldunum fagnandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Verkefnið Verndum börnin:

# Geir og biskup gáfu heilræði

**BÖRN Geir H. Haarde forsætisráðherra afhenti í gær börnum í Leikskólanum Laufásborg í Reykjavík og forráðamönnum þeirra segulspjald með tíu heilræðum, undir yfirskriftinni Verndum bernskuna. Karl Sigurbjörnsson biskup var viðstaddur og liðsinnti forsætisráðherra við útdeilinguna.**

**Stefnt er að því að gefa foreldrum eða forsjármönnum allra leikskólabarna segulspjöld með heilræðum á næstunni.** **- sh**

Kennarar á Seltjarnarnesi:

# Fá fartölvur og nettengingu

**SELTJARNARNES** Bæjarstjórn Seltjarnarness hefur ákveðið að kennarar og ófaglært starfsfólk sem sinnir kennslu í leik-, grunn- og tónlistarskólum í bænum fái fartölvu og háhraða nettengingu.

Í tilkynningu frá bænum segir að notkun tölva í skólastarfi hafi vaxið gríðarlega á undanförnum árum.

Þar segir enn fremur að rík áhersla sé lögð á nýtingu upplýsingatækni í bæjarfélaginu; skjávarpar og smarttöflur séu staðalbúnaður í stofum. Markmiðið sé að auðvelda kennurum faglega vinnu heima og að heiman. **- bj**




Ræða hefði átt samning við Björgólf Guðmundsson í stjórn RÚV segir fulltrúi VG:

# Auðmaður skapar sér aðstöðu

**FJÖLMIÐLAR** Ræða hefði átt samning Ríkisútvarpsins við Björgólf Guðmundsson um styrki við innlenda dagskrárgerð í stjórn RÚV áður en hann var undirritaður, segir Svanhildur Kaaber, fulltrúi Vinstri grænna í stjórn RÚV.

Málið verður á dagskrá stjórnarfundar í dag og mun Páll Magnússon útvarpsstjóri kynna samninginn. Svanhildur segir það óeðlilegt að stjórnarmenn hafi ekki fengið upplýsingar um samninginn fyrr.

„Ég hef mjög miklar efasemdir um þetta samkomulag,“ segir Svanhildur. Hún tekur fram að hún hafi ekki fengið að sjá samninginn en byggi skoðun sína að svo komnu máli á því sem komið hafi fram í fjölmiðlum. „Ég tel hættu á að hér sé auðmaðurinn að skapa sér aðstöðu innan Ríkisútvarpsins, en ég endurtek að ég hef ekki séð þetta samkomulag,“ segir Svanhildur.

„Ég hef mjög miklar efasemdir um það að einn auðmaður eða eitt fyrirtæki leggi fram svo mikið fé. Ég veit að það er sagt að þetta eigi ekki að hafa áhrif á dagskrá og að það hefur verið sagt að það fari ekki króna af þessu til Sjónvarpsins, en ég hef samt efasemdir,“ segir Svanhildur.

Ekki náðist í Ómar Benediktsson, formann stjórnar RÚV, við vinnslu fréttarinnar í gær. **- bj**



**RÍKISÚTVARPIÐ** Vika er síðan samningur Ríkisútvarpsins við Björgólf Guðmundsson var kynntur. Í honum felst að Björgólfur mun jafna þá upphæð sem RÚV ver til leikins íslensks sjónvarpsefnis á næstu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# *Við óskum Íslendingum til hamingju með daginn*

## *Nýtt veggspjald og ljóðavefur – www.jonas.ms.is*

Í tilefni af því að 200 ár eru liðin frá fæðingu Jónasar Hallgrímssonar heiðrar Mjólkursamsalan, í samstarfi við Hvíta húsið, minningu hans með útgáfu á nýju veggspjaldi og vef með íslenskum náttúruljóðum. Vefurinn er byggður þannig upp að 816 náttúrumyndir mynda andlit Jónasar og vísar hver mynd í atriðisorð úr ljóði sem tengist myndefninu.

Þessi nýi vefur er langviðamesta safn íslenskra náttúruljóða sem nokkru sinni hefur verið tekið saman. Um leið markar hann tímamót í því hvernig hægt er að nálgast fróðleik um íslenskar bókmenntir og náttúru á lifandi og myndrænan hátt.

ÍSLENSKA ER OKKAR MÁL

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 07-1678

**GENGIÐ 15.11.2007**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 60,45 | 60,73 |
| Sterlingspund | 123,65 | 124,25 |
| Evra | 88,33 | 88,83 |
| Dönsk króna | 11,85 | 11,92 |
| Norsk króna | 11,072 | 11,138 |
| Sænsk króna | 9,542 | 9,598 |
| Japanskt jen | 0,5466 | 0,5498 |
| SDR | 95,61 | 96,17 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
117,2779

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skuldari hvetur Reykvíkinga til að mótmæla dýrri innheimtu einkafyrirtækja:

# Samdi framhjá lögfræðingum

**REYKJAVÍK** „Þessir lögfræðingar komast bara upp með þetta því það þorir enginn að mótmæla," segir Elías Rúnar Sveinsson, skuldarinn sem í blaðinu í gær vakti athygli á miklum kostnaði við innheimtu vangoldinna fasteignagjalda.

Elías samdi að lokum við borgina um að með því að greiða samdægurs fengi hann að komast hjá innheimtukostnaði.

„Þetta var alls sextíu þúsund króna skuld sem lögfræðingarnir voru búnir að hækka í hundrað þúsund krónur með öllum þessum bréfum," segir Elías. Hann samdi um að greiða 69.000 krónur beint til borgarinnar.

„Það er alltaf samningsmöguleiki, til dæmis ef fólk greiðir upp skuldir sínar samdægurs," segir Helgi Þór Jónasson, innheimtustjóri fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Betra sé að fá gjöldin strax en að bíða og auka kostnað.

Elías sá fram á að þurfa að greiða um 55 prósentum meira í fasteignagjöld en hann skuldaði, að mestu vegna innheimtukostnaðar einkafyrirtækis.

Upphæðin sem hann samdi um er hins vegar svipuð þeirri og hann hefði greitt Tollstjóranum, sem áður sá um innheimtu fasteignagjalda fyrir borgina, með höfuðstóli og dráttarvöxtum. **- kóþ**



**Í BANKANUM** Með því að semja beint við lánardrottin má komast hjá því að greiða innheimtukostnað einkafyrirtækja, í það minnsta í sumum tilfellum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Spænsk-venesúelsk deila:

## Reynt að bera klæði á vopnin

**SPÁNN, AP** Spænsk stjórnvöld freistuðu þess í gær að binda enda á harða deilu við valdhafa í Venesúela, sem upphófst með reiðilegum orðaskiptum á leiðtogafundi spænskumælandi ríkja um síðustu helgi. Þá sagði Spánarkonungur Hugo Chavez Venesúelaforseta að „halda kjafti".

Spænski utanríkisráðherrann Miguel Angel Moratinos sagði að „færri stóryrða og meiri athafna" væri þörf til að draga úr spennu. Áður hafði Chavez sagt í hótunartón að hann fylgdist grannt með athöfnum spænskra fyrirtækja í landi sínu. **- aa**

Kjarnorkumál Írans:

## Gagnrýni í skýrslu IAEA

**VÍN, AP** Í nýrri skýrslu Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, IAEA, um kjarnorkumál Írans, segir að írönsk stjórnvöld hafi að mestu verið samvinnuþýð varðandi upplýsingagjöf. Þó er varað við því að vitneskja stofnunarinnar um framvindu áætlunarinnar sé að minnka.

Stofnunin staðfestir jafnframt að Íransstjórn þverskallist enn við að fara að kröfu öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um að hætta auðgun úrans. SÞ-erindreki sagði skýrsluna vera „hálffullt eða hálftómt glas". **- aa**



**FILIPPUS KRÓNPRINS** Flæmskir aðskilnaðarsinnar gerðu hróp að honum í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnarkreppan í Belgíu:

## Aðskilnaðaróp á konungsdegi

**BELGÍA, AP Þegar 158 dagar eru liðnir frá þingkosningum án þess að hilli undir að takist að mynda nýja ríkisstjórn gerast kröfur æ háværari um aðskilnað flæmsku- og frönskumælandi hluta Belgíu, Flandurs og Vallóníu.**

**Þegar Filippus krónprins gekk upp tröppurnar á dómkirkjunni í Brussel í gær til að mæta í hátíðarguðsþjónustu í tilefni af konungsdeginum stukku flæmskir aðskilnaðarsinnar að honum og hrópuðu „Niður með Belgíu!".** **- aa**

# ÍA-menn brutu reglur með balli á Akranesi

**Knattspyrnufélagið ÍA braut reglur Akraneskaupstaðar með því að veita vín á almennum dansleik í íþróttahúsi bæjarins. Formaður ÍA segir félagið leita út fyrir bæinn með lokahóf sín fáist ekki áframhaldandi leyfi fyrir samkomunum.**





**LOKAHÓF ÍA AUGLÝST** Knattspyrnumenn á Akranesi máttu ekki halda almennan dansleik með vínveitingum á Jaðarsbökkum.



**GÍSLI S. EINARSSON**



**GÍSLI GÍSLASON**

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjarfulltrúar á Akranesi segja forsvarsmenn knattspyrnufélagsins ÍA hafa brotið reglur bæjarins með því að halda almennan dansleik með vínveitingum í íþróttahúsinu á Jaðarsbökkum.

Árleg uppskeruhátíð knattspyrnudeilda ÍA var haldin á Jaðarsbökkum 6. október síðastliðinn. Selt var í mat og á dansleik og voru vínveitingar í boði. Í samþykkt bæjarstjórnar er kveðið á um að öll notkun íþróttamannvirkja til almenns dansleikjahalds þar sem áfengi sé haft um hönd sé bönnuð.

„Auglýsingar varðandi umrædda hátíð fóru í bága við reglur og framkvæmdin einnig þar sem framkvæmdin var sem um almennan dansleik væri að ræða," segir Gísli S. Einarsson bæjarstjóri í bréfi sem hann ritaði rekstrarfélagi ÍA með óskum um skýringar.

Formaður Rekstrarfélags Knattspyrnufélags ÍA er fyrrverandi bæjarstjóri á Akranesi, Gísli Gíslason. Í svari til bæjarstjórans segir formaðurinn að þegar ÍA hafi sótt um leyfi fyrir lokahófinu hafi verið fullljóst með hvað hætti það yrði haldið. Bæjarráði hefði verið í lófa lagið að hafna erindinu teldi það reglur mundu verða brotnar.

Gísli Gíslason segist ekki efast um staðfestu og vilja Akraneskaupstaðar að berjast gegn áfengisnotkun með því að banna almennt dansleikjahald í íþróttahúsum en bendir á að slíkt tíðkist í öllum sveitarfélögum sem hann þekki til. Það sé „lágmarks kurteisi" af hálfu ÍA að halda lokahóf með þeim hætti að leikmenn og stuðningsmenn geti fagnað góðum árangri saman. Engin hús á Akranesi dugi undir samkomu af þeirri stærðargráðu nema íþróttahúsin sem fáist afnot af með velvilja bæjaryfirvalda:

„Án þess velvilja er um tvennt að ræða: Annað hvort halda mun minni samkomu fyrir leikmenn, stjórn og fáa útvalda velunnara eða halda lokahófið í Borgarnesi, Mosfellsbæ eða Reykjavík," segir formaður ÍA sem telur þó hvorugan þessara kosta góðan. Hann vilji sátt um að lokahófið fari að ári fram á sama hátt og verið hefur.

„Má eflaust velta vöngum yfir gildi þeirrar stefnu að beina ungu fólki almennt til nágrannasveitarfélaganna eða höfuðborgarinnar í leit að dansleik eða skemmtun á meðan blandaðar samkomur ungs fólks og þeirra sem eldri eru ganga prýðilega fyrir sig annars staðar," segir Gísli Gíslason.

gar@frettabladid.is



**NESJASKÓLI** Seldur ef viðunandi boð fæst.

Ríkiskaup óska tilboða:

## Selja Nesjaskóla við Hornafjörð

**FASTEIGNIR Ríkiskaup hafa nú sett á sölu fasteignir fyrrverandi grunnskólans í Nesjum við Hornafjörð. Heildarflatarmál bygginganna er 2.492 fermetrar.**

**„Um er að ræða einbýlishús, heimavistarskólahúsnæði, kennslustofur, mötuneyti, fjórar íbúðir og geymslur", segir á vefsetri Ríkiskaupa, þar sem óskað er eftir tilboðum í Nesjaskóla fyrir klukkan tíu hinn 11. desember næstkomandi. Þess má geta að 7.700 fermetra leigulóð fylgir með Nesjaskóla. Fasteignamat skólans er 54 milljónir króna en brunabótamatið sexfalt hærra, eða 325 milljónir.** **- gar**

Menningarráð Vestfjarða:

## Sótt var um 104 menningarstyrki

**MENNING** Menningarráði Vestfjarða bárust 104 umsóknir um styrki úr menningarsjóði ráðsins, en umsóknarfrestur rann út snemma í nóvembermánuði. Umsóknir voru fjölbreyttar, sem er að mati ráðsins til marks um grósku í uppbyggingu og þróun vestfirsks menningarlífs.

Sótt var um styrki að upphæð 72,5 milljón króna sem er umtalsvert meira en sjóðurinn hefur úr að spila. Menningarráð hefur hafist handa við að skoða umsóknir og mun niðurstöðu að vænta um næstu mánaðamót. **- shá**





## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VONSKUVEÐUR Á MORGUN**

**Veðurhorfurnar fyrir Norðaustur- og Austurland eru mjög slæmar eftir hádegi og síðdegis á morgun. Eru horfur á norðan stórviðri með ofankomu, snjókomu eða slyddu og skafrenningi. Má reikna með að síðdegis á morgun verði komnir norðan 20-28 m/s með austurströndinni. Með þessari ofankomu getur orðið kolófært á þessum slóðum. Annars staðar verður ekki alveg eins hvasst.**

**REYKJAVÍK Í DAG**

**Fremur hæg vestlæg átt. Rigning og síðar smáskúrir. Hiti 5-8 stig.**

*um hádegi »*



*» á morgun*



Norðan stormur á Norðaustur- og Austurlandi, annars allhvasst eða hvasst.

*» sunnudagur*



8-15 m/s, hvassast úti við austurströndina.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7°C skýjað | London | 9°C léttskýjað | Friedrichshafen | 1°C skýjað |
| Billund | 8°C skýjað | París | 5°C léttskýjað | Lúxemborg | 2°C léttskýjað |
| Osló | 4°C skýjað | Amsterdam | 9°C skýjað | Alicante | 14°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 4°C skúrir | Frankfurt | 6°C skýjað | Róm | 10°C skúrir |
| Gautaborg | 9°C skýjað | Berlín | 5°C él | Las Palmas | 21°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

www.toyota.is




## Upplifðu **Avensis** í dag

Það getur verið erfitt að einbeita sér að hversdagslegum hlutum þegar maður hefur kynnst **Avensis**. Hugurinn er alltaf fullur af tilhlökkun fyrir næstu ökuferð. Þetta er skemmtilegt vandamál. Ennþá skemmtilegra er að njóta reynslunnar og upplifa útlit bílsins, auk allra þeirra þæginda sem einkenna **Avensis** meira en nokkru sinni fyrr.

**Avensis** verður ekki lýst með orðum.
Komdu og reynsluaktu **Avensis** í dag.

Ps. Ekki gleyma að þú komst á öðrum bíl í reynsluaksturinn.

Verð frá 2.580.000 kr.*

*Verð miðast við Avensis Wagon Sol - 5 dyra.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú verslað í Fríhöfninni í Flugstöð Leifs Eiríkssonar á þessu ári?*

| | |
|---|---|
| Já | 72% |
| Nei | 28% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ertu byrjuð/byrjaður að kaupa jólagjafir?*

Segðu skoðun þína á visir.is. vísir

Svandís Svavarsdóttir telur samning Orkuveitu og Ölfuss vafasaman:

# Skipulag lagað að framkvæmd

**ORKA** „Mér finnst þetta verulega á mörkunum, svo ekki sé fastar að orði kveðið,“ segir Svandís Svavarsdóttir um samning sveitarfélagsins Ölfuss og Orkuveitunnar, sem greint var frá í blaðinu í gær.

Í fundargerð um samninginn, sem fjallar um virkjanir á Hellisheiði og Hengilssvæðinu, skrifaði bæjarstjórnin að svæðið verði „skipulagt af sveitarfélaginu til samræmis við þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru“. Fyrirvari var settur um að byggt skyldi á lögum um mat á umhverfisáhrifum.

„Þetta finnst mér orka tvímælis,“ segir Svandís, sem fer fyrir stýrihópi um málefni REI og Orkuveitunnar. Skipulag eigi ekki að ákveða fyrir fram, eins og þarna virðist vera gert, heldur lúta lögbundnu ferli. Það sem hún hafi heyrt um samninginn virki illa á sig.

Siðareglur Orkuveitunnar þurfi að öllum líkindum að herða. „Og það gefur auga leið að það þarf að skoða með hvaða hætti Orkuveitan kemur fram við sína samningsaðila,“ segir hún en býst við því að þetta verði tekið fyrir í stjórnsýsluúttekt á Orkuveitunni, sem nú stendur yfir.

**- kóþ**



**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR** Í samningnum var meðal annars kveðið á um að Orkuveitan veitti sveitarfélaginu 45 milljónir til að mæta auknu álagi á bæjarstjóra og bæjarstjórn.

Verðsamráð í matvöru:

# Þrír birgjar rannsakaðir

**LÖGREGLUMÁL** Heildsölufyrirtækin Innnes, Ó. Johnson & Kaaber og Íslensk-Ameríska fengu öll heimsókn í gær frá Samkeppniseftirlitinu. Gerð var húsleit hjá fyrirtækjunum vegna meints samráðs um verðlagningu á matvörumarkaði.

„Við erum að blandast að ósekju inn í þetta mál,“ sagði Páll Hilmarsson, markaðsstjóri Innnes, sem kveður húsleitina hafa komið flatt upp á starfsfólk.

Hvorki náðist tal af Ólafi Ó. Johnson, forstjóra Ó. Johnson og Kaaber, né Agli Ágústssyni, framkvæmdastjóra Íslensk-Ameríska.

**- gar**






# Húsleit vel fagnað í Bónus og Krónunni

**Samkeppniseftirlitið gerði í gær húsleit á skrifstofum Haga, Bónuss og Krónunnar í leit að gögnum um hugsanlegt ólöglegt samráð um verð. Forsvarsmenn Bónuss og Krónunnar sögðu húsleitina þátt í rannsókn sem þeir sjálfir hafi hvatt til.**

**LÖGREGLUMÁL** Fulltrúar Samkeppniseftirlitsins með húsleitarheimild frá Héraðsdómi Reykjavíkur og í lögreglufylgd gerðu í gærmorgun húsleit á skrifstofum Haga, þar á meðal Bónuss, og Krónunnar.

„Þetta er sú rannsókn sem við óskuðum eftir að yrði gerð. Þetta er bara það sem þurfti,“ sagði Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, á skrifstofu sinni í Skútuvogi um klukkan ellefu í gærmorgun.

Hálfum öðrum tíma fyrr höfðu starfsmenn samkeppniseftirlitsins mætt á skrifstofuna. Einn þeirra var enn að störfum þegar Fréttablaðið bar að garði en aðrir voru farnir.

„Hér fóru þeir út með hálfan pappakassa af gögnum auk afrita af tölvugögnum. Þetta eru viðskiptasamningar og tölvupóstar,“ sagði Guðmundur.

Starfsmenn eftirlitsins gerðu einnig húsleit á skrifstofum Haga við Hagasmára í Kópavogi.

Eysteinn Helgason, forstjóri Kaupáss sem rekur Krónuna, sagðist taka rannsókn samkeppniseftirlitsins fagnandi. Rætt var við hann laust fyrir klukkan tólf á hádegi í skrifstofum Kaupáss í Húsgagnahöllinni.

Þá voru enn að minnsta kosti þrír starfsmenn samkeppniseftirlitsins á staðnum og einn lögreglumaður.

„Þegar þessi umræða fór í gang og það komu fram rakalausar dylgjur um við höfðum samráð af einhverju tagi við okkar keppinauta og samráð við birgja þá höfnuðum við því og hvöttum til opinberrar rannsóknar. Þetta er partur af þeirri rannsókn,“ sagði Eysteinn sem kvað samkeppniseftirlitið fá allt sem um væri beðið.

„Við höfum lagt áherslu á við okkar starfsmenn að sýna samvinnu með rannsóknarmönnum og láti þá hafa öll gögn sem þeir biðja um,“ sagði Eysteinn sem kvað engin gögn mundu finnast hjá Kaupási um samskipti Bónuss og Krónunnar. „Samskiptin eru engin þannig að það er ekki nein hætta á því,“ sagði hann.

Guðmundur Marteinsson sagðist engar upplýsingar hafa fengið um það hvenær niðurstöðu rannsóknar samkeppniseftirlitsins væri að vænta. Hann væri hins vegar alveg viss um það hver útkoman yrði. „Þetta hefur engin áhrif á Bónus. Við höfum ekkert að fela. Það er bara þannig,“ sagði framkvæmdastjóri Bónuss.

**gar@frettabladid.is**



**EYSTEINN HELGASON** Forstjóri Kaupáss segir fullyrðingar um verðsamráð Krónunnar og Bónuss vera rakalausar dylgjur. Á skrifstofunni aftan við forstjórann eru starfsmenn Samkeppniseftirlitsins í lögreglufylgd að afla gagna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**GUÐMUNDUR MARTEINSSON** Framkvæmdastjóri Bónuss á skrifstofu sinni þar sem starfsmenn samkeppniseftirlitsins lögðu hald á ýmsa pappíra og tölvugögn. Hann segir Bónus ekkert hafa að fela.


# ÞAKKARGJÖRÐAR KALKÚNN Á HÓTEL CABIN



Hin rómaða Þakkargjörðarveisla Hótel Cabin verður haldin dagana 22. og 23. nóvember.

Í hádeginu 22. og 23. nóvember.
Föstudagskvöldið 23. nóvember.

Verð einungis: 1.850 kr
2.550 kr föstudagskvöld

Léttir djazztónar verða leiknir yfir borðhaldi á föstudagskvöldinu.

**Borðapantanir í síma 511 6030**

HOTEL CABIN


Samkeppniseftirlit segist hafa fjölda ábendinga um samráð á matvörumarkaði:

# Margar heimildir um samráð

**LÖGREGLUMÁL** Samkeppniseftirlitið (SE) segir húsleitir í gær hjá fyrirtækjum á matvörumarkaði byggjast á upplýsingum frá einstaklingum og fyrirtækjum. Allmargir hafi brugðist við því þegar SE hvatti í byrjun nóvember þá sem töldu sig hafa upplýsingar um samkeppnislagabrot að koma þeim á framfæri við eftirlitið. Aðrar athuganir á þessum markaði standi einnig yfir.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri SE, segir að í húsleitunum hjá birgjunum þremur hafi ekki einungis verið lagt hald á gögn sem tengjast smásöluverslununum, heldur hafi verið farið í húsleitirnar á grundvelli hugsanlegs samráðs verslana sem og birgja.



**PÁLL GUNNAR PÁLSSON**

Páll Gunnar segir að fjölmiðlaumfjöllun um samráð matvöruverslana fyrir skömmu hafi ekki verið næg forsenda fyrir húsleit. „Okkur hafa hins vegar verið að berast upplýsingar frá einstaklingum og fyrirtækjum síðustu daga í framhaldinu af fjölmiðlaumfjölluninni og þær leiddu til þess að við töldum óhjákvæmilegt að fara í þessar húsleitir.“

Spurður um ummæli framkvæmdastjóra Bónus og forstjóra Kaupáss segir Páll Gunnar að SE fari ekki í húsleitir á grundvelli beiðna frá fyrirtækjum. „Þetta er vel undirbúin athugun sem er farið í að okkar frumkvæði, ekki einhverra annarra, og er sniðin að þeim atriðum sem við teljum nauðsynlegt að skoða.“

í tilkynningu frá eftirlitinu eru fyrirtæki hvött til að koma hreint fram og viðurkenna samráð ef um það er að ræða. Það geti leitt til vægari refsinga.

**- gar/- sh**

# Folaldakjöt

## í kjötborðum Hagkaupa




### Folaldakjöt í kjötborðum

| | | Verð áður |
|---|---|---|
| Folaldasnitzel | 1.498 kr/kg | 1.724,- |
| Folaldagúllas | 1.498 kr/kg | 1.724,- |
| Folaldahakk | 398 kr/kg | 442,- |
| Folaldainnralæri | 1.598 kr/kg | 1.626,- |

**Folaldafille**
úr kjötborði

**TILBOÐ**
**1.998 kr/kg**
Verð áður 2.166,-



Danskur
**hamborgarahryggur**

**TILBOÐ**
**1.499 kr/kg**
Verð áður 2.198,-



**Kjúklingabringur**
frosnar

**GOTT VERÐ**
**1.599 kr/kg**

Jói FEL




**Tilbúið deig**
Skerið niður
og raðið á
bökunarpappír.
Bakist í u.þ.b.
10 mín.




**Fr. Brickoven pizza**
tvær tegundir.

**TILBOÐ**
**499 kr/stk.**
Verð áður 649,-




**Malt og appelsín**
0,5 ltr.

**GOTT VERÐ**
**99 kr/stk.**

10% afsláttur við kassa




**Sýrður rjómi**

Gildir til 18. nóvember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

Sjálfsmyndin skiptir máli. Þú nærð aldrei að uppfylla drauma þína ef þú byrjar að drekka of snemma. Það er töff að segja nei.

Senda







# Íslenska efnahagsundrið?

## Hvernig verður því haldið áfram?

Hádegiserindi Samtaka atvinnulífsins og Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands með einum frægasta hagfræðingi heims, Arthur Laffer, sem Laffer-boginn er kenndur við, í Þjóðmenningarhúsinu föstudaginn 16. nóvember kl. 12.00


Guðmundur Magnússon


Ágúst Ólafur Ágústsson


Árni M. Mathiesen


Arthur Laffer

Hvernig getum við tryggt svo góð lífskjör á Íslandi, að ungt og framtakssamt fólk vilji vera hér um kyrrt?

Hvaða áhrif hafa skattalækkanir á verðmætasköpun þjóðarinnar?

Getur Ísland orðið að fjármálamiðstöð með því að lækka skatta á fyrirtæki?

Geta skatttekjur ríkisins hækkað, þótt skattar lækki?

**Dagskrá:**
Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra: *Setningarávarp*
Prófessor Arthur Laffer: *The Benefits of Tax Cuts*
Prófessor Guðmundur Magnússon: *Umsögn*
Spurningar og svör
Ágúst Ólafur Ágústsson, varaform. Samfylkingarinnar: *Lokaorð*

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Öllum opið – ókeypis aðgangur
Nánari upplýsingar: www.skattamal.is, www.sa.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK · VR · SI · SFF SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA


Verkföll í Frakklandi:

# Samgöngur enn í lamasessi

**FRAKKLAND, AP** Mestöll umferð járnbrautarlesta í Frakklandi var í lamasessi í gær, annan daginn í röð. Útlit var fyrir að verkfallið héldi áfram í dag eftir að starfsmenn jarðlestanna í París samþykktu að halda því áfram.

En útlit var þó fyrir að hlé yrði síðan gert á aðgerðum eftir að Nicolas Sarkozy forseti féllst á tilboð verkalýðsfélaga um viðræður. Sarkozy lýsti því þó yfir um leið að hann myndi ekki bakka með hin umdeildu áform sín um að afnema viss sérréttindi opinberra starfsmanna.

Í Þýskalandi varð einnig mikil truflun á lestarsamgöngum vegna verkfalls lestarstjóra í gær. **- aa**


**ALLT STOPP** Milljónir Frakka áttu í miklum erfiðleikum með að komast í og úr vinnu vegna verkfallsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


**DÓMSTÓLAR** Hægt er að dæma sakborning til refsingar að honum fjarstöddum. Brotin mega þá ekki varða þyngri viðurlögum en sekt, upptöku eigna eða sviptingu ökuréttar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Viðvarandi vandamál

**Talsvert er um að dómarar þurfi að gefa út handtökuskipanir á sakborninga sem mæta ekki fyrir dóm þegar birta á þeim ákærur, segir saksóknari.**

**DÓMSMÁL** „Það er viðvarandi vandamál að sakborningar mæti ekki fyrir dóm þegar á að birta þeim ákærur og þingfesta mál. En það er ekki að færast í vöxt.“

Þetta segir Jón H. B. Snorrason aðstoðarlögreglustjóri og saksóknari hjá lögreglustjóraembættinu á höfuðborgarsvæðinu.

„Stundum eru fleiri mál, heldur en í annan tíma, sem erfiðlega gengur að þingfesta af því að sakborningar mæta ekki,“ útskýrir Jón. „Þar er miklu fremur um sveiflur að ræða heldur en fjölgun.“

Spurður hvaða úrræði séu fyrir hendi til að fá sakborninga til að mæta fyrir dóm segir Jón að í þeim tilvikum gefi dómari út handtökuskipun. Lögreglu sé þá skylt að handtaka viðkomandi og færa hann í dómsal.

„Það er talsvert um að dómari grípi til þessa ráðs,“ segir Jón.

Hann bætir við að þegar um minni háttar afbrot sé að ræða sé hægt að dæma í máli sakborn-


**JÓN H. B. SNORRASON**

ings að honum fjarstöddum. Þá gangi svokallaður útivistardómur.

„Hafi manni verið birt fyrirkall um það að búið sé að gefa út ákæru, hann eigi að mæta fyrir dóm og dómari telur fyrirliggjandi gögn í málinu nægjanleg, þá getur dómari dæmt manninn, þótt hann hafi aldrei komið fyrir dóminn. En brotin mega þá ekki varða þyngri viðurlögum en sekt, upptöku eigna eða sviptingu ökuréttar.“ **- jss**

Orka á Norðausturlandi:

# Fimm nýjar holur boraðar

**ORKUMÁL** Landsvirkjun og Þeistareykir ehf. hafa samið við Jarðboranir hf. um að bora fimm nýjar rannsóknarholur á Norðausturlandi á næsta ári. Boranirnar munu hefjast í janúar og verður borað á Kröflusvæðinu, í Bjarnarflagi og Gjástykki fyrir Landsvirkjun. Fyrir Þeistareyki verður boruð rannsóknarhola á jarðhitasvæðinu við Þeistareyki.

Gert er ráð fyrir að holurnar verði allar stefnuboraðar og hver um sig verður um 2.300 metrar að dýpt. Boranirnar eru liður í könnun á stærð þessara jarðhitasvæða og miða að orkuöflun fyrir mögulega stóriðju við Húsavík.

Stefnt er að því að hefja sölu á rafmagni frá háhitasvæðum á Norðausturlandi 2012-2015, segir í tilkynningu frá fyrirtækjunum. **- ghs**


**ÞEISTAREYKIR** Rannsóknarhola verður boruð á jarðhitasvæðinu við Þeistareyki á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN

# 30-80% afsláttur af nýjum bókum um helgina




Almennt verð: 4.790 kr.
Tilboðsverð: **3.290 kr.**




Almennt verð: 2.690 kr.
Tilboðsverð: **1.880 kr.**




Almennt verð: 4.680 kr.
Tilboðsverð: **3.270 kr.**




Almennt verð: 4.690 kr.
Tilboðsverð: **3.280 kr.**




Almennt verð: 4.680 kr.
Tilboðsverð: **3.270 kr.**




Almennt verð: 4.980 kr.
Tilboðsverð: **3.480 kr.**




Almennt verð: 2.990 kr.
Tilboðsverð: **1.740 kr.**




Almennt verð: 4.490 kr.
Tilboðsverð: **2.900 kr.**




Almennt verð: 2.990 kr.
Tilboðsverð: **2.090 kr.**




Almennt verð: 4.490 kr.
Tilboðsverð: **3.140 kr.**




Almennt verð: 4.490 kr.
Tilboðsverð: **3.140 kr.**




Almennt verð: 2.490 kr.
Tilboðsverð: **490 kr.**

Skiptimiðinn
Eymundsson

*Allar bækur í Eymundsson eru með skiptimiða þannig að hægt er að skipta jólagjöfunum til 10. janúar 2008.*

**Tilboðið gildir til og með 18. nóvember 2007**

eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Erlendar skuldir hafa tvöfaldast:

# Heimilin í vanda

**VIÐSKIPTI** „Snörp lækkun á gengi krónunnar myndi koma illa við íslensk heimili,“ segir í Vefriti fjármálaráðuneytisins um skuldastöðu íslenskra heimila. Þau skulda nú 108 milljarða króna í útlöndum, samkvæmt tölum Seðlabankans fyrir fyrstu níu mánuði ársins og hefur skuldin næstum því tvöfaldast frá sama tíma í fyrra.



Greining Glitnis gerði í október ráð fyrir því að gengi krónunnar lækkaði um tíu prósent næsta árið, áður en það færi að hækka á ný.

Fjármálaráðuneytið segir í vefritinu að næmi heimilanna fyrir svona breytingum sé nokkuð. „Bæði vegna þess að afborganir af erlendum lánum í krónum hækka en einnig vegna þess að gengislækkun er líklega til að auka verðbólgu sem hækkar afborganir og höfuðstól verðtryggðra lána.“ Íbúðalán heimilanna nema nú tæpum 460 milljörðum króna.

**- ikh**



**HELGUVÍK** Tölvuteiknuð mynd af fyrirhuguðu álveri Norðuráls í Helguvík.

# Blikur á lofti vegna álvers

**Stýrihópur um framtíðarstefnu Orkuveitu Reykjavíkur hefur ekki rætt orkusölu til nýs álvers í Helguvík. Mun sjást í ákvörðunum að það eru grænni áherslur í borginni segir Svandís Svavarsdóttir.**

**ORKUMÁL** Sala á orku til fyrirhugaðs álvers Norðuráls í Helguvík hefur ekki verið rædd í stýrihópi sem fjallar nú um stefnumörkun Orkuveitu Reykjavíkur. Svandís Svavarsdóttir, formaður hópsins, segir að nýi meirihlutinn þurfi að taka pólitíska ákvörðun um orkusölu.

„Það eru margar blikur á lofti þarna,“ segir Svandís. „Það mun sjást í ákvörðunum í kringum þessa hluti að það eru grænni áherslur hjá borginni núna en voru áður.“

Fara þarf yfir alla samninga sem OR hefur gert, og kanna hvað eru bindandi samningar og hvað eru viljayfirlýsingar, segir Svandís. Borgarstjóri vinnur nú í því að afla upplýsinga um samningana.

Svandís segir sínar upplýsingar herma að það sé hæpið að Hitaveita Suðurnesja geti staðið við samninga um orkusölu til fyrirhugaðs álvers.

„Mín persónulega vinstri-græna skoðun er sú að það eigi að hlífa náttúrunni, og það sé nóg komið af ágangi á hana. Mín persónulega og pólitíska skoðun er sú að það eigi að stoppa stóriðjuuppbygginguna,“ segir Svandís.

Spurð hvort þessi viðhorf séu líkleg til að verða ofan á í meirihlutasamstarfi fjögurra flokka í borgarstjórn segir hún þessar áherslur í takt við það sem sífellt fleiri vilji. Borgarfulltrúar hlusti á almenning í þessu máli.

Landsvirkjun hefur þegar ákveðið að orka frá fyrirhuguðum virkjunum í Þjórsá verði ekki seld til nýrra álvera á Suður- og Vesturlandi.

**brjann@frettabladid.is**

Dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi:

# Misnotaði þrjár frænkur sínar

**DÓMSMÁL** Karlmaður var dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær fyrir kynferðisbrot gagnvart sex stúlkum, á aldrinum fjögurra til fjórtán ára. Þrjár þeirra eru frænkur mannsins.

Brot mannsins ná aftur til ársins 1988, en þá misnotaði hann fjögurra ára gamla frænku sína. Á sex ára tímabili, frá 1988 til 1994, misnotaði hann telpuna ítrekað á heimili móður sinnar þar sem hann bjó á tímabili og svo aftur á sínu eigin heimili. Telpan var í pössun á heimili móður ákærða í einhverjum tilfellum.

Maðurinn gerðist sekur um mjög grófa misnotkun og lét stúlkuna meðal annars hafa við sig munnmök. Á árunum 1993 til 1994 misnotaði hann á grófan hátt aðra frænku sína sem þá var sex ára.

Maðurinn nýtti tengsl sín við bróðurdóttur sína á árunum 2005 til 2006 og fékk hana og þrjár vinkonur hennar til að taka þátt í kynlífsathöfnum á heimili sínu, en stúlkurnar voru þá þrettán og fjórtán ára. Eitt atvikið átti sér stað í bakgarði húss í Reykjavík. Misnotkunin byrjaði árið 2005 þegar hann fékk frænku sína og vinkonu til að skrifa með penna á kynfæri sín.

Maðurinn gaf stúlkunum ítrekað áfengi og sígarettur og bauð þeim peninga fyrir grófar kynlífsathafnir. Hann hringdi margsinnis í stúlkurnar og bauð þeim í heimsókn til sín og svo ágengur gerðist maðurinn að hluti þeirra skipti um símanúmer.

Auk fangelsisdómsins var manninum dæmdur til að greiða stúlkunum tæpar þrjár milljónir króna í skaðabætur, sem skiptist á milli þeirra eftir alvarleika brotanna. Þá var manninum gert að standa straum af sakarkostnaði vegna málsins, sem var rúmar tvær milljónir króna.

**aegir@frettabladid.is**




Helgartilboð til Færeyja í vetur

frá krónum 28.520,- Flug og gisting frá föstudegi til mánudags

Tilboðið gildir frá 26. okt. 2007 – 31. mar. 2008.
Verð með sköttum.



Hotel Føroyar ****
krónur 36.167,-
Gisting í tveggjamanna herbergi m / morgunmat.
Verð pr. per.



Farfuglaheimilið Kerjalon
krónur 28.520,-
Gisting í tveggjamanna herbergi uppábúið án / morgunmat. Verð pr. per.



Hotel Tórshavn ***
krónur 34.270,-
Gisting í tveggjamanna herbergi m / morgunmat.
Verð pr. per.

ATLANTIC AIRWAYS
sími: 482 2426 . davidsam@eyjar.is . www.faereyjaferdir.is






Franskt salamí
álegg eða smáréttur

Franskt salamí er bragðmikil en sérlega ljúffeng pylsa sem hentar vel sem smáréttur til dæmis með ostum, niðurskorin í nettar sneiðar, annaðhvort ein og sér eða í félagi við annað góðgæti. Franskt salamí frá SS er gott sem álegg á brauð en líka til matargerðar og frábær í ýmsa pastarétti.



VEISLA Í HEILA ÖLD
1907 SS 2007
www.ss.is

Fíton ehf. / SÍA

Langt og dýrt er fyrir austfirsku skipin að sækja síldina á miðin fyrir vestan:

# Síldin mætti vera nær og líka vera stærri



GUNNÞÓR INGVASON

**NORÐFJÖRÐUR** Síldveiðin hefur gengið treglega það sem af er vertíð, að sögn Gunnþórs Ingvasonar, framkvæmdastjóra Síldarvinnslunnar. Langt er að sækja í síldina og dýrt vegna olíuverðs sem er í sögulegu hámarki. Þá hefur síldin verið lítil.

„Það er langt fyrir okkur hér fyrir austan að sækja hana vestur. Það hefur engin síld veiðst á vertíðinni úti fyrir Austfjörðum það sem af er,“ segir hann. „Svo hefur tíðarfarið verið mjög erfitt. Við vonum bara að það fari að lægja og síldin að veiðast.“

Gunnþór telur lélega síldveiði í samræmi við þá þróun sem hafi verið undanfarin ár. Sífellt stærra hlutfall af síldinni hafi veiðst fyrir vestan og síldin minnkað að sama skapi á Austfjarðamiðum. „Þetta er sú þróun sem við höfum verið að horfa upp á en við trúum því að það komi einhver síld austur þegar fer að líða að jólum,“ segir hann.

Síldarvinnslan hefur fengið ríflega níu þúsund tonn það sem af er, þar af rúmlega sjö þúsund tonn inn í frystihúsið. Gunnþór segir að októbermánuður hafi gengið ágætlega, mörg skip verið að. „Stærðin á síldinni hefur ekki verið upp á marga fiska. Þetta hefur verið 240-260 gramma síld og ég hefði kosið að hafa hana kringum 300 grömmin en það hefur ekki verið í boði.“

Gunnþór bendir á að þar sem olíuverð sé í sögulegu hámarki kosti siglingin vestur tvær milljónir fram og til baka. - ghs



**VIÐ HÖFN Í NESKAUPSTAÐ** Síldarvinnslan í Neskaupstað hefur fengið ríflega 9.000 tonn það sem af er. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vaktstöð siglinga fær búnað:

## Fjarskipti færð til nútímahorfs

**ÖRYGGISMÁL** Fjarskiptabúnaður í Vaktstöð siglinga verður endurnýjaður á næstu mánuðum. Nauðsynlegt þótti að endurnýja meginhluta tækjakostsins í stjórnstöð ásamt sendum og viðtækjum á um þrjátíu strandastöðvum víðs vegar um landið. Miðlægur búnaður stöðvarinnar var orðinn gamall og framleiðandi hættur að ábyrgjast þjónustu og varahluti.

Gert er ráð fyrir að uppsetning geti hafist fljótlega og að hann verði kominn í gagnið á næsta ári. Kristján L. Möller samgönguráðherra, Björn Bjarnason dómsmálaráðherra, Þórhallur Ólafsson, framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar, og Peter Habert, sölustjóri Frequentis, skrifuðu undir samninginn í gær. - shá



**FRÁ SVALBARÐA** Í geymslunni á útsæði að milljónum plantna að vera öruggt fyrir hamförum og stríði. NORDICPHOTOS/AFP

Frægeymsla á Svalbarða:

## Kælibúnaður gangsettur

**NOREGUR, AP Kælibúnaður í hinum risavöxnu hvelfingum, sem grafnar hafa verið inn í fjall á Svalbarða til að geyma til vonar og vara fyrir mannkynið fræ og útsæði að milljónum plantna, var í gær gangsettur í fyrsta sinn.**

**Markmiðið með geymslunni, Svalbard Global Seed Vault eins og hún heitir á ensku, í sífreranum á hinum afskekkta eyjaklasa er að vernda allt að fjórar og hálfa milljón tegunda útsæðis fyrir loftslagsbreytingum, plöntufarsóttum, náttúruhamförum og kjarnorkuhernaði. Til stendur að taka geymsluna formlega í notkun í lok febrúar.** - aa

Vestræn samvinna:

## Fjörutíu um stækkun NATO

**UTANRÍKISMÁL** Fjörutíu og eitt félag Samtaka um vestræna samvinnu frá aðildarríkjum NATO funduðu á dögunum í Ottawa, höfuðborg Kanada. Þingstörf snerust um útvíkkun bandalagsins, viðbrögð við hryðjuverkum og hlutverk NATO í Afganistan.

Þingfulltrúar voru sammála um að NATO hefði áfram mikilvægu hlutverki að gegna, segir í tilkynningu frá Samtökum um vestræna samvinnu og Varðbergi.

Fulltrúar Íslands hittu að máli varnarmálaráðherra Kanada, Peter MacKay, og segja hann áhugasaman um land og þjóð. - kóþ





Auglýsingasími
512 5050





**ERKIKLERKS MINNST** Íraskur maður kyssir gröf erkiklerksins Mohammeds Sadiq Al-Sadr í borginni Najaf, sem er heilög í hugum sjía-múslima. Fylgismenn hans komu saman í Najaf í gær til að minnast þess að átta ár voru liðin frá því að hann var myrtur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fræðslustjóra Reykjanesbæjar líst vel á hugmynd Hjálpræðishersins um frístundaskóla:

# Fyrir þá sem hafa ekki áhuga á íþróttum

**REYKJANESBÆR** „Ég tók vel í þessa hugmynd þeirra, en þetta er ennþá fyrst og fremst bara hugmynd,“ segir Eiríkur Hermannsson, fræðslustjóri Reykjanesbæjar, um áætlanir Hjálpræðishersins um að opna frístundaskóla á Miðnesheiði. Enn á eftir að bera upp formlegt erindi.

„Þau eru að safna fyrir húsnæði upp frá, en ég lít á þetta sem heppilegan valkost. Í frístundaskólum bæjarfélagsins eru æfingagjöld fyrir eina grein hjá íþróttafélagi innifalin. Ég lít á hugmyndir Hjálpræðishersins sem valmöguleika fyrir foreldra barna sem hafa ekki áhuga á íþróttaiðkun,“ segir Eiríkur. Leikskóli Hjallastefnunnar sem starfræktur er á Vellinum fær einnig að ráðstafa fé sem eyrnamerkt er frístundum að eigin vild.

Markmið Hjálpræðishersins er að starfrækja frístundaskóla þar sem eru færri börn á hvern starfsmann og hægt að sinna hverjum einstaklingi betur. „Þau vilja ekki skilgreina skólann sem úrræði fyrir börn með sértæk vandamál, heldur verður þetta almennur frístundaskóla og framlög bæjarins yrðu þau sömu og annars staðar. Það getur vel verið að það sé eftirspurn eftir því.“

Þetta yrði líklega í fyrsta sinn á Íslandi sem frístundaskóli yrði rekinn af trúfélagi. Eiríkur hefur litlar áhyggjur af trúarlegri tengingu heimilisins.

„Hjálpræðisherinn starfar á línu Þjóðkirkjunnar og ég sé ekkert að því. Hann setur ekki fyrir sig trú fólks, litarhátt eða kyn. Ég lít á hann sem hjálparsamtök, sem vinna samkvæmt kristilegu siðgæði og umburðarlyndi.“

- eb




**HJÁLPRÆÐISHERINN** Fólk á vegum hans vill opna frístundaskóla á Miðnesheiði. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## SELFOSS

### Virði hávaðatakmarkanir

Bæjarráð Árborgar kveðst vera jákvætt gagnvart starfsleyfi fyrir Selfossflugvöll en vill takmarkanir til að fyrirbyggja hávaða frá starfseminni. Slíkar takmarkanir hafi verið í gildi en ekki verið virtar. Lögð væri áhersla á að það yrði gert.

## LÖGREGLUMÁL

### Ók undir áhrifum amfetamíns

Tvítug stúlka hefur verið ákærð fyrir Héraðsdómi Norðurlands vestra vegna aksturs undir áhrifum amfetamíns. Hún gat ekki stjórnað bifreiðinni örugglega. Lögregla stöðvaði för hennar.



**ÞÓRSHÖFN Í FÆREYJUM** Rúmlega tvítugur Íslendingur situr enn í gæsluvarðhaldi í Þórshöfn vegna Pólstjörnumálsins svonefnda. Rannsókn á þætti mannsins í málinu er að mestu lokið. NORDICPHOTOS/AFP

# Með tvö kíló af fíkniefnum í bílskottinu

**Rúmlega tvítugur Íslendingur sem situr í gæsluvarðhaldi í Færeyjum vegna Pólstjörnumálsins var tekinn með tæp tvö kíló af fíkniefnum í skottinu á bíl sínum. Rannsókninni er að mestu lokið, að sögn yfirmanns lögreglunnar.**

**LÖGREGLUMÁL** Íslendingurinn sem situr í gæsluvarðhaldi í Þórshöfn í Færeyjum vegna stóra fíkniefnamálsins sem upp kom á Fáskrúðsfirði í september, geymdi tæp tvö kíló af fíkniefnum í skottinu á bíl sínum. Þar fann lögreglan efnin, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Gæsluvarðhald mannsins, sem er 24 ára, rennur út 30. nóvember. Samkvæmt upplýsingum frá Berglev Brimvik, yfirmanni rannsóknardeildar lögreglunnar í Þórshöfn, verður lögð fram krafa um áframhaldandi gæsluvarðhald.

Efnin sem lögreglan fann í bíl mannsins voru tæpt kíló af e-töfludufti og um það bil 800 grömm af amfetamíni, en rannsókn málsins er að mestu lokið, að sögn Brimvik.

Maðurinn er grunaður um að hafa aðstoðað Íslendingana sem reyndu að smygla 40 kílóum af amfetamíni, e-töfludufti og e-töflum til landsins í september. Skúta þeirra var tekin í Fáskrúðsfjarðarhöfn eins og kunnugt er, en á leiðinni hingað til lands kom skútan við í Færeyjum.

Maðurinn hefur tengsl bæði hér á landi og í Færeyjum, þar sem hann hefur búið um tíma og haft þar mismunandi dvalarstaði. Hann hefur verið við vinnu þar en á ekki afbrotaferil að baki.

„Þetta er langstærsta fíkniefnamál sem upp hefur komið í Færeyjum,“ segir Berglev Brimvik, yfirmaður rannsóknardeildar.

Fjórir sitja enn í fangelsi hér á landi vegna málsins.

jss@frettabladid.is






Mótmæla áfengisfrumvarpi:

# Aukið aðgengi eykur neyslu

**NEYTENDUR** SAMAN-hópurinn samþykkir ekki frumvarp um sölu léttvíns og bjórs í matvöruverslunum. Hópurinn tekur mark á niðurstöðum þeirra rannsókna sem sýna að aukið aðgengi að áfengi eykur neyslu, einnig meðal unglinga, segir í tilkynningu.

Þá telur SAMAN-hópurinn að frumvarpið gangi gegn allri reynslu og þekkingu sem hafi gefið góða raun í forvarnarstarfi á Íslandi undanfarin ár.

Í SAMAN-hópnum eru þrjátíu fulltrúar stærstu sveitarfélaga landsins, auk félaga og samtaka sem láta sig velferð barna og ungmenna varða. - eb

Ingólfur H. Ingólfsson, framkvæmdastjóri Fjármála heimilanna:

# Heimilin lenda í vandræðum



INGÓLFUR H. INGÓLFSSON

**EFNAHAGSMÁL** Hætta er á að heimilin lendi í vandræðum ef húsnæðismarkaðurinn frýs og vextir lækka ekki á næstunni. Þetta er mat Ingólfs H. Ingólfssonar, framkvæmdastjóra ráðgjafafyrirtækisins Fjármál heimilanna. Hann vill að húsnæðisliðurinn verði tekinn út úr verðbólgumælingunni.

„Mér finnst alvarlegast í þessu að ríkisstjórnin virðist ætla að horfa á og bíða eftir því að verð á húsnæðismarkaði fari að lækka og slá á verðbólguna. Það er dálítið harkaleg aðgerð því að það mun þýða að mörg heimili gætu orðið gjaldþrota meðan verðbólgumarkmiðunum er náð með þessum hætti,“ segir Ingólfur.

Hann telur að markmiðinu sé hægt að ná með því að taka húsnæðisþáttinn út úr neysluverðsvísitölunni. „Það mun laga efnahagsástandið í landinu en það mun allavega verða til þess að Seðlabankinn tæki annað viðmið en hann gerir í dag. Hann sæi verðbólguna lækka og myndi lækka vexti eins og beðið er eftir að gerist. Seðlabankinn hefur þá réttlætingu fyrir því að lækka vexti og heimilin í landinu myndu sleppa fyrir horn.“

Ingólfur bendir á að víða erlendis sé húsnæðisþættinum sleppt út úr vísitölunni. Bankarnir horfi ekki á það þegjandi og hljóðalaust að húsnæðismarkaður frjósi, eignaverð hrapi og veð fyrir lánum rýrni. „Mörg heimili í landinu sem nú fleyta sér áfram munu lenda í miklum erfiðleikum. Það er ljóst. Mér finnst það allt of hár fórnarkostnaður þar sem hægt er að ná svipuðum árangri með tæknilegu inngripi inn í efnahagskerfið.“ - ghs

Fangaflug CIA í Evrópu:

# Úkraína tengd fangaflugi CIA

**EVRÓPUSAMBANDIÐ, AP Evrópuþingmaðurinn Claudio Fava segist hafa sannanir fyrir því að flugvélar sem notaðar voru í leyniflugi með fanga á vegum bandarísku leyniþjónustunnar CIA hafi ítrekað lent á flugvelli í Úkraínu.**

**Hann segist einnig vera að kanna hvort CIA hafi notfært sér aðstöðu í herstöð í Úkraínu. Stjórnvöld í Úkraínu neita því að nokkuð sé hæft í þessu.**

**Á síðasta ári birti Fava upplýsingar um meira en þúsund fangaflug á vegum CIA með millilendingum í Evrópuríkjum.** - gb



**FLÓÐ** Yfir 200 manns hafa látist í flóðunum og meira en hundrað þúsund manns horfa fram á matarskort. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Matarskortur yfirvofandi:

# 227 látist í flóðum í Víetnam

**VÍETNAM, AP Fleiri lík hafa fundist eftir flóðin í Víetnam um helgina og er fjöldi látinna nú kominn upp í 35. Það sem af er nóvembermánuði hafa 86 manns látist og 227 frá því að flóðahrinan hófst í lok október.**

**„Yfir 100.000 manns horfa fram á matarskort þar sem margir þeirra hafa tapað öllum matarbirgðum sínum í flóðahrinu sem hefur verið í meira en mánuð,“ sagði Van Phu Chinh, yfirmaður deildar sem hefur eftirlit með stormum og flóðum á svæðinu.**

**Talið er að 190.000 hús hafi farið á kaf í flóðunum.** - sdg



**STUÐNINGSAÐILUM ÞAKKAÐ** Fimmtíu stuðningsaðilar Fjölskylduhjálpar Íslands veita ómetanlegan stuðning.

Þakkarbréf Fjölskylduhjálpar:

# Þiggur aðstoð fimmtíu aðila

**FÓLK** Fjölskylduhjálp Íslands veitti fimmtíu stuðningsaðilum þakkarbréf fyrir dygga aðstoð við hátíðlega athöfn í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu á þriðjudaginn var. Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra og Ragnhildur Gísladóttir, verndari félagsins, afhentu bréfin.

Hvern miðvikudag dreifir Fjölskylduhjálp rúmlega einu tonni af matvælum til bágstaddra á Íslandi og segir Ásgerður Flosadóttir, formaður félagsins, framlag stuðningsaðilanna, sem oftast er í formi matvæla, vera ómetanlegt.

Ráðherra þakkaði Fjölskylduhjálp sérstaklega fyrir gott starf og minnti á að enginn leitaði sér aðstoðar tilneyddur. Þá sagði hann mikilvæg verkefni bíða ríkisstjórnarinnar við að skapa jafnara og betra samfélag. - eb

**ÍSLAND**

**Vetnisverðlaun**

Forsætisráðherra Íslands tók við heiðursverðlaunum Alþjóðavetnissamstarfsins á Alþjóðaorkuþingi í Róm. Verðlaunin voru veitt fyrir framlag Íslands til framþróunar og kynningar á alþjóðavetnissamfélaginu.


TOYS"R"US

TOYS"R"US

VIÐ AUGLÝSUM EFTIR AFGREIÐSLUFÓLKI Í FULLT STARF

**TOYS"R"US hefur fengið góðar viðtökur á Íslandi. Þess vegna auglýsum við nú eftir enn fleira starfsfólki. Hefurðu:**

- Reynslu af verslunarstörfum?
- Nokkurra ára starfsreynslu eða menntun?
- Áhuga á að kynnast alþjóðlegum viðskiptum?
- Hæfileika til að starfa með öðru fólki?

Við bjóðum upp á starf í nútímalegu fyrirtæki sem er stærsta leikfangaverslunarkeðja heims. Það er alltaf nóg að gera og hver dagur býður upp á einhverjar nýjungar.

Starfið felst í að sinna öllum tilfallandi verkum í versluninni; raða í hillur, afgreiða viðskiptavini, taka á móti vörum og annast rýmisstjórnun.

Umsækjendur hefji störf sem fyrst. Nánari upplýsingar á vef okkar www.toysrus.is eða hjá Guðrúnu Kolbeinsdóttur verslunarstjóra í síma +354 661 57 56.

Sendið umsókn á loen-is@toysrus.is merkta „Afgreiðslufólk“eða „Assistant store manager“ hið fyrsta og í síðasta lagi 30. nóvember. Umsækjendur verða ráðnir jafnóðum. Takið vinsamlegast fram hvar þið sáuð þessa auglýsingu.

**Við viljum byrja á því að þakka öllum nýju viðskiptavinum okkar á Íslandi fyrir frábærar móttökur á opnun nýrrar verslunar okkar í Kópavogi. Við viljum einnig þakka fyrir tillitsemina sem þið hafið sýnt starfsfólki okkar.**



SMÁRATORG 3, 200 KÓPAVOGUR. SÍMI 5500 800

# BÓNUS HELGARTILB




EGILS PILSNER
500 ml 49 kr.




**Íslandsnaut ungnautahamborgarar 4 stk með brauði 489 kr.** *Merkt verð 698 kr/kg.*




# ELDAÐUR I

Móa grillaður heill KJÚK




**Holta ferskir kjúklingaleggir 395 kr/kg. 40% afsláttur.** *Merkt verð 659 kr/kg.*

HJARTASNITSELIÐ






**Holta ferskir kjúkingavængir 239 kr/kg 40% aflsáttur.** *Merkt verð 398 kr.*




EGILS APPELSÍN
500 ml 49 kr.




**Holta fersk hálfúrbeinuð kjúklingalæri 672 kr/kg. 40% afsláttur.** *Merkt verð 1120 kr/kg.*




HJARTASNITSE
20% AFSLÁTTU

BÓNUS **BÓNUS BÝÐUR BETUR**

AFGREIÐSLUTÍMI FÖSTUDAG: 10.00 TIL 19.30

# BOÐ Í BÓNUS

BÓNUS



# KJÚKLINGUR
LINGUR ca. 1150g 498 kr/stk.




McCain franskar kartöflur. Tvær teg. **1 kg** 198 kr.






**KS lambahálsasneiðar frosnar 299 kr/kg.**
*Merkt verð 399 kr/kg.*

LOKSINS KOMIÐ AFTUR







**Polarbrauð 6 kökur 139 kr.**

20% LÆGRA VERÐ




Bónus smyrill **300g** Aðeins 69 kr.

L Í RASPI **351 kr/kg.**
R. *Merkt verð 439 kr/kg.*




**Ýsubitar roð og beinlausir 589 kr/kg.**




**Myllu heimilisbrauð hálft 375g 69 kr.**

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

HEIMASÍÐA BÓNUS ER: **BONUS.IS** AÐALSÍMI BÓNUS: **588 8699**

BÓNUS

## „ORÐRÉTT“

### Er ekki allt falt í dag?

**„Það má lesa út úr þessu að Orkuveitan hafi keypt sér skipulag og framkvæmdaleyfi.“**

BERGUR SIGURÐSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI LANDVERNDAR UM SAMNING ORKUVEITUNNAR OG SVEITARFÉLAGSINS ÖLFUSS UM GREIÐSLUR VEGNA VIRKJANA Á HELLISHEIÐI.
**Fréttablaðið 15. nóvember 2007**

### Hringdu bara seinna

**„Hann var ekki við en ég skildi eftir skilaboð. Hann hringdi á meðan ég var í fimleikum.“**

ANNA SIGURRÓS STEINARSDÓTTIR, NEMENDI Í 7. BEKK LANGHOLTSSKÓLA, REYNDI AÐ HRINGJA Í BORGARSTJÓRA TIL AÐ EITTHVAÐ YRÐI GERT Í SKÓLALÓÐINNI SEM FYRST.
**Morgunblaðið 15. nóvember 2007**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** BORGHILDUR SVERRISDÓTTIR LÍKAMSRÆKTARÞJÁLFARI

## *Magnað, en má ekki segja frá*



„Það er allt mjög gott að frétta,“ segir Borghildur Sverrisdóttir líkamsræktarþjálfari. „Ég vinn sem einkaþjálfari og kenni eróbikk og ýmis námskeið hjá Heilsuakademíunni. Svo skrifa ég heilsupistla í Víkurfréttir í Hafnarfirði. Þetta er það helsta í mínu lífi þessa dagana. Svo eru mörg spennandi verkefni fram undan í starfi mínu í heilsugeiranum, ýmislegt sem ég er byrjuð að vinna að og mun vekja mikla athygli þegar að því kemur,“ segir hún. Borghildur telur þetta vekja svo mikla athygli þegar að því kemur næsta haust að almenningur komist ekki hjá að verða var við það. „Þetta verður magnað. Fólki á eftir að finnast það virkilega spennandi en ég get því miður ekki sagt meira strax af því að þetta er á svo viðkvæmu stigi.“

Borghildur hefur almennt mikið að gera enda segir hún að verkefnin séu næg í heilsugeiranum. „Það er engin niðursveifla, frekar að allt sé upp á við. Öll námskeið eru yfirfull og líka mikið að gera í einkaþjálfuninni. Minn vinnutími er langur og sjaldnast minna en tíu tímar á dag. Oftast er miklu meira en nóg að gera. Líka þegar maður hefur tekið að sér hin og þessi lítil verkefni sem fylla daginn. Það er sko aldeilis nóg að gera.“

Heilsan og heilsumálefnin eru áhugamál Borghildar. „Bæði hreyfing og góð næring. Ég les líka mikið um þessi mál og svo hef ég sálfræðimenntun svo að ég les mikið um sjálfseflingu, töluvert af sjálfshjálparbókum og ýmislegt tengt því. Ég hef líka mikinn áhuga á golfi og spila það á sumrin.“

## VATNAJÖKULL:
### HÉT LENGI KLOFAJÖKULL

Vatnajökull er þíðjökull á suðausturhluta Íslands. Hann er stærsti jökull landsins bæði að flatarmáli og rúmmáli og stærsti jökull Evrópu að rúmmáli en sá annar stærsti að flatarmáli eða 8.100 ferkílómetrar og allt upp í kílómetri að þykkt. Fyrir 14. öld var Vatnajökull miklu minni en hann er nú. Stærð hans mun hafa verið í hámarki um 1930 en síðan þá hefur hann verið í stöðugri rýrnun. Hugsanlegt er að Vatnajökull hafi áður verið tveir aðskildir jöklar, enda hét hann Klofajökull lengi fram eftir öldum. Undir Vatnajökli eru einhverjar mestu eldstöðvar landsins.



## SJÓNARHÓLL
**SKEMMTISTAÐUR Í GAMLA APÓTEKINU**

### *Hæfir ekki húsinu*



**GUÐJÓN FRIÐRIKSSON**
Sagnfræðingur

„Ég er nú ekki mjög hrifinn af því ef satt skal segja,“ segir Guðjón Friðriksson sagnfræðingur um þá fyrirætlan að breyta gamla Apótekinu í Austurstræti í skemmtistað. „Ég býst við að það verði nú gengið enn frekar á þetta hús en hefur verið gert fram að þessu. Þetta verður nú sjálfsagt svona kvöld- og næturstaður þannig að ég efast nú um að þetta verði beint bænum til framdráttar, svona sem sólarhringsstaður. En ég veit svo sem ekkert hvað þeir ætla að gera þarna inni útlitslega. Þetta er náttúrlega eitt af allra fínustu húsum í bænum og ef þetta á að vera einhver skrallstaður þá finnst mér það nú eiginlega ekki hæfa þessu húsi.“ Guðjón segir þó best að hafa starfsemi í gömlum og merkilegum húsum. „Ég er nú á móti því að gera hús að söfnum, mér finnst nú best að þau hafi fúnksjón ef það er mögulega hægt. Það er allt í lagi að vera með góða restauranta og kaffihús þar til dæmis en það er hálfleiðinlegt ef þar koma einhverjir djammstaðir.“

# Íslenska er ekki erfiðari en franska

**Sylwia Bajkowska hlýtur íslenskuverðlaun menntaráðs Reykjavíkur í dag, á fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar, fyrir góðan árangur í íslenskunámi. Hún er pólsk en talar einnig frönsku, eftir langa búsetu í Belgíu. Sylwia flutti á Frón í fyrra og er orðin næsta altalandi á íslensku, sem er hennar fjórða tunga, því hún kann einnig svolitla ensku. Sylwia segir að fólkið sitt leggi mikla áherslu á menntun.**

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR



**SYLWIA BAJKOWSKA** Íslenskan var hennar fjórða mál, en nálgast nú óðum annað sæti. Hún fær í dag verðlaun fyrir góðan árangur í náminu.

„Það eru allir alltaf að segja mér að læra og mér finnst gaman að læra,“ segir Sylwia til útskýringar á góðum árangri sínum.

Hún er ellefu ára gömul og flutti hingað í fyrra, hinn 26. júlí. Þá hafði hún búið í Belgíu frá fjögurra ára aldri. Sylwia kann vel við sig á Íslandi. „Á Íslandi er mjög gaman, en í Belgíu var smá gaman. Ég man eiginlega ekkert hvernig var í Póllandi. Ég hef bara farið þangað í sumarfrí.“

Skólarnir í Belgíu og á Íslandi eru ekki ýkja ólíkir, að mati Sylwiu. Í Belgíu fékk hún þó að fara einu sinni í viku til að læra móðurmál sitt. „En ekki hér, ég veit ekki hvar það er kennt hér,“ segir hún.

Námið gengur vel og hún hefur getað stuðst við frænda sinn, sem er jafngamall henni en hefur búið lengur á landinu. Í staðinn aðstoðar hún hann við stærðfræðina.

„Og ég á marga vini,“ segir hún. Það er gaman í Langholtsskóla og Yngvi kennari er skemmtilegur. „Við hlæjum alltaf í bekknum þegar hann gerir eitthvað fyndið.“ Yngvi er ólíkur belgískum kennurum, því hann er með sítt hár. Þar eru allir með stutt.

Spurð um verðlaunin segir hún: „Ég held ég fái þau fyrir að vera fljót að læra. Ég er búin að læra hver Jónas Hallgrímsson var, hann var í Kaupmannahöfn og skrifaði mikið og svolítið löng ljóð.“

Foreldrar Sylwiu eru báðir pólskir. Faðir hennar býr enn í Belgíu og sendir dóttur sinni af og til bækur á frönsku, til að halda kunnáttunni við.

Sylwia segir að íslenskan sé ekki erfiðari en franska og það eru helst málfræðiheitin sem vefjast fyrir henni. „Ég skildi heldur ekkert í frönsku fyrst en ég hlustaði bara og hlustaði og svo talaði ég.“

**klemens@frettabladid.is**


**Samgönguráð**

**Flugmálastjórn Íslands - Siglingastofnun Íslands - Vegagerðin**
**Samgönguráðuneytið**

**Stefnumótun í samgöngum**

Samgönguráð efnir til fjórða fundar í fundaröð sinni um stefnumótun í samgöngum. Fundarefnið að þessu sinni er:

**Samgöngur og umhverfi**

**Vegagerð og umhverfi**
**Matthildur Bára Stefánsdóttir deildarstjóri hjá Vegagerðinni**

**Losun gróðurhúsalofttegunda frá skipum**
**Jón Bernódusson skipaverkfræðingur hjá Siglingastofnun**

**Græn framtíð flugsins**
**Sveinn V. Ólafsson verkfræðingur hjá Flugmálastjórn**

**Umræður og fyrirspurnir**

Fundurinn verður haldinn miðvikudaginn 21. nóvember 2007 kl. 15-17 á Grand Hótel Reykjavík. Aðgangur er ókeypis og öllum er heimill aðgangur. Væntanlegir þátttakendur eru vinsamlegast beðnir að skrá sig á netfangið postur@sam.stjr.is eigi síðar en klukkan 12:00 þann 20. nóvember 2007.




**FAGNA FIMMTÍU ÁRA STARFSFERLI** Hermann Gunnarsson heilsaði upp á þá Ómar og Jónas þar sem þeir sátu á Humarhúsinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ómar Ragnarsson og Jónas Kristjánson fagna tímamótum:

# Fimmtíu ár í fjölmiðlum

Ómar Ragnarsson og Jónas Kristjánsson fagna hálfrar aldar starfsferli í fjölmiðlum, en þeir eiga það sameiginlegt að hafa setið í ritstjórn skólablaðs MR árið 1957.

„Reyndar byrjaði ég fimm árum fyrr þegar ég gaf út skólablað Lindargötuskóla ásamt Margréti Jónsdóttur fjölmiðlakonu og fleirum. Það má því segja að ég hafi verið að fagna hálfrar aldar afmæli okkar Jónasar á fjölmiðlamarkaði og 55 ára blaðamennskuafmæli,“ segir Ómar, sem fagnaði áfanganum með Jónasi á Humarhúsinu í gær. „Við höfum aldrei starfað á sama miðlinum, en við höfum alltaf haldið góðum kunningsskap eftir menntaskólaárin. Við Margrét höfum hins vegar unnið saman á RÚV,“ segir Ómar.

Ómar segir þá félaga hafa setið lengi og ekki getað hætt að tala um sín hjartans mál, enda séu þeir skoðanabræður í mörgu.

Hermann Gunnarson leit svo við hjá þeim félögum, en hann sótti fund gamalla Valsara sem fer reglulega fram á efri hæð hússins.


ŠKODA AUTO
SIMPLY CLEVER
HVITA HÚSIÐ / SÍA · 4098
SIGURVEGARAR
Roomster
Skoda Roomster vann afgerandi sigur í sínum flokki í vali Bandalags íslenskra blaðamanna á bíl ársins 2008. Skoda Fabia varð í öðru sæti í sama flokki. Öflugar og hagkvæmar dísilvélar, áreiðanleiki og glæsileg hönnun undirstrikar svo ekki verður um villst að afl og hagkvæmni fara saman hjá Skoda.
HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA

# Jónas Hallgrímsson 1807 2007

**Þess er minnst í dag að tvær aldir eru liðnar frá fæðingu Jónasar Hallgrímssonar, ljóðskálds og náttúruvísindamanns. Íslenska þjóðin heiðrar minningu hans og þakkar fyrir sig.**

Leynt og ljóst er Jónas samofinn þjóðarvitundinni; svo stórbrotið var framlag hans til íslenskrar menningar. Sannleikurinn er sá að hann dó ekki, heldur hefur haldið áfram að lifa í brjóstum vorum, skrifaði Halldór Laxness í Alþýðubókina. Laxness kallaði Jónas útigangsmann meðan hann lifði en hann hefur talist aufúsugestur Íslendinga eftir að hann féll frá, langt fyrir aldur fram.

Þrátt fyrir að Íslendingar líti á Jónas sem þjóðskáld sá hann sjálfan sig sem vísindamann fyrst og fremst. Hann var náttúrufræðingur að mennt og lýsing Íslands átti að verða hans helsta æviverk. Skáldagáfan og áhugi á náttúrunni tvinnuðust þannig saman í kveðskap Jónasar og kannski þess vegna berum við jafn mikla virðingu fyrir landinu og raun ber vitni. Hann benti á það sem var stórkostlegt í náttúrunni jafnt og mikilvægi þess smáa. Jónas á erindi við samtímann því umhverfið og glíma þjóðarinnar við að halda sérkennum sínum hafa sjaldan verið fólki hugleiknari.

Frá árinu 1996 hefur fæðingardagur Jónasar verið haldinn hátíðlegur og nefndur dagur íslenskrar tungu. Með því móti beinist athygli þjóðarinnar að stöðu móðurmálsins og gildi þess fyrir alla menningu. En hvaða gildi hefur Jónas raunverulega fyrir einstaklinginn sem lifir á 21. öldinni? Því verður hver að svara fyrir sig. - shá

Jóna G. Torfadóttir, kennari

## Hvar er Jónas?

„Þegar ég var beðin um að setja niður á blað örstutta hugleiðingu um Jónas og gildi hans fyrir samtíma okkar var ekki laust við að mér liði eins og nemendum mínum hlýtur að líða á stundum. Mér varð hugsað til allra þeirra kennslustunda sem ég hef beðið nemendur um að vinna ritunarverkefni af ýmsu tagi. Ég hef óskað eftir skapandi og frjóum stílum frá þeim um hvaðeina sem lýtur að íslenskri tungu. Þá er alveg með ólíkindum hvað úr hefur orðið hjá sumum þeirra, jafnvel án mikils undirbúnings. Sumir nemenda minna hafa komið mér verulega á óvart með ritleikni sinni og stílgáfu. Hugsanlega leynist þar Jónas? Þessir nemendur hafa ennfremur orðið fyrirmyndir samnemenda sinna og hvatning líkt og Jónas er, og hefur verið, með stílsnilld sinni og skapandi sýn á tungumálið. Það er þarft að hlúa að þessum hæfileikum nemenda og meira nú en nokkru sinni áður; á þessum tímum þegar hriktir í stoðum íslenskrar tungu og sótt er að henni úr öllum áttum. Íslenskukennsla hefur hlotið háðulega útreið í öllum þeim breytingum sem orðið hafa á skólakerfinu og sér ekki fyrir endann á. Og hvað verður þá um Jónas?“





Hallgrímur Helgason, rithöfundur

## Bara tvöhundruð ára

„Jónas elskaði Ísland á þann hátt sem við getum ekki og þess vegna elskum við hann. Og hann orti kvæði á þann hátt sem við getum ekki og þess vegna elskum við hann. Hann hefur verið kallaður „óskabarn ógæfunnar“ en gæfa hans var þó nokkur og okkar enn meiri. Jónas fæddist í fegursta dal landsins, ólst upp við tignarlegustu fjöll landsins, þáði bestu vöggugjöf allra tíma og orti þar af leiðandi glæsilegustu ljóð á íslensku, átti dýrustu stundir sem Íslendingur hefur upplifað og dó að auki sögulegasta dauða Íslandssögunnar. Þótt Jónas hafi ort sig ódauðlegan velti ég því stundum fyrir mér hvort sviplegt fráfall hans hafi ekki orðið til að halda minningu hans enn betur á lofti. Dauði hans er jafn eilífur og kvæði hans, jafn sílægur og líf hans. Ég óska Jónasi innilega til hamingju með daginn. Hann er bara tvöhundruð ára og á því glæsta framtíð fyrir sér.“



Björk Sigurðardóttir, kennari

## Bæði í fíflavinafélaginu



„Við Jónas Hallgrímsson eigum það greinilega sameiginlegt að hafa ást á náttúrunni og öllu því smáa sem þar leynist. Alla ljóðlist verður auðvitað að skoða í ljósi síns tíma og þótt samtímaljóð séu engu síðri breyta þau engu um þá staðreynd að Jónas á fullt erindi í dag. Við hættum ekkert að kveikja á kertum þótt hægt sé að notast við ljósaperu. Honum tekst einhvern veginn að yrkja þannig um náttúruna að maður skynjar óendanlega virðingu fyrir sköpunarverkinu. Hvort sem það er pínulítil jurt, fluga eða einfaldlega lykt úti í náttúrunni. Það er góð lykt af ljóðunum hans. Það eru líka ákveðin mannleg gildi sem skína í gegnum ljóðin, og þessi gildi hafa ekkert breyst. Á degi íslenskrar tungu, ár hvert, læt ég nemendur mína myndskreyta íslenskan texta. Það kom nú af sjálfu sér að velja Nasa frænda þetta árið eins og hann er kallaður á mínu heimili. Í því felst engin vanvirðing, heldur er þetta bara gælunafn. Við höldum að það hljóti að vera að hann sé skyldur okkur. Að minnsta kosti andlega skyldur. Ég og Jónas Hallgrímsson erum bæði í fíflavinafélaginu, sjáum fegurð í gulum fíflum og sóleyjum.“

Guðrún Eva Mínervudóttir, rithöfundur

## Tónlist býr í tungumálinu



„Verk Jónasar eru svo samofin málvitund okkar að jafnvel þeir sem vita varla nokkur deili á honum og hafa aldrei lagt sig eftir að lesa hann eru samt sem áður undir miklum áhrifum frá honum. Nota á hverjum degi nýyrði úr smiðju hans og eru með hausinn fullan af ljóðunum sem numin voru í æsku við hin ýmsu sönglög. Hann er höfundur ótal kvæða sem eru okkur svo töm á tungu að við höfum á tilfinningunni að þau hafi orðið til af sjálfu sér, að tungumálið sjálft hafi ort þau sér til skemmtunar. Ég gæti best trúað að flest kynnum við fleiri kvæði eftir Jónas en við gerum okkur grein fyrir og það er gott, vegna þess að þau minna okkur á það hversu mikil tónlist býr í tungumálinu og hvað ímyndunaraflið er viljugt. Það er nóg að stugga blíðlega við því – eins og Jónas gerir – til að fá það á flug.“

Sigurður Steinþórsson, jarðfræðingur

## Féll frá hálfunnu verki



„Hefði Jónasi auðnast lengra líf og betri heilsa hefði saga íslenskrar náttúrufræði á 19. öld orðið öll önnur. Lengst af leit Jónas á sig fyrst og fremst sem náttúrufræðing; skáld og félagsmálamaður var hann í hjáverkum. Helsti ávöxtur ævistarfs hans skyldi verða ný Íslandslýsing sem hann vann að frá próflokum í Kaupmannahöfn 1838 til dauðadags. Til þessa verks var hann vel fallinn því áhuginn var brennandi og Jónas bæði skarpskyggn og kunnáttusamur náttúrufræðingur. Hann fór tvær rannsóknaferðir til Íslands, og ferðaðist á fjórum sumrum um flestar byggðir landsins. Jafnframt kom hann af stað ýmsum stórverkefnum sem þó runnu flest út í sandinn við fráfall hans. Hann kom á fót fimmtíu veðurstöðvum víða um land og útvegaði mælitæki fyrir þær; hann safnaði veiðiskýrslum frá ýmsum verstöðvum; hann safnaði gripum í náttúrugripasafn í „svartholi“ bæjarins, núverandi stjórnarráðshúsi, og krufði fugla og fiska.

Bein áhrif náttúrufræðistarfs Jónasar urðu lítil því hann féll frá minna en hálfunnu verki. Veðurmælingar héldu áfram á einhverjum stöðum fram yfir 1880 og í Stykkishólmi samfellt frá 1846. Gagnasöfn hans, einkum sókna- og sýslulýsingar, eldfjallasögu og jarðskjálftaannál Íslands, nýtti Þorvaldur Thoroddsen síðar. Og með þýðingu sinni á stjörnufræði Ursins auðgaði Jónas tungumál vort verulega.“

Ásta Magnea Einarsdóttir og Sigurbjörg Ásta Hauksdóttir, 10. bekk í Þelamerkurskóla

## Stoltar af sveitunga okkar

„Jónas fæddist í okkar sveitarfélagi og það hefur mikla merkingu fyrir okkur. Í skólanum okkar er alltaf haldið upp á afmælisdaginn með ýmsum uppákomum. Hér í Þelamerkurskóla skiptast bekkirnir alltaf á að vera með skemmtidagskrá þar sem foreldrar og aðrir mega koma að horfa, sem gerir það spennandi fyrir okkur krakkana og unglingana að læra meira um þennan merka mann. Í ár eru það krakkarnir í 5., 6. og 7. bekk sem sjá um dagskrána og í tilefni af 200 ára afmæli Jónasar kemur Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, í heimsókn í skólann. Árlega ganga allir í Þelamerkurskóla, nemendur, kennarar og starfsfólk, upp að Hraunsvatni sem er ofan við Hraun, fæðingarstað Jónasar. Þar er borðað nesti og sumir fara að veiða en hinir bara að ganga um og skoða þennan fallega stað. Mörg ljóða Jónasar eru einmitt sprottin úr þessu umhverfi. Oft vinnum við einhver verkefni í sambandi við þessa göngu og þess vegna hefur Jónas mikla merkingu fyrir skólastarfið hér og þykir flestum krökkunum mjög gaman að læra um Jónas og vita að hann er einn af sveitungum okkar.“



# Þú færð vextina greidda í...

janúar febrúar mars apríl maí júní júlí ágúst september október nóvember desember

Með **Vaxtareikningi** færðu meira svigrúm því nú geturðu fengið vextina af sparnaði þínum greidda út mánaðarlega. Mánaðarleg útborgun vaxta hentar þeim sem:

- vilja nýta vextina af sparnaði sínum strax
- eru á milli fjárfestinga
- vilja koma til móts við mánaðarleg útgjöld

**Vaxtareikningur** er óverðtryggður reikningur með háa vexti og er lágmarksinnistæða 200 þúsund krónur, en engin fyrir Vörðufélaga 60 ára eða eldri. Vextirnir fara stighækkandi eftir því sem upphæðin eykst.

**Kynntu þér fjölmarga kosti Vaxtareiknings á landsbanki.is, hafðu samband í 410 4000 eða stofnaðu reikninginn og kláraðu málið í Einkabankanum.**

Landsbankinn

GOTT FÓLK




**1.466** kr/kg. áður 2.527 kr/kg.
Ísfugl kjúklingabringur




**1.481** kr/kg. áður 2.116 kr/kg.
Nautagúllas




**1.574** kr/kg. áður 2.248 kr/kg.
Nautasnitsel




**179** kr/pk. áður 299 kr/pk.
Weetabix Disney Stars/Disney




**998** kr/kg. áður 1.425 kr/kg.
Ungnautahakk pre pc

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 15. nóvember til 18. nóvember eða á meðan birgðir endast
www.netto.is




**999** kr/kg. áður 1.469 kr/kg.
Nettó hamborgarhryggur




**1.563** kr/kg. áður 2.141 kr/kg.
Víkingalæri m/kókos og karrý




**398** kr/pk. áður 568 kr/pk.
Ungnauta hamborgarar




**1.890** kr/stk.
Shrek the third




**1.890** kr/stk.
Harry Potter

nettó
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn



**Vefurinn: FlickrVision**

Skoðaðu á korti hvaða myndir fólk er að senda inn á Flickr-ljósmyndavefinn og hvaðan í heiminum þær koma.

www.flickrvision.com

# tækni&vísindi

taekni@frettabladid.is

**TÆKNISPJALL: SKORTUR Á STARFSFÓLKI Í UPPLÝSINGATÆKNIGEIRANUM**

## *Hart barist um fólk með rétta menntun*



Skortur er á starfsfólki í upplýsingatæknigeiranum. Fjallað verður um vandann á ráðstefnu Skýrslutæknifélags Íslands, sem nefnist Hugbúnaðargerð á krossgötum, næsta þriðjudag. Sturla Hreinsson, starfsmannastjóri Nýherja, segir erfiðara en áður að finna fólk í sérfræðistörf hjá fyrirtækinu.

„Já, við höfum fundið fyrir þessum skorti, því er ekki að leyna. Það tekur töluvert lengri tíma að finna fólk en fyrir tveimur árum. Samkeppnin er greinilega hörð um fólkið sem er með þessa tilteknu menntun og þjálfun sem við erum að leita að.“

Spurður hver sú menntun sé segir Sturla starfsfólk vanta í nær alla flóruna. „Við erum að ráða fólk með þekkingu á rekstri tölvukerfa, símkerfum, netkerfum og fleira. Fólkið sem sinnir þessum störfum hefur margvíslegan bakgrunn; rafeindavirkjun, verkfræði, tölvunarfræði, allt frá því að vera með iðnmenntun og upp í hærri háskólagráður.“

En hvers vegna ætli þessi mannekla sé í atvinnugeira sem hingað til hefur verið þekktur fyrir tiltölulega góð laun? „Ætli við getum ekki sagt að það sé svo margt annað spennandi í boði núna sem var kannski ekki komið til um aldamótin þegar ástandið var betra. Vöxturinn í fjármálageiranum er mannfrekur og hefur tekið stóran hluta af verkfræði- og viðskiptafræðimenntuðu fólki. Vöxtur í atvinnulífinu tekur til sín fólk og vel menntað fólk er eftirsótt.“

Hann segir Nýherja ekki hafa þurft að fresta verkefnum vegna skorts á starfsfólki. „Ég myndi frekar segja að það starfsfólk sem við höfum hafi lagt harðar að sér við að leysa þau verkefni sem við erum að glíma við hverju sinni. Við höfum sem betur fer ekki þurft að fresta áformum vegna manneklu og munum ekki gera það.“

**TÆKNIHEIMURINN**

### Uppfærsla fyrir Tiger-notendur

Þó að ný útgáfa stýrikerfisins Mac OS X, Leopard, sé komin út hefur Apple ekki gleymt þeim sem ákváðu að kaupa nýja stýrikerfið ekki. Á miðvikudaginn gaf fyrirtækið út uppfærslu fyrir eldri útgáfu Mac OS X, Tiger, sem inniheldur meðal annars vafrann Safari 3, betri stuðning við utanáliggjandi USB-drif og nýjustu öryggisuppfærslurnar.

### YouTube eykur gæðin

Myndbönd á YouTube-vefnum fræga verður brátt hægt að horfa á í hærri upplausn. Einn stofnenda fyrirtækisins, Steve Chen, staðfesti þetta á NewTeeVee-ráðstefnunni í San Francisco í Bandaríkjunum á miðvikudag. Til að byrja með mun vefurinn nema hraða nettengingar notandans og bjóða þeim myndbönd í hærri upplausn sem ráða við að streyma þeim yfir netið.

### Veiða regnboga í gildru

Vísindamenn við Surrey-háskóla í Bretlandi hafa fundið leið til að stöðva ljósgeisla inni í efni sem aðskilur ljósgeislann í grunnliti sína – og búa þannig til regnboga sem veiddur hefur verið í gildru. Til þess að stöðva ljósið nota þeir sérstakt efni sem hefur neikvæðan ljósbrotsstuðul. Það þýðir að í stað þess að ljósið ferðist á nokkurn veginn sama hraða í gegnum efnið hægir það stöðugt á sér þangað til það stöðvast.

### PlayStation 3 selst betur eftir verðlækkun



Sala á PlayStation 3 leikjatölvunni í Bandaríkjunum hefur rúmlega tvöfaldast eftir að útsöluverð tölvunnar var lækkað um sem samsvarar sex þúsund krónum. Eftir að verðið lækkaði18. október hefur vikuleg sala náð yfir hundrað þúsund eintök samkvæmt Sony, sem framleiðir tölvuna.

# Stjörnum prýddur Mario

**Engin leikjatölva frá Nintendo getur verið án viðeigandi Mario-leiks og Wii er engin undantekning. Nýjasti kaflinn í sögunni um feita ítalska píparann og ævintýri hans kemur út í Evrópu í dag, og hefur hann hlotið frábærar viðtökur gagnrýnenda.**




**SUPER MARIO GALAXY** Í leiknum ferðast píparinn knái um stjörnuþokur og sólkerfi í leit að prinsessunni, sem Bowser hefur rænt.

Tölvuleikirnir um Mario eru meðal þeirra vinsælustu í heimi, og hafa verið það síðan fyrsti leikurinn fyrir sjónvarpsleikjatölvu kom út árið 1983. Grunnurinn í leikjunum hefur haldist nokkurn veginn sá sami í þessi 24 ár — Mario reynir að ná prinsessunni úr klóm Bowser með því að leysa þrautir og drepa óvini á leiðinni — en í hverjum leik hefur einhverju nýju verið bætt við. Í Super Mario Galaxy er markmiðið hið sama og venjulega en nú fer leikurinn fram í geimnum. Mario leysir hverja þrautina af annarri á leið sinni gegnum stjörnuþokur og sólkerfi, og þarf til þess meðal annars að nýta sér mismunandi þyngdarafl pláneta.

Mario er stjórnað með stýripinnanum á Nunchuk-viðbót Wii-fjarstýringarinnar, og er hægt að láta hann gera sérstakar hreyfingar með því að hrista sjálfa fjarstýringuna. Tveir geta spilað leikinn saman, þannig að annar stýrir Mario en hinn kastar stjörnum í óvini með því að benda á þær á skjánum.

Leikurinn var fyrst sýndur á E3-leikjaráðstefnunni í fyrra og hlaut mikla athygli sýningargesta. Tölvuverslanir í Japan pöntuðu sjö hundruð þúsund eintök af leiknum nokkrum mánuðum fyrir útgáfudag, og fjögur hundruð þúsund leikjaunnendur tóku leikinn frá í verslunum GameStop í Bandaríkjunum löngu áður en hann kom út.

Síðan hann kom út í Bandaríkjunum fyrir nokkrum dögum hafa gagnrýnendur tekið Super Mario Galaxy fagnandi og gefið honum einkunnir sem hafa sjaldan sést áður. Vefurinn Gamerankings.com tekur saman leikjagagnrýni margra mismunandi tölvuleikjablaða og -vefja, og er meðaleinkunn Super Mario Galaxy 97,5 prósent úr 24 leikjadómum þegar þetta er skrifað. Hann situr í öðru sæti yfir leiki með hæstu meðaleinkunn allra tíma, einum tíunda úr prósenti á eftir The Legend of Zelda: Occarina of Time.

salvar@frettabladid.is






Einn handtekinn og fimm yfirheyrðir í Hollandi:

# Stálu sýndarhúsgögnum í tölvuleik

Sautján ára gamall Hollendingur hefur verið handtekinn, grunaður um að hafa stolið sýndarhúsgögnum úr herbergi í tölvuleiknum Habbo Hotel. Þó að húsgögnin séu óáþreifanleg eru þau metin á um 350 þúsund krónur.

Fimm fimmtán ára drengir hafa einnig verið yfirheyrðir vegna málsins, en þeir eru grunaðir um að hafa flutt húsgögnin yfir í sín eigin herbergi í leiknum.

Á fréttavef BBC segir talsmaður Sulake, fyrirtækisins sem gerir leikinn, að hinir grunuðu hafi platað fórnarlambið til að gefa upp lykilorðið sitt og notað það til að stela öllu steini léttara úr herbergi þess í leiknum. „Þetta er þjófnaður því húsgögnin eru keypt með alvöru peningum.“ - sþs

# ORMSSON

Dagur íslenskrar tungu – 16. nóvember 2007




# MÁLHREINSUNARVÉLAR

Bræðurnir Ormsson telja að íslensk tunga
sé dýrmætasta eign þjóðarinnar.

Fyrirtækið hefur fylgt þeirri sannfæringu eftir með því
m.a. að þýða stjórnborð vinsælustu
**AEG** – þvottavélanna
yfir á íslensku.

## Verum með málið á hreinu!

ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800 | ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800 | ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900 | ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333 | ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 | ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
7.326 **-1,53%**

**Fjöldi viðskipta:** 527
**Velta:** 6.924 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **365** | 1,61% | **FØROYA BANKI** | 2,93% |
| **ICELANDAIR** | 0,21% | **ATLANTIC PETROL.** | 2,87% |
| **EIK BANKI** | 0,16% | **ATORKA** | 2,65% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 10,30 -2,65% ... Bakkavör 59,00 -1,34% ... Eimskipafélagið 38,75 -1,15% ... Exista 29,60 -2,31% ... FL Group 22,15 -1,56% ... Glitnir 25,85 -1,34% ... Icelandair 24,25 +0,21% ... Kaupþing 983,00 -1,70% ... Landsbankinn 39,50 -1,25% ... Straumur-Burðarás 17,15 -1,44% ... Össur 101,00 -1,94% ... Teymi 6,48 -6,48%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Bláminn á braut

Á haustráðstefnu Matís um ný tækifæri í matvælarannsóknum sem fram fór í gær var Stefán Pálsson sagnfræðingur fundarstjóri, sá hinn sami og getið hefur sér gott orð fyrir vasklega framgöngu í þágu friðar og fyrir að semja spurningar og dæma í Spurningakeppni framhaldsskólann. Við fundarsetningu sagðist hann enda ekki mikið þekkja til launhelga matvælavísindanna, utan að þar starfaði fólk með megnustu andúð á bláum lit og bláum matvælum. „Einu sinni var smartísinn blár. Matvælamenn komust í það og breyttu. Svo var einu sinni hægt að fá bláan Opal, einu fíkniefnin sem voru í almennri sölu án nokkurra aldurstakmarkana. Það var líka stoppað,“ sagði hann og kvað helstu framfarir matvælavísinda hafa orðið til að ýta ástsælum vörum út af markaði. „En hér sýnist mér fólk framsæknara og ekki talað um að banna neitt,“ bætti hann við.



### Að stækka eða ekki

Álver Alcan/Rio Tinto í Straumsvík breytti skipuriti sínu um síðustu mánaðamót. Það vekur athygli að þar er enn að finna sérstakt stækkunarsvið. Rannveig Rist, forstjóri álversins, hefur sagt að stækkunaráform fyrirtækisins séu í uppnámi, en forstjórar orkufyrirtækja hafa verið með yfirlýsingar um takmarkaða orkusölu þangað. Hermt er að starfsmenn stækkunarsviðsins velti því fyrir sér daglega hvort þeir þurfi að mæta til vinnu næsta morgun.



## MARKAÐSPUNKTAR

Northern Travel Holding hefur keypt allt hlutafé í flugfélaginu Astraeus Limited. Fyrir kaupin átti Northern Travel 51 prósent af hlutafé félagsins, en á það nú að fullu. Northern Travel Holding er eignarhaldsfélag í eigu Fons, FL Group og Sunds.

Fimmti stærsti hluthafi AMR, móðurfélags American Airlines, leggst á árar með FL Group í frétt Bloomberg í gær og vill skilja vildarklúbb félagsins frá öðrum rekstri. Haft er eftir Morgan Stanley að vildarklúbburinn kunni að vera 5,7 milljarða dala virði, nærri jafnverðmætur flugfélaginu.

Breski stórbankinn Barclays upplýsti í gær að tap vegna amerískra undirmálslána væri heldur minna en spáð hafði verið, ekki nema 1,3 milljarðar punda, eða tæplega 161 milljarður króna.

# Óeðlilegt að sleppa verðbólgunni

„Það er óeðlilegt að gefa ekki þennan kost,“ segir Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, um að ekki sé hægt að gera ráð fyrir verðbólgu í íbúðalánareiknivél Kaupþings. Í reiknivélum annarra banka er hægt að gera ráð fyrir verðbólgu. Tólf mánaða verðbólga er nú 5,2 prósent. Við endurgreiðslu og mat á heildarkostnaði af verðtryggðu láni til áratuga getur munað mjög miklu um verðbólguna.



GÍSLI TRYGGVASON

„Við gerum þetta til þess að gera viðskiptavinum kleift að meta áhrif verðbólgunnar á lánin,“ segir Kristinn Óskarsson, framkvæmdastjóri útibúasviðs Glitnis, en á vef bankans er hægt að gera ráð fyrir verðbólgu þegar lán er reiknað út.

Friðrik Halldórsson, framkvæmdastjóri viðskiptasviðs Kaupþings, segir hins vegar að myndin sem fólk fái af endurgreiðslum skekkist sé gert ráð fyrir verðbólgu við útreikning lána. „Þá haldast verðbólga og laun nokkurn veginn í hendur. Það eru engar líkur á því að það verði einhver föst verðbólga út allan lánstímann,“ segir Friðrik og bætir því við að það sé vandasamt að finna hver sé besta leiðin í þessum efnum. Um ummæli talsmanns neytenda segir hann að Kaupþing muni skoða málið. **- ikh**

# Stokka bréfin upp

Uppstokkun varð á eignarhaldsfélaginu Runnum ehf., fjórða stærsta hluthafa í 365 í gær, og skiptu bréf í Teymi og 365 um hendur í kjölfarið. Runnar skiptast eftir þetta í Runna og fjögur óstofnuð félög. Ekkert liggur fyrir um ástæðu uppstokkunarinnar að öðru leyti en því að hún hafi lengi staðið fyrir dyrum og fær hver aðili bréf í félögum Runna í samræmi við eignahlut sinn.

Að Runnum stóðu félög í eigu Magnúsar Ármanns, Þorsteins Jónssonar og Kevins Stanford, Bygg Invest og Primus ehf., sem er í eigu Hannesar Smárasonar. **- jab**

# Vilja fresta skráningu Símans fram yfir áramótin

**Stjórn Skipta, sem keypti Landssíma Íslands af ríkinu í ágúst 2005, hefur óskað eftir því við fjármálaráðuneytið að fresta skráningu félagsins í Kauphöll Íslands fram yfir áramót.**



**HREPPTU SÍMANN** Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðsins Gildis, Þorgeir Eyjólfsson, hjá Lífeyrissjóði VR, og Erlendur Hjaltason, forstjóri Exista, fagna því að hafa átt hæsta tilboð í Símann í júlí 2005. Þeir voru í forsvari fyrir stærstu hluthafana í gamla ríkisfyrirtækinu ásamt Kaupþingi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, segir beiðnina til skoðunar. Tekin verði afstaða til málsins eins fljótt og kostur er. Samkvæmt kaupsamningi átti að skrá Símann í kauphöllina fyrir áramót og selja þrjátíu prósent til almennings og annarra fjárfesta.

Pétur Þ. Óskarsson, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Skipta, segir félagið búið að gera óbindandi tilboð í tæpan helmingshlut í slóvenska símafyrirtækið Telekom Slovenije. Ekki verði ljóst fyrr en í árslok hvort af þessum kaupum verði. Þetta skapi ákveðna óvissu sem stjórnendur Kauphallarinnar hafa vakið athygli á.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, segir það í þágu markaðarins og fjárfesta að fresta söluferlinu fram yfir áramótin. Slóvenska símafélagið sé stórt og hyggilegt að niðurstaðan liggi fyrir þegar hafin verði viðskipti með hlutabréf Skiptis. Þá muni fjárfestar hafa góða mynd af stöðu félagsins og framtíðarmyndin verði skýrari. Þetta séu sömu áherslur og viðhafðar séu við skráningu allra annarra félaga í Kauphöll.

Í fréttatilkynningu frá Skipti segir að Kauphöllin hafi lýst efasemdum sínum um að haldið verði áfram með skráningu Skipta á markað á meðan óvissa ríki í rekstri félagsins og framtíðarhorfum. „Fyrir liggur, að vegna ákvæða í samkomulagi við slóvenska ríkið, er Skiptum hf. og ráðgjöfum þess óheimilt að upplýsa um hvaðeina sem varðar möguleg kaup á Telekom Slovenije, þar með talið nánari upplýsingar úr rekstri félagsins, sem ekki hafa þegar verið gerðar opinberar,“ segir í tilkynningunni. Þetta geti verið bagalegt fyrir fjárfesta sem hyggist leggja mat á verðmæti hlutabréfa félagsins.

**bjorgvin@frettabladid.is**






# Stærri en Síminn

Skipti hf. eru þátttakandi í söluferli á hlut í slóvenska símanum, Telekom Slovenije. Til stendur að selja 49,13 prósenta hlut í félaginu í þessari umferð til kjölfestufjárfestis, sem mun í kjölfarið þurfa að gera öðrum hluthöfum í félaginu yfirtökutilboð, að undanskildu slóvenska ríkinu sem halda mun eftir 25 prósenta hlut. Samtals er því um að ræða allt að 75 prósenta hlut í Telekom Slovenije. Ekki verður ljóst fyrr en í árslok hvort af kaupum Skipta verður.



Telekom Slovenije er skráð í kauphöllina í Slóveníu og hjá því starfa um 2.200 starfsmenn. Markaðsvirði félagsins í fyrradag var rúmir 2,5 milljarðar evra. Það jafngildir um 220 milljörðum íslenskra króna. Miðað við þetta verð kostar helmingshlutur um 110 milljarða króna og 75 prósent í fyrirtækinu rúma 165 milljarða króna. Til samanburðar greiddi Skipti 66,7 milljarða fyrir Landssíma Íslands árið 2005. **- bg**

# Vilja nýjan hluthafafund

Forráðamenn Stillu og tengdra félaga, sem eiga um þriðung í Vinnslustöð Vestmannaeyja (VSV), hafa beðið um hluthafafund í VSV. Í yfirlýsingu stjórnar VSV kemur fram að forráðamenn Stillu óski meðal annars eftir rannsókn á viðskiptum félagsins og einstakra stjórnenda, samningum við fyrirtæki og viðskiptabanka.

Forráðamenn Stillu eru á móti afskráningu VSV úr Kauphöll Íslands sem samþykkt var með 60 prósentum hlutafjár á hluthafafundi fyrir helgi. Forsvarsmenn Eyjamanna, sem eiga rétt rúman helming í VSV, gagnrýna að fundarbeiðnin hafi ekki náð til allra stjórnarmanna VSV áður en hún var komin til fjölmiðla. „Augljóst er að aðstandendur erindisins birta það á þennan hátt í þeim tilgangi að gera stjórnendur og meirihlutaeigendur Vinnslustöðvarinnar tortryggilega með tilhæfulausum dylgjum sem felast í bréfinu til stjórnar félagsins,“ segir í yfirlýsingunni. Þar kemur fram að erindi Stillu verði tekið fyrir í stjórn VSV „og því verður síðan svarað á réttum vettvangi“.

Hróbjartur Jónatansson, lögmaður Stillu, segir stjórn VSV hafa fjórtán daga til að boða til fundarins. „En það getur margt gerst í viðskiptum á hálfum mánuði,“ segir hann. **- óká**




Útsöluafsláttur gildir ekki af öðrum tilboðum eða stjörnumerktum vörum.




**Eikarparket**
Eik Family, 3ja stafa, lakkað.
Borðastærð 15 x 207 x 2.200 mm
146905

**2.960** kr/m²




**Eikarparket**
Eik natúr, 3ja stafa. Sígilt útlit.
Borðastærð 14x188x2.525 mm.
Sænsk gæðavara, einnig til með möttu lakki
146825

**3.890** kr/m²




**Smellufestingar**
Festing fyrir gólflista frá Pedross.
Ekkert lím, engir naglar
Auðvelt að fjarlægja þegar þarf að
mála eða leggja kapla.
84120




**Plastparket**
Free beykilíki ljóst 7 mm, 3ja stafa. Rakavörn
á samskeytum. 20 ára ábyrgð. Borðastærð
194 x 1.292 mm. T-Lock krækja - ekkert lím
146860

**1.195** kr/m²




**Plastparket**
Megafloor hvíttað askliki 7 mm, 3ja stafa
15 ára ábyrgð. Borðastærð 192 x 1.292 mm.
Matt yfirborð, Just Click krækja - ekkert lím
146945

**1.490** kr/m²




**Evrópskur hlynur**
Hlynur Family, 3ja stafa.
Borðastærð 15 x 207 x 2.200 mm
146920

**3.390** kr/m²



**Veggflís Arizona**
**Vives**, frá Spáni stærð 20x25 sm. Hér í
gráum tón vnr: 8600166. Einnig fánleg í
drapplit vnr: 8600165
8600166/165

VIVES

**1.395** kr/m²




**Gólfflísar**
**Keope**, Pietra Serena, Porfido Beige,
Bardiglio gráar, gegnheilar frostþolnar flísar
frá Ítalíu, 30 x 30 sm, þykkt 8,6 mm
8630030/1/3

**1.395** kr/m²



**Náttúrusteinn**
Mustang, 30 x 60 sm, sígildar flísar
870070

**2.575** kr/m²

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Dagur íslenskrar tungu er í dag.

## Móðurmálið í höndum kennara

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Á ég að syngja Íslenska tungu?“ spurði leikskólanemi á fimmta ári í vikunni. Hann beið ekki boðanna heldur hóf upp raust sína og söng allt fyrsta erindi Vísna Íslendinga, eða Hvað er svo glatt … Seinna upplýsti pilturinn að Íslensk tunga væri eftir gamlan mann sem héti Jónas og væri dáinn.

Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur í dag og minning Jónasar Hallgrímssonar heiðruð í tilefni þess að tvö hundruð ár eru liðin frá fæðingu hans.

Þeir eru áreiðanlega margir leik- og grunnskólanemarnir sem undanfarna daga hafa kynnst ljóðum og sögum Jónasar Hallgrímssonar í fyrsta sinn eða rifjað upp kynni sín af þeim. Þetta starf er ánægjulegt fyrir alla sem að því koma.

Á degi íslenskrar tungu er hvort tveggja gert að líta um öxl og horfa fram á veginn. Hvernig höfum við umgengist móðurmálið okkar? Hver er staða íslenskunnar á árinu 2007 og hvernig er líklegt að henni muni heilsast eftir tíu ár, eða fimmtíu? Hvað getum við og viljum gera til að hafa áhrif á þróun íslenskunnar?

Þessum spurningum verður áreiðanlega víða velt upp í dag og svörin verða margbreytileg.

Ljóst er að skólar gegna lykilhlutverki, og stöðugt vaxandi, í þroska móðurmáls hvers barns og miðlun menningararfsins. Hugtakið móðurmál vísar vissulega til þess að málið er numið af móður og vitanlega einnig föður. Hitt er staðreynd að leikskólinn gegnir sífellt veigameira hlutverki við örvun málþroska ungra barna.

Ekki þýðir annað en að horfast í augu við að upplestur og söngur er ekki lengur það sem fólk styttir sér stundir við á heimilum á 21. öldinni. Sjónvarp hefur tekið við af útvarpi, sem áður tók við af húslestri og söng. Það er því orðið verkefni skólanna að kynna menningararfinn fyrir æskunni; ljóðin og lögin, fyrir utan lesturinn, ritunina og allar aðrar hliðar á formlegu og óformlegu móðurmálsnámi.

Allt ber að sama brunni. Það verður að gefa verulega í þegar kemur að íslenskukennslu. Allir kennarar eru móðurmálskennarar, og er þá ekki síst átt við leikskólakennara. Því verður móðurmálsnám að skipa veglegan sess í öllu kennaranámi. Áform um að draga úr móðurmálsnámi í Kennaraháskóla Íslands verða vonandi að engu. Nær væri að auka það.

Góð íslenskukennsla barna og unglinga skiptir sköpum. Þar er bæði átt við miðlun menningararfsins og kennslu til aukins skilnings á formgerð málsins. Á þeirri þekkingu byggist nám í erlendum málum. Því má ekki gleyma þegar rætt er um mikilvægi kunnáttu í erlendum tungumálum.

Loks er ljóst að verk er fyrir höndum að kenna með markvissum hætti erlendu fólki sem hér er að setjast að íslensku. Það er lykill þess að samfélaginu.

Enn í dag njótum við kvæða Jónasar Hallgrímssonar. Full ástæða er einnig til að tileinka sér ástríðu hans fyrir íslenskri tungu og þá baráttugleði og sköpun sem hann viðhafði henni til varnar.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Jónas alls staðar

Mikill fjöldi viðburða verður í dag, á degi íslenskrar tungu, í tilefni þess að 200 ár eru liðin síðan Jónas Hallgrímsson fæddist. Menntamálaráðherra mun til dæmis heimsækja leikskóla, grunnskóla, háskóla og Stofnun Árna Magnússonar þennan dag á meðan forsetinn verður norðan heiða þar sem hann mun gefa öllum 10. bekkingum í Þelamerkurskóla nýja ævisögu Jónasar eftir Böðvar Guðmundsson og opna minningarstofu á Hrauni í Öxnadal um skáldið og náttúrufræðinginn Jónas.



Þá standa Háskóli Íslands, Rithöfundasambandið og afmælisnefnd Jónasar fyrir blysför á morgun og í Tónlistarskóla FÍH verða tónleikar, þar sem einvörðungu verður flutt íslensk tónlist. Þetta er aðeins brotabrot af því sem er í boði og því eitthvað fyrir alla sem einhvern áhuga hafa á Jónasi.

### Líka uppi á fjalli

Flestir minnast Jónasar sem ljóðskálds, en Ferðafélagið sameinar ljóðskáldið og náttúrufræðinginn Jónas á skemmtilegan hátt með því að bjóða upp á gönguferð á Skjaldbreið á morgun. Þar verður Pétur Þorleifsson með í för og segir frá öllum örnefnum sem sjást, en þetta mun vera í 27. sinn sem Pétur gengur á Skjaldbreið. Vonandi týnist nú enginn, svo ekki þurfi að fara með orðin:

Heiðabúar! glöðum gesti
greiðið för um eyðifjöll.
Einn ég treð með hundi og hesti
hraun – og týnd er lestin öll.
Mjög þarf nú að mörgu hyggja,
mikið er um dýrðir hér!
Enda skal ég úti liggja,
engin vættur grandar mér.

### Og á netinu

Þá hefur Mjólkursamsalan, í samstarfi við Hvíta húsið, opnað glæsilega vefsíðu, jonas.ms.is. Þar mynda 816 náttúrulífsmyndir andlit Jónasar. Hver mynd er svo tengd náttúruljóði eftir 119 ljóðskáld, meðal annars eftir Jónas sjálfan, Huldu, Megas og Diddu.

svanborg@frettabladid.is

# Í minningu Jónasar

*Ástkæra ylhýra málið*
*og allri rödd fegra!*

Svo kvað Jónas Hallgrímsson, og sá sem les kvæði hans þarf ekki að efast um að íslenskt mál sé fagurt. Málið er orðauðugt og blæbrigðaríkt, og það á sér merka ritmálshefð sem gefur því dýpri hljóm. Tungan er auðvitað umfram allt merkileg og fögur fyrir okkur sem eigum hana að móðurmáli, og margt fólk sem kynnist henni sem erlendu máli er sama sinnis. En tungumálin eru ekki í fegurðarsamkeppni. Jónas er að tala um hvernig íslensk rödd getur hljómað í eyrum þess sem ann henni.

Umræður um stöðu tungunnar á þessu hausti hafa borið keim af þeim uppþotum sem öðru hverju verða í fjölmiðlaumræðu okkar. Þá er stutt í einfaldanir og heimsendaspár. Svo er málið tekið af dagskrá. En íslensk tunga er verðugt umhugsunar- og umræðuefni á öllum tímum. Nokkrar spurningar leita á hugann þegar málið ber á góma: Er tungunni hætta búin, og ef svo er, er það þá lífshætta? Eru breytingar tungunni hættulegar eða etv. óhjákvæmilegar og jafnvel til góðs? Getum við gert eitthvað til að tryggja að íslensk tunga verði áfram öflugt og alhliða tæki til tjáningar og vaxandi fjársjóður listar og sögu, eins og hún hefur lengi verið, megnug að verða allri rödd fegri í eyrum hlustanda?

*Allt er í heiminum hverfult og*
*stund þíns fegursta frama*
*lýsir sem leiftur um nótt, langt*
*fram á horfinni öld*

Svo kvað Jónas fyrir rösklega 170 árum. Þá var tungan talin í hættu, og hættumerkin voru reyndar augljós. Þjóðin var fátæk og tungutak margra fátæklegt og dönskuskotið. Sjálfur var Jónas því sem næst tvítyngdur. Danskan sem hann skrifar í bréfum og skýrslum er enn lifandi mál, og hann orti fullgild ljóð á dönsku. Dönskukunnáttan kom ekki í veg fyrir að Jónas legði manna drýgstan skerf til að endurnýja íslenskt ritmál, ekki fremur en málakunnátta Halldórs Laxness og fjölmargra annarra síðari manna hindraði þá í sköpun tungunnar.

Þarf að skapa lifandi íslensku? Er hún þá dauð? Þetta er mergur málsins: Tungumál sem ekki er verið að skapa með því að nota það, tjá nýjar hugmyndir og tilfinningar, gefa gömlu nýjan búning, bregðast við nýjum aðstæðum og tengja við gamlar, slíkt tungumál deyr.

*Það er svo bágt að standa í stað,*
*og mönnunum munar*
*annaðhvort aftur á bak ellegar*
*nokkuð á leið*

Tungan er að breytast og hlýtur að gera það á breytingatímum. Á gullöld íslenskra bókmennta, tólftu og þrettándu öld, einfaldaðist og breyttist sérhljóðakerfi íslensku til muna, og orðaforðinn breyttist vegna ytri áhrifa, en þetta gekk ekki af tungunni dauðri; þvert á móti urðu þá til bókmenntir sem enn lifa. Ætli það hafi ekki einmitt verið sá sköpunarmáttur, sem leystist úr læðingi á breytingatímum, sem gaf tungunni og þjóðinni þrótt til að lifa af erfiða tíma sem í hönd fóru?



VÉSTEINN ÓLASON

**Í DAG** | Íslensk tunga

*Margir hafa á orði um þessar mundir að einatt sé hraksmánarlega farið með íslenska tungu í ræðu og riti. Það er dagsatt. Samt er hægt að færa gild rök fyrir því að íslenska sé nú öflugra mál og lífvænlegra en nokkru sinni fyrr.*

Íslensku stafar ekki ógn af erlendum málum ef við sem höfum drukkið hana í okkur með móðurmjólkinni leggjum okkur fram um að rækta hana í sjálfum okkur, kappkostum að nota hana vel og sýna henni virðingu. Við þurfum að eiga metnað fyrir hennar hönd. Margt kemur af sjálfu sér, en breytingum. Brýningar Jónasar voru viðbragð við þeirri deyfð. Nú er öldin önnur, og nýjungagirninni og dirfskunni mætti stilla betur í hóf. En öllu skiptir að gleyma ekki upprunanum og varðveita þann fjársjóð sem menning og tunga eru. Við verðum að þora að vera Íslendingar og skilja að dauði tungu og menningar yrði slys í heimi nútímans. Hvert sinn sem tunga hverfur verður mannkynið fátækara, þeir sem áttu hana örsnauðir.

Margir hafa á orði um þessar mundir að einatt sé hraksmánarlega farið með íslenska tungu í ræðu og riti. Það er dagsatt. Samt er hægt að færa gild rök fyrir því að íslenska sé nú öflugra mál og lífvænlegra en nokkru sinni fyrr. Hún hefur reynst fær um að laga sig að ótrúlegum og skjótum breytingum mannlífsins og leggja undir sig ný svið. Þótt margir beygi vitlaust, sletti og noti framandlega orðskipan eru líka margir sem tala og rita gott og fjölbreytilegt mál. Gleymum ekki að oft er skapandi kraftur í ögrandi og óreglulegu málfari æskufólks. Vandað ritmál er oft fjarlægt töluðu máli, og þar hafa rithöfundar verk að vinna, sem ég held að þeim takist oft vel, að endurnýja ritmálið með krafti og fjölbreytileika talaðs máls.

*siglir særokinn,*
*sólbitinn slær,*
*stjörnuskininn stritar*



**NÝ KYNSLÓÐ - NÝTT TUNGUTAK** „Gleymum ekki að oft er skapandi kraftur í ögrandi og óreglulegu málfari æskufólks,“ segir meðal annars í greininni. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

annað þarf árvekni við. Þess vegna eru rannsóknir á tungunni nauðsynlegar. Við þurfum að þekkja hana út í æsar. Við þurfum líka að leggja rækt við að kenna hana, bæði sem móðurmál og annað mál. Það er hlægileg hugsunarvilla að halda að Íslendingar yrðu gjaldgengari í veröldinni ef þeir leyfðu tungu sinni og menningu að verða hornkerling heima fyrir.

*Veit þá engi að eyjan hvíta*
*á sér enn vor, ef fólkið þorir*

Íslenskt þjóðlíf einkennist nú af fjöri fólks sem þorir. Ekki af því að það hafi svo mikið þor í erfðavísunum, heldur af sérstökum – að hluta tilviljanakenndum – aðstæðum sem hér hafa skapast. Þeim sem mesta trú hafa á víkingseðlinu mætti benda á að ekki eru nema tvö hundruð ár síðan Íslendingar voru alræmdir fyrir deyfð og framtaksleysi, sljóleika og andóf gegn

Sjósókn og annað strit var lengi forsenda lífs í landinu. Sjósókn fylgir áhætta en líka ávinningur. Við sækjum nú á framandi menningarmið sem aldrei fyrr. Einhverjar fórnir kann það að kosta, en ávinningurinn er meiri, aflinn tryggir framtíð lifandi menningar. Íslensk menning og tunga geta átt bjarta framtíð, en hún verður ekki til af sjálfu sér. Þessum bjartsýnisorðum er ekki ætlað að ýta undir andvaraleysi, hvetja til að látið sé reka á reiðanum. Íslenskt samfélag og íslensk tunga eru nú í straumiðu örra breytinga, jafnvel í brimgarði. Við verðum að stýra og taka á saman. Dirfska sjómannanna sem reru gegnum brimgarðinn var ekki fífldirfska heldur hnitmiðað samhæft átak. En launin, þegar að landi var komið, voru lífið sjálft.

*Höfundur er forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.*

tab
ÍTALÍA

# HEILIR STURTU-KLEFAR

SÉR TILBOÐ!

MEÐ ÖLLU

80x80 kanntaður
90x90 rúnaður





Sturtuhaus


Handsturta


Hitastýrð blöndunartæki


8 nuddstútar


Sæti

**VERÐ FRÁ 88.900,-**

BESTA VERÐIÐ
FLOTTARI VARA

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# Fastatök íslenskrar tungu á hnattvæðingu

**UMRÆÐAN**
Þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytisins



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

Ádegi íslenskrar tungu finnst mér rétt að vekja athygli á því sem vel horfir.

Í skýrslu til Alþingis um utanríkismál sem flutt var í síðustu viku lagði ég út af nýjum veruleika íslensku þjóðarinnar. Þó að stutt sé liðið á 21. öldina hefur hún borið með sér miklar breytingar og Ísland er lifandi vitnisburður þeirra hröðu breytinga. Í stjórnmálum eru skilin milli innanlandsmála og alþjóðamála að hverfa. Þetta má orða sem svo að á 21. öld séu heimsmálin einnig heimamál og heimaverkefnin heimsverkefni.

Sumir óttast um íslenska tungu við þessar aðstæður og aðrir ganga langt í að tala fyrir aukinni notkun ensku hér heima í viðskiptum, skólum, stjórnsýslu og jafnvel menningarstarfi. Eins og oft gerist hjá okkur hneigist umræðan til tveggja póla og kappræðan tekur yfir.

Staðreyndin er sú að íslensk tunga er sterk sem fyrr og áfram er það viðfangsefni Íslendinga að hún endurnýist og smíðuð séu ný orð um allt sem er hugsað á jörð.

Þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytisins hefur verið starfrækt frá því að undirbúningur hófst að aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Í þeirri aðild fólst í raun umfangsmesta upptaka erlends réttar frá því að Járnsíða og Jónsbók urðu lögbækur Íslendinga á 13. öld. Í sautján ár hefur þýðingarmiðstöðin íslenskað nýja hugsun í tækni, samfélagsmálum, vísindum og menningu og leitt ný orð og hugtök inn í íslenskt ritmál í sátt við formgerð íslenskunnar. Þetta starf er ómetanlegt því með þessu móti eru tengslin við Evrópu og heiminn virkjuð til að endurnæra íslenskuna og svara kalli tímans. Starfsstöð þjálfaðra íslenskufræðinga og annarra sérfræðinga er mitt í kviku nýmæla í þróun tækni, samfélags og vísinda og færir inn í íslenskuna orð og hugtök til að fjalla um þau nýmæli.

Með starfi þýðingarmiðstöðvarinnar er orðið til hugtakasafn með ríflega 46 þúsund íslensk grunnhugtök sem aðgengilegt er öllum á vefsetri utanríkisráðuneytisins. Þýðingarmiðstöðin starfrækir í raun þekkingarnet sem nær inn á afar fjölbreytt starfssvið samfélagsins – í verkgreinar, í opinberar stofnanir, til rannsóknafólks og víðar. Þetta fólk liðsinnir við að skilja við hvað er átt á erlendu tungumáli og hvernig það verði best orðað á lipurri íslensku. Metnaður allra er mikill til þess að tryggja vöxt og viðgang íslenskunnar.

Með starfi af þessu tagi tryggjum við til framtíðar fastatök íslenskrar tungu í glímunni við hnattvæðinguna.

*Höfundur er utanríkisráðherra.*

# Kostun á dagskrá RÚV

**UMRÆÐAN**
Ríkisútvarpið



ARI EDWALD

Samningur RÚV og Ólafsfells, sem er hluthafi í Árvakri hf. og í eigu Björgólfs Guðmundssonar, um sameiginlega kostun þessara aðila á framleiðslu á dagskrárefni fyrir RÚV, hefur eðlilega vakið athygli og umræður. Flestum finnst ánægjulegt að fé sé varið til innlendrar dagskrárgerðar, en málið er ekki svo einfalt, því samningurinn felur í sér augljóst brot á ákvæðum í lögum um Ríkisútvarpið ohf., sem mikilvægt er að séu virt til að stemma stigu við vaxandi samkeppnismismunun á fjölmiðlamarkaði.

Yfirlýsingar útvarpsstjóra og menntamálaráðherra um að ekki sé um kostun að ræða þar sem féð renni til sjálfstæðra framleiðenda eru rökleysa. Nánast allt leikið efni á Stöð 2 er framleitt með sama hætti og algjört aukaatriði efnislega hvort féð fer um hendur stöðvarinnar eða beint til lækkunar á innkaupskostnaði efnisins, þótt það geti t.d. skapað skattaleg álitaefni. Útvarpslög skilgreina kostun sem

*...lögleysan í kringum RÚV ohf. er orðið eitt versta dæmið í samtímanum um prinsipplaust samkrull skattpeninga og samkeppnisrekstrar, eins og flestir sjá sem hafa tök á að setja sig inn í málið.*

hvers konar fémætt framlag til framleiðslu eða útsendingar dagskrárliða í útvarpi. RÚV og enginn annar fær verðmætin í hendur, þ.e. dagskrárefnið, sem sýnt er í samkeppni við dagskrá einkarekinna sjónvarpsstöðva, sem ekki njóta tæplega þriggja milljarða styrks frá skattgreiðendum árlega. Þetta er vinsælt efni sem leggur grunn að áhorfsmælingum og verðmætum auglýsingatímum. Því er lýst yfir af dagskrárstjóra RÚV að RÚV fari með allt dagskrárvald varðandi þessa framleiðslu.

**Hvar er þetta bannað?**

Í 11. gr. laga um RÚV ohf. eru tekjustofnar RÚV tæmandi taldir. Þeir eru 1) Sérstakt gjald sem skattstjórar leggja á og leysir afnotagjöld af hólmi 1. janúar 2009. 2) Tekjur af auglýsingum, kostun og sölu eða leigu á vörum tengdum dagskrárefni. 3) Aðrar tekjur sem Alþingi kann sérstaklega að ákveða.

Ef það væri rétt að tekju- eða verðmætaöflunin, sem samningurinn við Ólafsfell aflar RÚV, falli ekki innan þessara liða að ofan, væri því um óheimila tekjuöflun að ræða. Varðandi umfang kostunar er sú takmörkun sett í lagagreininni, að tekjur af kostun megi ekki vera hærra hlutfall af samanlögðum tekjum RÚV af kostun og auglýsingum, heldur en var á árinu 2006. Það voru um 10% af einum milljarði króna og heimildir RÚV til kostunar því löngu sprungnar samkvæmt lagaákvæðinu, eftir þessa samningsgerð.

Þessi takmörkun var ekki sett í hugsunarleysi, heldur að undangengnum ítarlegum umræðum í menntamálanefnd um hvort rétt væri að banna slíka tekjuöflun RÚV algerlega. Ekki tókst hins vegar að fá sett neitt þak á aðkomu RÚV að auglýsingamarkaðnum, sem er náskylt umræðuefni, með þeim afleiðingum að RÚV leggur nú höfuðáherslu á að framleiða auglýsingasjónvarp, sem fyrirtækið niðurgreiðir með skattfé. Á þetta hefur m.a. Viðskiptaráð Íslands bent í ítarlegum áherslupunktum til stjórnvalda um þarfar kerfisbreytingar. Yfirlýsingar til Alþingis um að ekki stæði til að auka hlut RÚV á auglýsingamarkaði hafa reynst blekkingar einar.

**Prinsipp í stjórnmálum**

Samkeppnisstaðan gagnvart RÚV er því svipuð og ef Ríkisskip væru enn til og gætu í krafti 3 milljarða niðurgreiðslu frá skattgreiðendum boðið hagstæðari farmgjöld í samkeppni við önnur skipafélög. Allir sjá að slíkt getur ekki gengið. 365 hefur þó ekki gengið svo langt að krefjast brotthvarfs RÚV af auglýsingamarkaði, en ljóst er að skýrari línu þarf að draga milli þeirra þátta sem ríkið greiðir fyrir og samkeppnisrekstrar sem aflar fjár með auglýsingum og kostunum. Hámark á slíka tekjuöflun dregur úr líkunum á að ríkisstyrkur sé notaður til undirboða í samkeppnisstarfsemi.

Að mati 365 er ríkisstuðningurinn við RÚV a.m.k. að hluta til ólögmætur eins og nú stendur, þar sem hann mætir ekki kröfum samkeppnislaga og Evrópureglna um hvernig það er afmarkað sem ríkið er að greiða fyrir. Þau atriði eru til skoðunar hjá Samkeppniseftirliti og Eftirlitsstofnun EFTA. Erfiðara er að átta sig á hvert er hægt að snúa sér með þá lögleysu sem nú er uppi varðandi kostanir. Stjórn RÚV og menntamálaráðherra bera þar ábyrgð, en ráðherra hefur þegar gefið yfirlýsingar í samræmi við þann skilning sinn að RÚV sé það fyrirtæki á markaðnum sem hún heldur með í keppni við önnur fyrirtæki. Virðist hún algerlega vanhæf til að líta hlutlægt á málefni fjölmiðlamarkaðarins í heild. Hugsanlegt virðist að bera málið undir Ríkisendurskoðun eða jafnvel umboðsmann Alþingis, en tilefnið sýnist líka ærið að slíkar stofnanir taki málið upp að eigin frumkvæði eins og umboðsmaður gerði í Orkuveitumálum.

Orkuveitumálin leiddu til líflegrar umræðu um prinsipp í stjórnmálum og stakk m.a. menntamálaráðherra og varaformaður Sjálfstæðisflokksins niður penna af því tilefni. Hún ætti að líta sér nær, því lögleysan í kringum RÚV ohf. er orðið eitt versta dæmið í samtímanum um prinsipplaust samkrull skattpeninga og samkeppnisrekstrar, eins og flestir sjá sem hafa tök á að setja sig inn í málið.

*Höfundur er forstjóri 365-miðla.*


Árlegri uppfærslu útboðslýsinga og útdrátta úr útboðslýsingum sjóða Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. er lokið. Athygli er vakin á því að breytingar hafa verið gerðar á efnisatriðum útboðslýsinganna og útdráttanna.

Hægt er að fá framangreind gögn á sjóðasíðu Kaupþings banka hf., www.kaupthing.is/sjodir.

Reykjavík, 16. nóvember 2007

Rekstrarfélag Kaupþings banka hf.

KAUPÞING



Auglýsingasími
512 50 50





– Mest lesið


# Hvað er í gangi?

**UMRÆÐAN**
Öryrkjar



SIGURSTEINN MÁSSON

Stundum er ÖBÍ legið á hálsi fyrir að beita sér ekki nóg opinberlega. ÖBÍ leggur áherslu á að ræða sem mest milliliðalaust og af heilindum við þá aðila sem ráða miklu um það hvort tillögur okkar ná fram að ganga eða ekki. Í slíkum samskiptum gildir oft maður á mann aðferðin fremur en fjandsamlegar upphrópanir í fjölmiðlum. Við viljum láta verkin tala.

Það er óvenjulegt að ÖBÍ setji fram kröfur í tengslum við fjárlagagerð og samningagerð á almennum vinnumarkaði. Við ákváðum að gera það að þessu sinni til að freista þess að ná árangri varðandi bætt kjör fatlaðra og sjúkra um áramót umfram það sem felst í lagabreytingum þeim sem tóku gildi um síðustu áramót. Meginkrafa okkar er tvöföldun á grunnlífeyri eða hækkun úr 24.831 krónu í kr. 50.000. Einnig að skattleysismörk hækki úr kr. 90. 000 í 140.000 og að frítekjumark á atvinnutekjur hækki í kr. 900.000 í stað 300.000 á ári nú.

**Ljón í vegi**

Í viðræðum mínum við fulltrúa stjórnvalda hef ég fundið fyrir miklum skilningi og áhuga á að koma til móts við tillögur okkar. Við kynntum þessar kröfur strax í haust og þótt óvíst sé að þær nái fram að ganga strax um áramót nema þá vonandi að hluta til er vilji til að ganga lengra á næsta ári. Um áramót mun lífeyrishluti almannatrygginga flytja frá heilbrigðisráðuneyti yfir til félagsmálaráðuneytis. 71 árs gamalt kerfi verður ekki stokkað upp á nýtt á einum degi eða mánuði en ég hef fulla trú á því að ef tekst að ná víðtækri samstöðu um nýtt fyrirkomulag muni það strax á næstu mánuðum skila sér í bættum kjörum, betri þjónustu við fólk, aukinni virkni og nýjum tækifærum.

Það eru auðvitað ýmis ljón í veginum. Mikilvægt er að til verði eitt öflugt almannatryggingakerfi fyrir alla landsmenn þar sem fólk þarf ekki að rekast á veggi við að leita réttar síns. Öllum hugmynd-

*Ég hef trú og von um að það takist að gera besta almannatryggingakerfi Norðurlanda hér á Íslandi í stað þess versta sem við nú búum við.*

um um aðgreinandi einkarekin kerfi sem mismuni fólki verður að hafna svo við getum einbeitt okkur að hinu sameiginlega stórverkefni að skapa hér góðar almannatryggingar fyrir alla landsmenn. Ég hef trú og von um að það takist að gera besta almannatryggingakerfi Norðurlanda hér á Íslandi í stað þess versta sem við nú búum við. Við verðum líka að finna starfsemi lífeyrissjóðanna stað þar sem þeir skerði ekki eða felli einhliða niður örorkulífeyri fólks sem vörnum kemur við. Það er óviðunandi og ömurlegt að ÖBÍ þurfi að standa í málarekstri vegna þessa eins og nú er raunin gagnvart Gildi lífeyrissjóði. En við munum fylgja málinu til enda.

**Tækifærin blasa við**

Það er ábyrgðarlaust af stjórnendum sjóðanna að fresta ekki ákvörðunum um skerðingar og niðurfellingar á lífeyri að minnsta kosti á meðan unnið er að nýju fyrirkomulagi almannatrygginga. Eftir eitt ár er markmiðið að endurhæfingarþjónusta við sjúka og fatlaða verði stóraukin. Það skiptir líka mjög miklu máli að einstaklingsmiðuð ráðgjöf og stuðningur verði efldur og getum við mikið lært af Akureyringum í þeim efnum. Það á einnig við um búsetumál fatlaðra, sem eru í miklu ólagi í Reykjavík en að mörgu leyti til fyrirmyndar fyrir norðan. Eftir breytingu mun örorkumat heyra sögunni til og færnimat verða tekið upp þess í stað, sem veitir ótekjutengdan einstaklingsbundinn rétt til stuðnings og framfærslu í hlutfalli við starfshæfni. Það er þannig mikið í gangi og hið mikla breytingaferli sem er að hefjast mun skila sér í auknum lífsgæðum fatlaðra og sjúkra. ÖBÍ mun sjá til þess.

Tækifærin blasa við okkur. Heildarhreyfing fatlaðra hefur verið kölluð til leiks og það er skylda okkar að axla ábyrgð og taka fullan þátt í þeirri miklu vinnu sem það kostar að búa til réttlátt og gott fyrirkomulag framfærslutrygginga á Íslandi. Við fylgjum verkinu til enda!

*Höfundur er formaður Öryrkjabandalags Íslands.*










Mesta úrvalið
Besta verðið

Safapressa



Exido 244002
• Öflug 700w safapressa
• Tekur hart grænmeti
• Tekur heila ávexti
• Óþarfi að fjarlægja fræin
• Óþarfi að fjarlægja börkinn
• Tveggja hraða
• 1,8 lítra matari
• Auðheinsuð




Bókin fylgir á meðan birgðir endast!

7.989 kr.
Fullt verð 11.489



Hrærivél

Kenwood KM260
• Hljóðlát en öflug 900w hrærivél
• 4,3 lítra stálskál
• Þeytari, hnoðari og hrærari fylgja
• Geisladiskur fylgir með 90 uppskriftum

19.989 kr.

Við erum beint á móti IKEA

MAX RAFTÆKI

Kauptúni 1 Garðabæ - Sími 412 2200




Stefán og Hjördís búa fyrir ofan Skerjaver, þar sem kryddframleiðsla mun hefjast innan tíðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Skiptu úr búðarrekstri í kryddframleiðslu

***Stefán Halldórsson hefur rekið verslunina Skerjaver ásamt konu sinni Hjördísi Andrésdóttur um nokkurra ára skeið. Nýlega hættu þau búðarrekstrinum og ætla að snúa sér að kryddframleiðslu.***

Verslunin Skerjaver fer ekki framhjá neinum sem keyrir inn í Skerjafjörð en hún hefur staðið við Einarsnes 36 um áratuga skeið. Þar hefur lengi verið búðarrekstur og hafa kaupfélagsstjórarnir iðulega búið á efri hæðinni. Þau Stefán Halldórsson og Hjördís Andrésdóttir hafa rekið verslunina síðastliðin sjö ár en ákváðu nýlega að hætta búðarrekstrinum og nota húsnæðið undir kryddframleiðslu. Krydd Stefáns, Bezt á lambið, Bezt á fiskinn, Bezt á kjúklinginn og Bezt á kalkúninn, hafa náð miklum vinsældum og má finna í öllum helstu matvöruverslunum landsins.

Stefán byrjaði að fikta við að setja saman kryddjurtir til að nota á lambakjöt fyrir um það bil tíu árum. Hann geymdi kryddið í stórum dalli og spurðist ágæti þess út. Stefán gaf kryddið til vina og vandamanna og hafði brátt ekki undan. „Það var svo góðvinur minn Sigurður Steinþórsson hjá Gulli og silfri sem hvatti mig til að hætta þessari vitleysu og fara að selja kryddið. Ég tók hann nú ekki beint á orðinu og spurði hvort hann hefði ekki komið í búð nýlega og séð kryddrekkana, sem venjulega eru tíu metra langir og tveggja metra breiðir,“ segir Stefán og hlær. Hann segist þó hafa látið til leiðast og þá var ekki aftur snúið. Bezt á lambið kom fyrst á markað og í því má meðal annars finna steinselju, basilíku, myntu, rósmarín, majoram, oreganó, sítrónupipar og papriku og er blandan án allra aukaefna. Í kjölfarið fór Stefán að þróa fleiri blöndur. „Ég prófaði mig áfram með hjálp góðra aðila en hef ekki látið krydd á markað fyrr en ég er búinn að láta að minnsta kosti hundrað manns prófa það,“ útskýrir hann. Kryddin eru hentug því ekki þarf að krydda hráefnið með neinu öðru, nema ef til vill salti eftir smekk.

Stefán segir að vissulega sé eftirsjá í búðinni en mörg spennandi tækifæri séu fram undan og er hann þessa dagana að innrétta húsnæðið fyrir framleiðsluna. Hann ætlar að setja fullan kraft í kryddin, hugsar stórt og stefnir jafnvel á erlendan markað.

*vera@frettabladid.is*


Innréttingar í öll herbergi heimilisins.
Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.



JKE DESIGN
Óteljandi möguleikar
Mörkinni 1 108 Reykjavík
sími 515 0700 www.jke-design.is

Veldu möguleika



**Kökudiskar** gera sjálfa kökuna fallegri. Ef kakan eða tertan er mikil hnallþóra sem girnilegheitin leka af nýtur hún sín mun betur á fallegum diski, til dæmis á fæti.

Sérfræðingar í saltfiski

Ekta fiskur
Sælgæti úr sjónum

Sími: 466 1016
ektafiskur@emax.is

Þjónustum verslanir, veitingahús o.fl.

Fyrir verslanir:

Til suðu:
saltfiskbitar blandaðir
gellur
gollaraþunnildi

Til steikingar:
saltfiskbitar blandaðir
saltfiskkurl
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
gellur

Fyrir veitingahús – hótel – mötuneyti:
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
saltfiskbitar blandaðir til suðu og steikingar
saltfiskkurl

Fyrir utan saltfiskinn þjónustum við sitthvað fleira, svo sem:
ýsuhnakka
rækjur
þorskhnakka
steinbítskinnar og bita



Ola Alexandra í Bar Polonia ber fram innbakaðar svínalundir og fylltar pönnukökur ásamt meðlæti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Berum pólskt á borðið

*Margir Íslendingar eiga pólska vinnufélaga og þeim leikur forvitni á að kynnast pólskri matarmenningu.*

Við Flatahraun 21 í Hafnarfirði er veitingastaður sem heitir Bar Polonia. Þar sér Ola Alexandra um matseldina og reiðir fram pólska rétti í bland við íslenska. Ola hefur búið á Íslandi í tíu ár og talar og skilur íslensku. Hún segir fleiri Íslendinga en Pólverja borða hjá sér í hádeginu og að flestir þeirra komi aftur og aftur.

Ola eldaði fyrir Fréttablaðið innbakaðar svínalundir og fylltar pönnukökur sem hún segir hvorutveggja ekta pólska rétti. Þeim síðarnefnda lýsir hún svo: „Ég baka venjulegar pönnukökur, svolítið þykkar, steiki sveppi, lauk og súrkál á pönnu, set á kökurnar og rúlla þeim upp. Síðan velti ég þeim upp úr eggi og raspi og steiki aftur á pönnu. Þetta er bæði fljótlegt og gott.“

Í Drafnarfelli 2 í Breiðholti er verslunin Mini Market sem selur meðal annars pólskar matvörur á borð við ávaxtasafa, krydd, kaffi, niðursuðuvörur og þurrkaða skógarsveppi. Þar ræður Stanislaw Piotr Kowal ríkjum og stemningin er alþjóðleg í kringum hann. „Ég opnaði í júlí í sumar og það er nóg að gera enda versla hér mjög margir, bæði útlendingar og Íslendingar,“ segir hann.

*- gun*



Stanislaw verslunarstjóri við einn vörurekkann í Mini Market.



Mikið fæst af niðursuðuvörum í Mini Market.

## Eldsnöggt í matinn

GOTT Á PITSUR, Í SALÖT, PASTARÉTTI OG MEXÍKÓSKAR PÖNNUKÖKUR.

Kjötmeistarar Sláturfélags Suðurlands senda nú frá sér enn eina nýjungina til að flýta fyrir matreiðslu önnum kafinna landsmanna. Það er álegg, beikon eða kjöt sem búið er að skera, sneiða, bita niður eða steikja. Þessar vörur falla undir SS-vörumerkið og eru hugsaðar til að auka þægindin og spara tíma. Um er að ræða fjóra mismunandi pakka, skinkustrimla, pepperóní-sneiðar, eldaða beikonbita og forsteikt hakk.
Skammtarnir henta sérlega vel þegar verið er að búa til pitsur, pastarétti, salöt, brauðrétti, mexíkóskar pönnukökur eða aðra rétti í þeim dúr.
Vörurnar eru tilbúnar til neyslu, skammtastærð er hæfileg og umbúðirnar þannig úr garði gerðar að auðvelt er að opna þær og loka. Auðveldara gæti það ekki verið! Eldsnöggt fæst í öllum helstu matvöruverslunum landsins.



Þægilegt er að kippa með sér Eldsnöggu heim og hafa matinn til á mettíma.







Hvernig færð þú barnið þitt til að borða ferskan fisk daglega?

▸ Svarið er Skólabiti

Fæst í flestum matvöruverslunum og á bensínstöðvum um allt land

25 gr. **Skólabiti** samsvarar 125 gr. af ferskum roðlausum fiskflökum. Inniheldur prótín, vítamín og bætiefni.

GÆÐAFISKUR
NÆRING OG HOLLUSTA

# Jólahlaðborð og gisting í Ölfusi

***Hótel Eldhestar á Völlum í Ölfusi býður upp á jólahlaðborð fyrir fyrirtæki og hópa. Algengt er að fólk gisti á hótelinu eftir jólahlaðborðin.***



Fríða Rut Stefánsdóttir

„Við erum með kalda og heita rétti á hlaðborðinu auk meðlætis og ábætisrétta,“ segir Fríða Rut Stefánsdóttir, sem heldur utan um bókanir á hlaðborðin. Hún nefnir sem dæmi reykt svínakjöt, hangikjöt, heilsteikt lambalæri og rifjasteik, reyktan lax, ýmis paté og síld.

„Yfirleitt er miðað við að hlaðborðið hefjist klukkan sjö en annars reynum við að sníða þetta eftir hverjum hópi fyrir sig og byrjum þá þegar hópnum hentar,“ segir Fríða en salur hótelsins tekur um sjötíu manns í sæti. „Síðan erum við með 26 herbergi þannig að miðað við að tveir séu saman í herbergi getum við tekið allt að 52 manns í gistingu. Það er nokkuð mikið um að fólk gisti eftir jólahlaðborðið en það á helst við um hópa sem koma lengra að. Þeir sem búa í nágrenninu eins og á Selfossi eða í Hveragerði fara nú yfirleitt bara heim að hlaðborðinu loknu,“ bætir hún við og bendir á að þeir sem séu í gistingu geti yfirleitt komið um hádegið og slakað á fram að hlaðborðinu um kvöldið.

„Hlaðborðið hjá okkur hefur verið rosalega vinsælt og við erum búin að fylla allar dagsetningar fyrir utan tvær og fáum enn mjög mikið af fyrirspurnum svo það verður örugglega bráðum allt orðið fullt hjá okkur,“ segir Fríða Rut hjá Eldhestum.

*sigridurh@frettabladid.is*



Eftirréttirnir eru einstaklega girnilegir og auk þess að bragðast vel þá eru þeir mikið fyrir augað.



Fríða Rut segir það mjög algengt að fólk sem komi lengra að í jólahlaðborðið gisti á hótelinu nóttina eftir.



Girnilegir kjötréttir tilbúnir til framreiðslu í eldhúsi Hótels Eldhesta.

## Uppskrift Stefáns

### Koníaksfilé og bernaise

**Koníakskryddlögur á lambafilé**
Koníaki hrært út í „Bezt á lambið“-kryddblönduna. Fyrst þarf að skera raufar í fituna með beittum hníf. Svo er þurrkryddað með „Bezt á lambið“ á kjöthliðinni og koníakskryddleginum síðan makað á fituhlið féléstykkjanna. Gott er að láta kjötstykkin marinerast í koníakskryddleginum í hálfan til einn sólarhring áður en kjötið er steikt.

**BERNAISESÓSA**
**5 eggjarauður**
**500 g brætt smjör**
**1 msk Bezt á kalkúninn**
**nokkrir dropar Tabasco-sósa (rauð)**
**1 tsk bernaise-essens**
**estragon**
**nokkrir dropar af sítrónusafa**

**Aðferð:**
Setjið eggjarauðurnar í stál/keramikskál og hafið skálina í vatnsbaði, en sósan er löguð í vatnsbaðinu (ca. 37-40°C). Fyrst eru eggjarauðurnar stífþeyttar með handþeytara þar til þær eru nánast hvítar. Þá er bræddu smjörinu hellt varlega í smáskömmtum og handþeytarinn látinn ganga á hægum hraða á meðan. Þá er tabascosósa, essens, krydd og sítrónusafi sett út í og hrært í augnablik. Athugið að ekki má setja lok á skálina eða hita sósuna upp aftur því þá skilur hún sig. Sósan er ekki síður góð þótt hún kólni eitthvað.




# Jólaveislur á Vesturlandi



Fimm veitingastaðir bjóða upp á fjölbreyttar veislur í aðdraganda jóla

*Velkomin á Vesturland*



## Aðventutilboð á Hótel Glym



*Hernámið í hádeginu*
Jón Rafn Högnason tekur á móti hópnum og rekur sögu fjarðarins í seinni heimsstyrjöldinni, hvalveiðisöguna. Hallgrímskirkja í Saurbæ skoðuð og sagt frá þeim hjónum Hallgrími Péturssyni og Guðríði Símonardóttur (Tyrkja-Guddu). Ferðin endar á glæsilegu jólahádegisverðarhlaðborði á Hótel Glym í Hvalfirði. Verð með öllu 4.900 kr.

*Villibráðarhlaðborð*
Föstudags- og laugardagskvöld frá 16. nóvember til jóla. Hópar stærri en 40 manns geta bókað aðra daga. Jólafordrykkur, glæsilegt jólahlaðborð, einstakar náttúru-jólaskreytingar. Upplifun. Verð 6.900 kr.

*Aðventuljós á Hótel Glym*
Gisting í glæsilegu herbergi, heitir pottar. Fordrykkur, villibráðarhlaðborð, glæsilegt Strandamanna-„brunch“

**Nánari upplýsingar á www.hotelglymur.is eða í s. 430 3100**

## Jólaveislur Landnámsseturs



*Hádegisskemmtun fyrir börn og fullorðna*
Uppáhaldsmatur jólasveinanna. Jólasveinar krækja sér í bita. Verð: fullorðnir kr. 2.500 6-14 ára kr. 1.500 Frítt fyrir yngri en 6 ára.

Pönnukakan hennar Grýlu Brúðuleiksýning eftir Bernd Ogrodnik 2., 8., og 9., des. kl. 14. Verð kr. 1.000.

Sungið og gengið í kringum jólatré með jólasveinunum.

*Jólaveisla Landnámsseturs*
Glæsilegur kvöldverður Fjórir forréttir, fjórir aðalréttir, þrír eftirréttir. Húsráðendur, vinir og velunnarar skemmta með glensi og söng. Fullt verð kr. 5.300. Hópaverð, 8 eða fleiri, kr. 4.900.

**Sjá matseðla á www.landnamssetur.is Sími 437 1600 Netfang: landnamssetur@landnam.is**

## Julefrokost – með íslensku ívafi

HRAUNSNEF sveitahotel



Kalt borð að hætti Dana í hádeginu
**verð kr. 3200,-**

Kvöldverður að dönskum sið með íslenskum áherslum
**verð kr. 4900,-**

Tilboð á Julefrokost með gistingu og morgunverðarhlaðborði
**verð kr. 9800,-**
á mann í tveggja manna herbergi.

**Allar nánari upplýsingar á www.hraunsnef.is eða í síma 435-0111**

Mbl 923793

## Jól í hjarta Ólafsvíkur

HÓTEL Ólafsvík



*Jólahlaðborð*
*17. nóv, 24.nóv, 1.des og 8. des*

*Forréttir*
Hnetugrafinn lax með púrtvínsósu, reyktur regnbogasilungur með graslauk og sýrðum rjóma, Hreyndýrapaté með trönuberjum, Villibráðapaté með cumberlandsósu, blandaðir sjávarréttir í koníaksósu, heimalagaður síldarréttur með eplum og sellery, Konfektsíld, Karrýsíld, Appelsínusíld, og Villisveppasúpa

*Aðalréttir*
Hangikjöt, Jólaskinka, Rifjasteik og villikryddað lambalæri.

*Meðlæti*
Soðnar og sykurbrúnaðar kartöflur, Rauðkál, Grænar baunir og maís, Ananas, ferskt salat, Rauðbeðusalat, Ávaxtasalat, Mákonusalat, Rauðvínssósa, Uppstúf, brauð, Rúgbrauð og laufabrauð omfl.

*Eftirréttir*
Ris a la mande með hindberjasósu
Marenstertur og kransakökubitar
kaffi
kr 4,900 pr,m

Jólahlaðborð, gisting og morgunverðarhlaðborð 8,900 pr,m

**Hótel Ólafsvík, Ólafsbraut 20, 355 Ólafsvík Sími: 436 1650. bokanir@hotelolafsvik.is**

SIRKUS



KATRÍN BRYNJA HERMANNSDÓTTIR EIGNAÐIST SON Í LOK SEPTEMBER

# Hlakkar til að kynnast nýju þulunum

16. NÓVEMBER 2007 ■ Jón Ásgeir og Ingibjörg afþakka brúðargjafir ■ Frosti Gnarr gerir það gott ■ Stígvélatískan

# fréttir

## Heyrst hefur

### Telma Tómasson aftur í fréttirnar

Heyrst hefur að Telma Tómasson, fyrrverandi fréttakona Stöðvar 2, muni sjá um lifandi fréttaflutning á fréttavefnum MBL.is.



Telma sagði skilið við fjölmiðlaheiminn fyrir þónokkrum árum og hefur gegnt starfi fjölmiðlafulltrúa Þróunarsamvinnustofnunar Íslands síðan 2004. En auk þess hefur sinnt Telma hestamennskunni af mikilli ástríðu en hún er mikil hestakona. Telmu hefur verið sárt saknað af skjánum og ættu fréttahaukar að taka endurkomu hennar í fréttirnar af mikilli gleði.

### Í fantaformi

Líkamsræktarstöðin World Class hefur verið þéttsetin síðustu vikuna og hafa veislugestir í brúðkaupi Jóns Ásgeirs og



Ingibjargar Stefaníu verið sérlega áberandi. Það ætlar enginn að láta hanka sig á úthaldsleysi fyrir brúðkaup aldarinnar. Á miðvikudaginn sást til þeirra Ara Edwald og Þórðar Más Jóhannessonar þar sem þeir spörkuðu af öllu afli í boxpúða með þeim afleiðingum að svitinn lak af þeim. Þeir ættu því að vera nýuppgerðir og sprækir á laugardaginn enda búnir að taka vel á því.

SiRKUS

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir
martamaria@365.is
Indíana Ása Hreinsdóttir
indiana@frettabladid.is
**Forsíðumynd** Anton Brink
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir
kristina@frettabladid.is
**Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000
**Sölustjóri** Bergur Hjaltested
512 5466 bergurh@365.is

JÓN ÁSGEIR OG INGIBJÖRG STEFANÍA PÁLMADÓTTIR AFÞAKKA BRÚÐARGJAFIR:

# Stofnuðu góðgerðasjóð til að styðja við bakið á langveikum börnum

**Um fátt hefur verið rætt meira síðustu vikurnar en brúðkaup aldarinnar þegar Jón Ásgeir Jóhannesson og Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ganga í það heilaga. Í tilefni af brúðkaupinu hafa þau afþakkað allar brúðargjafir en biðja fólk í stað þess að gefa í Sólarsjóðinn sem er góðgerðasjóður. Tilgangur sjóðsins er að styrkja börn sem eiga um sárt að binda vegna langvarandi veikinda og aðstandendur þeirra. Í bréfinu sem barst til veislugesta segir: „Í þeim efnum hefur okkur meðal annars dottið í hug að kaupa mætti íbúðir í Reykjavík eða London, þar sem fjölskylda barnsins getur búið saman á meðan meðferð þess stendur.“ Jón Ásgeir og Ingibjörg Stefanía munu sjálf leggja sitt af mörkum inn í sjóðinn sem er ætlað að styrkja langveik börn og munu þau sjálf leggja fram stofnframlag. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem verðandi brúðhjón leggja þeim sem minna mega sín lið en um árin hefur Jón Ásgeir verið duglegur að styrkja bágstadda á Íslandi. Tilkoma Sólarsjóðsins mun þó ekki bara styðja við bakið á langveikum börnum heldur mun þetta létta þungu fargi af veislugestum sem hafa margir hverjir misst svefn út af brúðargjafakaupum.**

martamaria@365.is



GERA GÓÐVERK
Jón Ásgeir og Ingibjörg Stefanía afþakka hefðbundnar brúðargjafir.

# borgin mín

**Benni Hemm Hemm, tónlistarmaður**
**REYKJAVÍK**



**MORGUNMATURINN:**
**Heima.**
**SKYNDIBITINN:**
**Hádegismatur á Garðinum.**
**UPPÁHALDSVERSLUN:**
**Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar. Sjoppan í Valsheimilinu kemur líka sterk inn.**
**LÍKAMSRÆKTIN:**
**Ganga upp og niður Bankastrætið og Skólavörðustíginn.**
**RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA:**
**Gleymérei-borgarinn á Vitabarnum er ávallt rómantískur.**
**BEST VIÐ BORGINA:**
**Hraðinn er svakalegur og hér er alltaf allt að gerast.**



GUFFI OG GULLA KEYPTU VEITINGASTAÐINN SALT

# Tileinka sér „New style tapas“




Við erum að taka við rekstri veitingastaðarins Salts,“ segir Guðvarður Gíslason veitingamaðurinn ástæli betur þekktur sem Guffi. Guffi og eiginkona hans Guðlaug Halldórsdóttir textílhönnuður eða Gulla eins og hún er kölluð hafa verið öflug í veitingarekstri á höfuðborgarsvæðinu, en þau hjónin ráku meðal annars skemmtistaðinn Gauk á Stöng og veitingastaðinn Apótekið. Nýi staðurinn sem þau eru að opna hefur hlotið nafnið Gullfoss Restaurant Lounge og skírskotar þar með til hússins sem að það er staðsett í, gamla Eimskipahússins. „Staðurinn er afar kaldur í dag og við ætlum að gera hann hlýlegri og notalegri þar sem Íslendingar þurfa meiri hlýju í kaldan veruleikann. Við hefjum framkvæmdir við húsnæðið á sunnudaginn en miklar breytingar eru á döfinni. Veitingastaðurinn verður færður yfir þar sem barinn er í dag. Lounge bar verður opnaður þar sem veitingastaðurinn er núna, þar sem áherslan verður á kokteila, mikinn og góðan vínbar og seinna meir er stefnan að bjóða upp á fjölbreyttan rommbar,“ segir Guffi um fyrirhugaðar breytingar á húsnæðinu. Gullfoss Resturant Lounge mun sérhæfa sig í svokölluðum „New style tapas“ og mun bjóða upp á fjölbreyttan matseðil smárétta sem verður ólíkur því tapasúrvali sem hefur verið á boðstólum á Íslandi. „Við ætlum okkur að framreiða tapas eins og það gerist hvað best í Barcelona og Madrid og leggjum mikla áherslu á að hráefnið sem við notum sé fyrsta flokks.“ Guffi mun halda áfram að njóta fulltingis Frakkans og stjörnukokksins Nicolas Vergnaut sem fylgir Guffa af Apótekinu og verður yfirkokkur á nýja staðnum. Gullfoss Resturant Lounge á án efa eftir að setja skemmtilegan blæ á veitingahúsalífið og skemmtanalífið á höfuðborgarsvæðinu og mun ylja barflugum, fagurkerum og matgæðingum um hjartarætur.

*Bergthora@frettabladid.is*



FRÁBÆR JÓLATILBOÐ
JÓLATILBOÐ
AVERY
Spine support
(Queen size 153x203)
kr. 98.500
JÓLATILBOÐ
AVERY
Spine support
(Twin XL 97x203)
kr. 74.900
JÓLATILBOÐ
AVERY
Spine support
(King size 193x203)
kr. 135.900
JÓLATILBOÐ
AVERY
Spine support
(Cal King size 183x213)
kr. 129.500
JÓLATILBOÐ
SVEFNSÓFI
CLOW (200x120)
kr. 64.000
JÓLATILBOÐ
SVEFNSÓFI
SOPHIA (190x120)
kr. 55.000
JÓLATILBOÐ
SVEFNSÓFI
T160
kr. 129.500
JÓLATILBOÐ
PABLO
Fjölstillanlegt heilsurúm
með heilsudýnu (80x200)
kr. 117.500
JÓLATILBOÐ
PABLO
Fjölstillanlegt heilsurúm
með heilsudýnu (90x200)
kr. 129.900
JÓLATILBOÐ
S CAPE WALLHUGGER
mest seldi ameríski stillibotn í heimi
með heilsudýnum frá King Coil
kr. 570.000
Bjóðum upp á vaxtalausar greiðslur í 6 mánuði á Wallhugger.
COMFORT solutions
By King Koil
AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI.
King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýnurnar sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknasamtök kírópraktora) og Good housekeeping (stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum).
LIMITED WARRANTY TO CONSUMERS
Good Housekeeping
Promises
REPLACEMENT OR REFUND IF DEFECTIVE
rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is




FROSTI GNARR OG FÉLAGAR HANNA FYRIR TIMO WALLETS

# REYKJAVÍK, NEW YORK, AMSTERDAM OG TÓKÝÓ

Hönnunarþríeykið Dotdesign, sem er skipað þeim Frosta Gnarr Gunnarsyni, Högna Val Högnasyni og Brynjari Sigurðssyni, er að gera góða hluti. Veskjalína sem strákarnir hönnuðu fyrir bandaríska fyrirtækið Timo Wallets kom í verslunina Kronkron á dögunum. Veskin verða einnig seld í stórborgunum New York, Amsterdam og Tókýó. „Við erum allir á öðru ári í grafískri hönnun í Listaháskóla Íslands og höfum unnið mikið saman. Okkur langaði að ganga skrefinu lengra í samstarfinu og stofnuðum hönnunarfyrirtækið Dotdesign í lok sumarsins," segir Frosti Gnarr, en Frosti er fóstursonur leikarans góðkunna Jón Gnarrs og sonur Jógu töfranuddara. Dotdesign er hugsuð sem lítil auglýsingastofa sem sinnir skapandi viðskiptavinum. Þeir félagarnir hafa meðal annars unnið fyrir tónlistarmenn og fatahönnuði auk þess sem þeir hafa starfað sem hönnunarteymi fyrir RÚV.

„Við vorum í verkefnaleit þegar okkur varð hugsað til vinar okkar í New York, Timo Weiland, en hann rekur fyrirtækið Timo Wallets. Við höfðum samband við Timo og hann fól okkur það verkefni að hanna lógó fyrir fyrirtækið," segir Frosti um tildrög samstarfsins við Timo. Frosti kynntist Timo fyrir tilviljun árið 2004 í Kaupmannahöfn og hefur haldið sambandi við hann síðan. Auk fyrirtækjarekstursins starfar Timo sem viðskiptaráðgjáfi hjá bankanum Deutsche Bank í New York. Timo Wallets sérhæfir sig í fylgihlutum eins og nafnið gefur til kynna og hefur mest selt á sölusýningum þar ytra með góðum árangri. „Timo var mjög ánægður með lógóið sem við hönnuðum fyrir hann og í kjölfarið bað hann okkur um að hanna heila veskjalínu fyrir sig. Við unnum með andlitsteikningar á óhefðbundinn hátt út frá andlitsmyndum af okkur sjálfum og vinum okkar," segir Frosti um veskjalínuna sem er afar fjölbreytt og litrík þannig að flestir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

bergthora@frettabladid.is






„Jón Gnarr er fósturpabbi minn og hefur gengið mér í föðurstað. Mig langaði að breyta föðurnafninu mínu á sínum tíma en það var ekki leyfilegt og því tók ég upp Gnarr-nafnið."



**VESKI EFTIR FROSTA GNARR**
**Það fæst í Kronkron** MYND/ANTON



Frosti Gnarr, Timo, Brynjar og Högni.

SKÍFU LISTINN

## VINSÆLASTA TÓNLISTIN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Mugiboogie | – | Mugison |
| 2 | Tímarnir okkar | – | Sprengjuhöllin |
| 3 | Vivere: Best Of Bocelli CD+DVD | ↓ | Andrea Bocelli |
| 4 | Long Road Out Of Eden | ↓ | Eagles |
| 5 | Vivere:Best Of Bocelli | ↓ | Andrea Bocelli |
| 6 | Ferðasót | N | Hjálmar |
| 7 | Pictures | ↓ | Katie Melua |
| 8 | Allt fyrir ástina | N | Páll Óskar |
| 9 | 1987-2007 2CD+DVD | ↑ | Nýdönsk |
| 10 | Ég skemmti mér um jólin | N | Guðrún og Friðrik |
| 11 | 100 Íslensk barnalög | N | Ýmsir |
| 12 | Hold er mold | ↓ | Megas og Senuþj. |
| 13 | Hvarf/Heima 2CD | N | Sigur Rós |
| 14 | Sticky Situation | N | Bloodgroup |
| 15 | The Hope | N | Sign |
| 16 | Human Child/Mannab. 2CD SE | ↓ | Eivör |
| 17 | Complete Clapton | ↓ | Eric Clapton |
| 18 | Síðasta vetrardag CD+DVD | ↓ | Síðan skein sól |
| 19 | Bara Hara | ↓ | Hara |
| 20 | Benny Crespo´s Gang | N | Benny Crespo´s Gang |

A Aftur á lista N Nýtt á lista ↓ Lækkar frá síðustu viku ↑ Hækkar frá síðustu viku – Stendur í stað

## VINSÆLUSTU LEIKIRNIR

| | |
|---|---|
| 1 | Call Of Duty 4 : Modern Warfare |
| 2 | Simpsons The Game |
| 3 | Assassins Creed |
| 4 | Football Manager 2008 |
| 5 | Hellgate London |
| 6 | Sims 2 Teen Style Stuff |
| 7 | Pro Evolution Soccer 2008 |
| 8 | Gears of War |
| 9 | Glói Geimvera 1&2 |
| 10 | Witcher |

## VINSÆLUSTU DVD

| | |
|---|---|
| 1 | Mýrin |
| 2 | Harry Potter & the order of Ph. |
| 3 | Die Hard 4 |
| 4 | Desperate Housewives 3 |
| 5 | Deck The Halls |
| 6 | Skoppa og Skrítla í Þjóðleikh. |
| 7 | Köld Slóð |
| 8 | Fantastic Four (2Disc) |
| 9 | Family Guy Sería 6 |
| 10 | Ocean´s Thirteen |
| 11 | Spiderman 3 (2Disc) |
| 12 | Simpsons Sería 10 |
| 13 | Latibær 5 |
| 14 | Arthur og Minimóarnir |
| 15 | Latibær |
| 16 | Shortbus |
| 17 | Fóstbræður Sería 2 |
| 18 | Live of Others |
| 19 | Fóstbræður Sería 1 |
| 20 | Sigtið Sería 2 (3Disc) |

Listinn gildir 16 -23. nóvember 2007

Skífulistinn er samantekt af mest seldu titlum í Skífunni og verslunum BT út um allt land.

Nældu þér í eintak

S·K·Í·F·A·N

# Smá bíó handa öllum






## Nýr iPod nano

Það er allt nýtt við nýja iPod nano spilarann. Nýir litir, nýtt útlit, stærri skjár, nýtt stýrikerfi og ný upplifun.

Hann er fáanlegur bæði með 4GB og 8GB plássi. Núna getur þú ekki bara skoðað ljósmyndir, hlustað á hljóðbækur og tónlist heldur einnig horft á myndbönd.

frá **19.990**

* Spilarinn er í raunstærð.

**Apple IMC**
Humac ehf.

**apple.is**
534 3400

**Laugavegur 182** | Mán. til fös. 10 – 18 og lau. 11 – 16
**Kringlan** | Opið samkvæmt afgreiðslutíma Kringlunnar









## ERNA BERGMANN

**Aldur:** 24 ára

**Nauðsynlegt:** Hlý klassísk ullarkápa eða slá sem passar við allt, því þá verður manni aldrei kalt þrátt fyrir að vera smart.

**Verstu kaupin:** Klárlega Buffalo-skórnir á sínum tíma.

**Bestu kaupin:** Fjólubláa ullarkápan mín. Ég get ekki ímyndað mér lífið án hennar.

**Uppáhaldsflíkin í fataskápnum:** Köflótti Bernhard Wilhelm-kjóllinn minn.

**Uppáhaldsfatahönnuðir:** Nicolas Ghesquière, Vivienne Westwood, Marc Jacobs, Bernhard Wilhelm, Rei Kawakubo, Marjan Pejoski, Eley Kishimoto, Hussein Chalayan, Sonia Rykiel, Peter Jensen, Roksanda Ilincic, Martin Margiela og Viktor & Rolf.



fötin mín

ERNA BERGMANN BJÖRNSDÓTTIR NEMI Í FATAHÖNNUN

# Ævintýraheimur Ernu í 101

„Ég er veikust fyrir kjólum og hælaskóm. Ef aðstæður og veður leyfðu, væri ég í fallegum kjólum og háum hælum alla daga vikunnar," Segir Erna Bergmann Björnsdóttir sem myndi sóma sér vel í 1001 nótt. Erna er á öðru ári í fatahönnun við Listaháskóla Íslands og vinnur meðfram náminu í Kronkron, einni flottustu fatabúð landsins. „Ég var búin að velta því lengi fyrir mér að læra fatahönnun áður en ég lét af því verða að sækja um í Listaháskólanum. Áhugasvið mitt liggur að miklu leyti í tískuheiminum og ég hef unnið í kringum föt í nokkur ár. Það gaf því gaf augaleið að þetta væri nám fyrir mig. Ég hvet alla þá sem hafa bakteríuna að sækja um í fatahönnun, það á enginn eftir að sjá eftir því. Þetta er skemmtilegt og krefjandi nám," segir Erna um nám sitt í Listaháskólanum.

Erna hefur einnig gert garðinn frægan sem plötusnúður í tvíeykinu „Ellen og Erna" en þær stöllur, hún og Ellen Loftsdóttir, voru með sjónvarpsþáttinn Bak við böndin, sem sýndur var á Sirkus árið 2006. „Ég og Ellen vorum sjúklega heitir og hressir diskótekarar á tímabili, en duttum úr tísku," segir Erna og hlær við þegar hún er spurð út í ferilinn á skjánum.

Erna vekur víða athygli fyrir óvenjulegan og skemmtilegan klæðaburð. Sjálf lýsir hún fatastíl sínum sem tilraunakenndum kvenlegum stíl í öllum litum regnbogans, sem einkennist af andstæðum og klassík en er á sama tíma töff.



Sirkus lék forvitni á að vita hvar Erna fær öll þessi fallegu föt? „Ég versla mikið í versluninni Kronkron þar sem ég vinn og í skóbúðinni Kron. Enda eru þær uppáhaldsbúðirnar mínar og luma alltaf á einhverju sem freistar mín. Ég elska að versla í Kisunni og er sömuleiðis rosalega spennt fyrir nærfataversluninni Systurnar á Laugaveginum sem var að opna, en þær selja flottustu nærföt sem ég hef augum litið." Erna vill þó meina að hún snobbi ekki fyrir ákveðnum merkjum og búðum þegar komi að fatavali. Hún kaupi sér einungis það sem henni finnst vera fallegt þó að það gildi aðeins aðrar reglur þegar kemur að skókaupum. „Ég æfi með stúdentadansflokknum ásamt því að dansa „contemporary" dans í Kramhúsinu þess vegna legg ég mikið upp úr að ganga í vönduðum og vel hönnuðum skóm sem fara vel með fæturna og auðvitað þurfa þeir líka að vera flottir," bætir Erna við, sem getur eflaust dansað þar til dagur rís öll kvöld ársins án þess að finna fyrir því miðað við allan þann vandaða og fagra skóbúnað sem að hún á.



bergthora@frettabladid.is

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE
M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 SIRKUS 2 SIRKUS+

Egils Appelsín
Apple IMC

# JAKOB FRÍMANN OG BJÖRN JÖRUNDUR ILLA TEKNIR

## TEKINN 2 - Í KVÖLD KL. 20:35

Stuðmaðurinn Jakob Frímann er ekki í miklu stuði þegar hann mætir í myndatöku þar sem hann fær engu að ráða um útlit myndanna.

Í seinni hrekknum lendir Björn Jörundur í uppáþrengjandi rótara.




2 skemmtilegri



LOGI Í BEINNI - kl. 20:00



TEKINN 2 - kl. 20:35



STELPURNAR - kl. 21:05

KATRÍN BRYNJA HERMANNSDÓTTIR ER FARIN AÐ TAKA EINA OG EINA ÞULUVAKT ÞÓTT HÚN SÉ Í FÆÐINGARORLOFI. HÚN ER SPENNT AÐ KYNNAST NÝJU ÞULUNUM OG SEGIR STARFIÐ SKEMMTILEGT ÞÓTT SUMIR ELSKI AÐ HATA ÞULURNAR.

# Næturbröltið og baugarnir eru þess virði



Þulur Ríkissjónvarpsins hafa verið mikið í umræðunni upp á síðkastið en í síðustu viku voru fjórar nýjar þulur ráðnar til starfa. Katrín Brynja Hermannsdóttir hefur verið þula í sjö ár og er langt frá því að vera á förum. Hún hefur þó ekki sést mikið á skjánum upp á síðkastið því hún eignaðist son 28. september síðastliðinn.

„Ég sótti um í upphafi í þeim tilgangi að reyna að finna þefinn af fjölmiðlum og átta mig betur á starfsumhverfinu. Pabbi hafði alla sína tíð unnið við fjölmiðla, sem blaðamaður, ritstjóri og fréttamaður á RÚV. Það var eitthvað sem heillaði. Að sjálfsögðu bað ég hann um að reyna að greiða leið mína að starfinu og reyndi að fá hann til að tala við yfirmann þulanna. Fannst það þjóðráð að hann stykki bara á hann á göngunum og legði inn gott orð fyrir mig, en allt kom fyrir ekki. Pabbi horfði á mig og sagði stutt og laggott: „Nei. Katrín – ef þú átt eitthvað í þetta starf, þá færðu það á eigin forsendum," og þar með var það útrætt. Ég hins vegar veit að einhverjir vildu tengja tilveru pabba á fréttastofunni við að ég var ráðin á sínum tíma. Ég skil það vel enda gerði ég heiðarlega tilraun til að notfæra mér tengslin," segir hún og brosir.

„Það er auðvitað gott og kannski fyrst og fremst þægilegt ef einhver hefur tækifæri til að greiða leið manns að því sem mann langar í en það er töluvert mikið skemmtilegra að ná markmiðum sínum einn og óstuddur. Það er góð tilfinning," segir hún og hlær og rifjar upp þuluprófið sem hún þurfti að þreyta til að hnjóta um starfið.

„Þegar við Ellý byrjuðum var held ég unnið úr bunka umsókna og við boðuð í próf sem gekk út á að semja eigin texta og lesa hann af textavélinni. Þetta var tekið upp og hefur eflaust vakið kátínu þeirra sem fengu að sjá – við stukkum ekkert fullskapaðar í djobbið og maður var dágóðan tíma að finna sig, eða ég allavega. En það kom á óvart hversu margir sóttu um þetta núna – eins umdeilt og starfið virðist oft vera og skiptar skoðanir um ágæti þulustarfsins. Á meðan einhverjir geta ekki hugsað sér Ríkissjónvarpið án okkar þá eru aðrir sem vildu helst henda starfinu út í hafsauga og hugsa ekki um það söguna meir. Þetta höfum við alltaf vitað og lendum reglulega í því að ræða við fólk um starfið, sem allir virðast hafa skoðun á."

Í síðustu viku var greint frá því að fjórar nýjar þulu hefðu verið ráðnar. Katrínu Brynju líst vel á sínar nýju samstarfskonur.

„Við hittumst einmitt í vikunni og ég gat ekki betur séð en að þetta væru stelpur sem eiga eftir að pluma sig frábærlega – flottar að öllu leyti. Ég þekki Önnu Rún, en hún hefur málað mig niðri í Sjónvarpi fyrir kynningar. Ef hinar stelpurnar eru eitthvað líkar henni þá getur fólk leyft sér að hlakka til að fylgjast með þeim á skjánum," segir Katrín Brynja en bætir því við að þulurnar hittist nú ekki mikið þar sem það sé alltaf bara ein á vakt hverju sinni. „En starfið er skemmtilegt og ekki síst vinnuumhverfið og fólkið hjá Sjónvarpinu. Þar eru gullmolarnir hver um annan þveran. Í starfinu sjálfu þarf maður svo stöðugt að vera tilbúinn til að gera betur og það er skemmtilegt í sjálfu sér." Þegar hún er spurð að því hvort hana langi til að vera með sinn eigin sjónvarpsþátt hugsar hún sig um í smá stund áður en hún svarar.

„Kannski í fyllingu tímans eða vera hluti af stærra teymi. Ég er samt ekki að hugsa um það núna," segir hún.

Með þulustarfinu hefur Katrín Brynja verið í meistaranámi í blaða-og fréttamennsku í Háskólanum. Hún hefur líka verið flugfreyja, kennari og unnið sem blaðamaður. „Að setjast á skólabekk aftur var frábært og þvílíkt endurnýjandi. Tilhlökkunin var nákvæmlega eins og þegar maður labbaði í skólann fyrsta daginn í grunnskóla. Í óléttunni kláraði ég svo lokaritgerðina en á eftir tvö fög sem ég stefni á að klára næsta haust. Ég ætlaði að vera ofurkona og klára núna um jólin en áttaði mig sem betur fer á því að láta aðra og mikilvægari hluti hafa forgang."



MÓÐIR AÐ STÖRFUM Katrín Brynja og Máni Freyr sonur hennar á góðri stundu heima. MYNDIR/VALLI

## Upptekin í móðurhlutverkinu

Í haust eignaðist Katrín Brynja annan son sem er orðinn sex vikna og segir hún fæðinguna hafa gengið ótrúlega vel. „Ég var í frábærum höndum Önnu Eðvaldsdóttur ljósmóður, fílaði hana vel um leið og við hittumst, enda rómaður snillingur í sínu fagi. Ég var mjög heppin með hana. Pilturinn hefur ekki hlotið nafn og ekki verið nefndur, ætli ég sé ekki eitthvað pínulítið gamaldags í þessum málum. Hann gengur því undir nöfnunum Litli eða Moli í bili," segir hún og hlær. Fyrir á hún soninn Mána Frey sem er fimm ára og er stoltur stóri bróðir. Hún segir að það sé heilmikil breyting að vera heima með tvö börn en það sé vel þess virði. „Næturbröltið og baugarnir eru vel þess virði," segir hún brosandi. Fæðingarorlofið leggst vel í hana þótt hún stelist til að taka eina og eina þuluvakt. „Það eru þvílík forréttindi að geta verið heima og sinnt nýfæddu barni. Þetta eru stundir sem koma aldrei aftur og eins gott að njóta þeirra. Oft vildi ég óska að ég gæti ýtt á einhvern takka og fryst mómentið svo ég geti notið þess lengur. Þetta er svo ótrúlegt undur, meðganga og fæðing barns. Að þetta skuli vera hægt finnst mér stórmerkilegt." Katrín Brynja er á bólakafi inni í sápukúlu móðurhlutverksins.

„Um leið og barnið fæddist var eins og heimurinn minnkaði og hlutir sem maður var upptekinn af, kannski alveg fram að fæðingu, skiptu ekki máli lengur eða færðust langt aftur í forgangsröðinni. Svo hefur mér tekist mun betur að lifa í núinu og þá fer maður ósjálfrátt í naflaskoðun og hún er holl." Hún segist ekki hafa neinn sérstakan metnað í að byrja að vinna sem fyrst og ætlar bara að láta það ráðast hvað hún verður í löngu orlofi. Síðast tók hún sér 15 mánaða fæðingarorlof og segir að það hafi verið mjög ánægjulegt. „Þegar ég hef tekið þuluvakt hef ég haft soninn með mér og það hefur gengið ótrúlega vel." Í nýliðinni viku voru ekki bara fjórar nýjar þulur ráðnar til starfa. Björgólfur Guðmundsson færði Ríkissjónvarpinu styrk upp á 150 milljónir.

**Uppáhaldsmaturinn:** Rósmarínkryddaðar lambalundir að hætti mannsins míns eru ólýsanlega bragðgóðar. Vel heppnaður humar er líka ómótstæðilegur.

**Besti veitingastaðurinn:** Hornið stendur alltaf fyrir sínu og missir aldrei sjarmann – pitsurnar þar eru snilld. En ég bíð spennt eftir að einhver opni California Pitza Citchen hérna heima – þann mat gæti ég snætt daglega.

**Tónlistin:** Það eru langar í mér tónlistarleiðslurnar... nú er James Blunt, gamli diskurinn í uppáhaldi og svo var ég að panta mér þann nýja á Amazon. Ég get hlustað á þetta daginn út og inn.

**Bíllinn minn er** ... silfurgrár eðalkaggi með skynjurum í stuðurunum – þvílíkur lúxus!

**Ef ekki sjónvarpþula hvað þá?** Skíðakennari í svissnesku ölpunum, sól og skemmtilegheitum.

**Uppáhaldsflíkin:** Lopapeysa sem frænka mín prjónaði handa mér – nú er komið gat á olnbogann svo mig bráðvantar nýja...

„Ég sé fulla ástæðu til að gleðjast yfir þessum samningi og sé ekki að það skipti máli hvaðan gott kemur. Þetta snýst um fjármögnun á leiknu sjónvarpsefni og að efla íslenska leiklist – af því munum við hin svo njóta góðs. Öll umræða um mál af þessum toga er hins vegar af hinu góða því af henni hlýst meiri skilningur í allar áttir. Ég hef litlar áhyggjur af því að þetta veiti Björgólfi einhvern óljósan valdasprota innan RÚV – ég treysti stjórnendunum bara miklu betur en það, og þar fyrir utan hef ég enga trú á að það sé tilgangurinn," segir Katrín Brynja.

Katrín Brynja er mjög skipulögð. Þegar hún er spurð út í jólaundirbúninginn fer hún að hlæja og segist hafa byrjað að undirbúa hátíð ljóss og friðar í júlí.

„Við mamma fórum til Boston og fengum þá frábæru hugmynd að kaupa nokkrar jólagjafir. Þá var ég komin 34 vikur á leið og þar af leiðandi komin með stóra kúlu. Flugið, steikjandi sól og hiti var ekkert rosalega óléttuvænt. Skórnir mínir öðluðust sjálfstætt líf og minnkuðu eftir því sem líða tók á daginn. Ég held ég hafi prófað hvern einasta bekk sem á vegi okkar varð," segir hún og skellihlær og bætir því við að fólki hafi fundist þær stórskrítnar að vera að huga að jólunum svona snemma.

„Fyrir mér var þetta eðlilegasti hlutur í heimi því þegar ég vann sem sumarflugfreyja sankaði ég að mér jólagjöfum á ferðum mínum erlendis. Mér finnst þetta miklu skemmtilegra heldur en að vera í einhverju stressi í

# tíska&fegurð

FÖSTUDAGUR 16. NÓVEMBER 2007



● DANNI Í SOMETIME

## Veikur fyrir klikkuðum buxum

● TÍSKUVIKAN Í KÍNA

## Draumkenndir dívukjólar

● SKART

## Úr hugarheimi barna

FRÉTTABLAÐIÐ

Síðar jakkapeysur

hjá Hrafnhildi Engjateigi 5, sími 581-2141. • Opið virka daga frá 10-18, laugardaga frá 10-16

## Efni í einstakar flíkur



Ullarefnin eru góð í allan fatnað.

Ekta ullarefni í jakka, pils og dragtir.

Falleg fataefni kveikja alltaf í þeim sem fást við vélsaum. Í versluninni Seymu við Linnetstíg í Hafnarfirði er úrval slíkra efna.

„Náttúruefnin ull og silki eru ljúf og úr þeim er hægt að sauma flest. Fólki líður líka vel í þeim því þau anda," segir Helga Sigurðardóttir í Seymu í Hafnarfirði en Seyma er ein fárra verslana sem sinna þörfum saumakvenna. Helga segir áhugann á saumaskap enn fyrir hendi í þjóðfélaginu. „Ungu stelpurnar eru duglegar að sauma, sniðugar og kjarkmiklar," segir hún. „Þær láta sig ekki bara dreyma um flíkurnar heldur skella sér í hlutina," bætir hún við.





Taísilkið er létt og þægilegt efni sem hentar vel í kjóla, jakka og pils. Blómin í þessu efni eru bróderuð. Flott skal það vera.

Gráa efnið er ullartveed, gott í jakka, pils og buxur og efnið við hliðina er líka ullarefni sem fallegt er í kjóla, pilsbuxur, jakka og hvað sem er.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Guðrún Edda Haraldsdóttir kennir á spennandi og vellyktandi námskeiðum um undraveröld franskra ilmvatna í lok nóvember.

# Frönsk, munúðarfull angan

**Undraveröld franskra ilmvatna er tælandi, eftirsóknarverð og dularfull. Nú má nálgast lykla að þeim undraheimi á námskeiðum í nóvember.**

„Frakkar taka allt sitt alvarlega og hafa haldið sig við upprunalegar framleiðsluaðferðir og innihaldsefni öldum saman," segir Guðrún Edda Haraldsdóttir, sérfræðingur hjá Forvali, sem kenna mun á námskeiðinu „Undraveröld franskra ilmvatna" í samvinnu við Alliance Francaise fimmtudagskvöldin 22. og 29. nóvember.

„Á námskeiðinu förum við í sögu franskra ilmvatna, hvernig þau eru uppsett, hvað þarf til að skapa ilmvatn, hvernig ilmur er unninn úr hráefnum og hvað aðgreinir ilmvötn því þau skiptast í hópa," segi Guðrún Edda um ilmtegundir frönsku þjóðarinnar, sem fyrst komu fram fyrir 300 árum.

„Upphaflega voru ilmvötn gerð af hreinlætisástæðum því þá var ekki eins auðvelt að komast í bað, og kannski þannig sem máltækið „franskt bað" varð til. En um leið og komin var 20. öldin þótti fínt að klæðast ilmum. Það einkennir frönsk ilmvötn að vera munúðarfyllri en ilmvötn annarra þjóða, en ilmurinn sem slíkur er ekki allt, heldur vinnuferlið sem gerir þau frábrugðin," segir Guðrún Edda og líkir frönskum ilmvötnum við frönsk vín.

„Víngerð í Frakklandi hefur sína sögu og hefðir, og þar af leiðandi ákveðinn staðal í vínmenningu heimsins. Eins er um frönsk ilmvötn og er Frakkland það land sem oftast framleiðir ekta „parfum" í sínum línum. Guerlain er nú elsta starfandi ilmvatnsgerð Frakklands og öðlaðist heimsfrægð með hinu sigursæla „Jicky" árið 1888," segir Guðrún Edda, sem ólst upp við dýrindis ilmvötn í Forvali, fyrirtæki foreldra hennar.

„Forval er eldra en ég sjálf, en þegar ég fór að vinna í fyrirtækinu gafst mér tækifæri að fara til Frakklands og læra allt um sögu og gerð franskra ilmvatna hjá Chanel þótt ekki sé ég ilmvatnsgerðarkona enn," segir Guðrún Edda hlæjandi, en eftirlætis ilmurinn hennar nú um stundir er Delices frá Cartier.

„Öll ilmvötnin í skápnum eru frönsk, en ég hef dálæti á ilmi margra landa og finnst Ítalir til dæmis mjög snjallir ilmvatnsgerðarmenn. Ilmur er svo tilfinningatengdur og þegar við upplifum ilm í andrúmsloftinu minnumst við gjarnan manneskju vegna þess hve hún ilmaði vel."

*- tl*

# Þær best klæddu

● Vefsíða tímaritsins Vogue velur í hverri viku tíu best klæddu konurnar.

Tíu best klæddu konur fyrstu vikuna í nóvember eru flestar leikkonur og fyrirsætur sem margir þekkja. Enda ekki að furða þar sem stjörnurnar þurfa að koma reglulega fram á góðgerðasamkomum, frumsýningum og verðlaunaafhendingum þar sem dugar ekki minna en galakjóll og fínar greiðslur.

Þær sem nefndar voru til leiks í þetta skipti voru þessar: leikkonurnar Cate Blanchett og Jennifer Connelly, fyrirsæturnar Lauren Bush og Devon Aoki, stórstjarnan Kate Moss var sem oftar á listanum auk Liv Tyler og Helenu Christensen. Minna þekktar eru líklega Diana Taylor, Natalia Vodianova og Marion Cotillard.



Fyrirsætan Lauren Bush klæddist fötum frá Ralph Lauren á góðgerðasamkomu í NY.



Helena Christensen var klædd fögrum kjól frá Marc Jacobs á ACE verðlaunahátíðinni í New York.



Leikkonan Jennifer Connelly var í dressi frá Oscar de la Renta á „Glamour Women of the year" verðlaunahátíðinni í New York.



Leikkonan Cate Blanchett skartaði fallegum kjól eftir Jil Sander á frumsýningu Elizabeth: The Golden Age í Sydney í Ástralíu.



Liv Tyler í hversdagsfatnaði frá Derek Lam en hún er hér mynduð við heimili sitt í New York.

NORDICPHOTOS/GETTY

SLENDERTONE System

*Tími til að líta vel út ...!*

# *Viltu stinnari líkama á aðeins 4 vikum ?*

*Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!*

Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar.

4 vikna þjálfunaráætlun fylgir - fáðu stinnari og fallegri líkama á aðeins 4 vikum...






## System-Mini

**Frábær nýjung**

- Slendertone fyrir rassvöðvana

Loksins tæki sem lyftir, formar og stinnir rassinn og lætur þig líta frábærlega út. Mjög einfalt og þægilegt í notkun, smart pils sem þú vefur utan um þig og tækið vinnur á meðan þú sinnir öðru eða slappar af...
og þú verður æðisleg í gallabuxunum...!

**kr. 9.995,-**
verð án stjórntækis

SLENDERTONE™
System belti fyrir kviðvöðva
**dömu / herra**
kr. 19.980,-




**Eitt stjórntæki** með hleðslubatteríi, sem þú getur notað við allar tegundir Slendertone System.

Heildarlausn til að móta allan líkamann...

*Pakki 1*
Slendertone belti - buxur
þjálfar rass og læri og kviðvöðva
kr. 29.925.-

*Pakki 3*
Slendertone buxur - armar
þjálfar rass og læri og upphandleggsvöðva
kr. 29.925.-

*Pakki 2*
Slendertone belti - armar
þjálfar kviðvöðva og upphandleggsvöðva
kr. 26.970.-

*Pakki 4*
Kynningarverð fyrir dömur
- alhliða pakki
Slendertone belti - buxur - armar
þjálfar og stinnir allan líkamann
kr. 35.985.-




**Eitt stjórntæki**
-með hleðslu - þú velur Slendertone sem hentar þér - Ekkert mál...!

allt fyrir kroppinn
**HREYSTI**
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

KORTER.IS
















Buxurnar eru alsettar litríkum bókstöfum og eru eftir hönnuðinn Jeremy Scott. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Veikur fyrir klikkuðum buxum

● Danni í Sometime er með æði fyrir óvenjulegum buxum þótt úrvalið hér á landi sé minna en hann myndi óska sér.

Daníel Þorsteinsson, betur þekktur sem Danni í hljómsveitinni Sometime, fetar ekki troðnar slóðir í fatavali og er sérstaklega mikið fyrir óvenjulegar buxur. Síðastliðið ár hefur hann að eigin sögn verið með „crazy pants“ æði. Danni segist ekki endilega ginnkeyptur fyrir frægum hönnuðum en heldur þó mikið upp á hönnuðinn Jeremy Scott og eru buxur eftir hann í sérstöku uppáhaldi. Þær eru líka mjög óvenjulegar, alsettar litríkum bókstöfum.

Danni segist vera búinn að kaupa sér fullt af fríkuðum buxum að undanförnu. Hann segir þó ekki mikið úrval hér á landi og á meira að segja einar Sometime-buxur sem hann myndaðist við að gera sjálfur en Jeremy Scott-buxurnar keypti hann í versluninni Liborius. Hann á líka jakka og buxur eftir sama hönnuð og segist helst nota fötin við hátíðleg tækifæri. „Ég var úti í Póllandi um daginn og komst að því að fötin kosta meira en mánaðarleiga á íbúð þar í landi,“ segir hann kíminn.

Danni, sem hefur starfað á leikskóla síðan 2001, stofnaði hljómsveitina Sometime fyrir tveimur árum en lék áður á trommur með Maus. Í Sometime eru fjórir hljómsveitarmeðlimir og Danni, sem spilar á trommur og hljómborð, semur tónlistina ásamt söngkonunni Rósu Birgittu Ísfeld.

Fyrsta breiðskífa sveitarinnar kom út fyrir nokkrum vikum en hún ber hið sérstaka heiti Supercalifragilisticexpialidocious. Þá voru haldnir útgáfutónleikar á skemmtistaðnum Organ síðastliðinn fimmtudag. Platan hefur fengið góðar viðtökur og segist Danni búast við því að spila mikið á næstunni. - ve



Þótt Stella McCartney sé sjálf ekki mjög smart hannar hún falleg föt og hefur eitthvað heillandi við sig.



Naomi Campbell er glæsileg að vanda.



Claudia Schiffer þykir ekki bara falleg.



Coco Rocha hefur þetta „eitthvað“.



Elísabet Englandsdrottning er glæsileg kona.



Sophie Dahl er fyrirsæta og rithöfundur.

# Heillandi glæsikvendi

Glæsilegustu konur veraldar eru ekki endilega þær yngstu og fegurstu. Í desemberhefti breska tískuritsins Vogue eru taldar upp þær konur sem teljast glæsilegastar í landinu.

Við valið var ekki stuðst við aldur, menntun eða ytri fegurð heldur þetta „eitthvað“ sem erfitt er að skilgreina en kona þarf að hafa til að bera til að teljast töfrandi eða heillandi.

Meðal þeirra kvenna sem nefndar voru til leiks voru leikkonan Helen Mirren, kanadíska fyrirsætan Coco Rocha, fatahönnuðurinn Stella McCartney, fyrirsætan Naomi Campbell, Elísabet Englandsdrottning, fyrirsætan Claudia Schiffer og fyrirsætan og rithöfundurinn Sophie Dahl.



Verð:
4.900,-

# Glæsilegt jólahlaðborð

**Alla laugardaga og sunnudaga frá 23. nóvember og einnig fyrir hópa á virkum dögum**



Verð:
1.395,-

# BRÖNS

**alla laugardaga og sunnudaga**

GEYSIR
Bistro & Bar

Aðalstræti 2 - Sími: 5174300 - www.geysirbistrobar.is

# Draumkenndir dívukjólar

Dramatískir kjólar á tískuvikunni í Kína.

Tískuvikan í Kína er nýafstaðin. Þar voru sýnd klæði bæði þarlendra og erlendra fatahönnuða sem kínverskar og erlendar fyrirsætur sýndu á sýningarpöllum um alla Sjanghæ.

Einn fatahönnuðanna er Mark Cheung. Cheung er sagður lifa í tískudraumi. Hann hefur ferðast víða og sjást áhrif þess í verkum hans. Í þetta sinn er þó líkt og hann hafi ferðast aftur í tímann til endurreisnartímabilsins enda kjólarnir glæsilegir og draumkenndir með víðum ermum sem minna á riddara og prinsessur.


Keisaralegur kjóll með víðum ermum.




Blómadrottning í bláum silkikjól.


Hvítur silkikjóll með loðskinn í pilsinu.


Víðar ermar og kjóll í mörgum lögum.




## Lukkuarmband frá Make up Store



**GJÖF Í HVERRI FERÐ**

Make up Store hefur sérhannað 31 lukkugrip sem eru í smækkaðri útgáfu af vinsælustu vörum merkisins. Lukkugripirnir eru fáanlegir frá og með hausti 2007 til vors 2008.

Við kaup á armbandinu, sem kallast „Charm" fylgja tveir lukkugripir, glitrandi M og rautt hjarta. Viðskiptavinir Make up Store fá lukkugrip að gjöf þegar keypt er fyrir meira en 1.000 krónur og geta því bætt einum hlekk á armbandið í hverri ferð.

**BESTI VINUR STÚLKNANNA**

Demantar kæta flestar konur og hinn nýi frá Armani þykir ómótstæðilegur. Flaskan er eins og demantur. ilmurinn boðar nýjan lífsstíl, staðfestu og stolt auk þess sem endurspeglar styrk konunnar og undirstrikar kynþokka hennar.





Ilmnóturnar eru fjórar. Ávaxtatónar hindberja og litkatrés eru orkumiklir og ferskir. Blómatónar rósa og lilju vallarins minna á kvenlegan glæsileika, sedrusviður minnir á kraft og raf á þokka, en undirtónninn er ilmur búlgarskrar rósar.



**KARL LAGERFELD** sýndi og sannaði hvers hann er megnugur þegar hann sýndi vorlínu Chanel í París á dögunum. Línan þykir nokkuð ungæðingsleg, létt og sportleg, en meðal fylgihluta voru tennisspaðar sem fyrirsæturnar sveifluðu óspart meðan á sýningu stóð. Hvort Lagerfield, sem gagnrýndi Yves St. Laurent harðlega fyrir að hætta í bransanum fyrir alders sakir, er með þessu að sýna að honum eru enn allir vegir færir á áttræðisaldri skal ósagt látið. Málið er að línan þykir töff.



**New York hefur fætt af sér marga snillinga tískuheimsins.**

## ● TÍSKUTEIKNINGAR Í ALDARFJÓRÐUNG

Tískusafnið við New York-háskóla er með yfirlitssýningu á tískumyndskreytingum Steven Stipelman.

Sýningin Ethereal Elegance: Fashion Art of Steven Stipelman stendur nú yfir hjá tískusafni the Fashion Institute of Technology við New York-háskóla.

Sýningin spannar aldarfjórðung af teikningum og tískumyndskreytingum Steven Stipelman sem er prófessor við skólann. Stipelman, sem er borinn og barnfæddur New York-búi, byrjaði í tískuiðnaðinum árið 1964 og næstu tuttugu og fimm árin teiknaði hann allt frá minipilsum til Halston. Hann teiknaði ætíð án fyrirmyndar og notaðist heldur við skissur frá hönnuðum á borð við Yves Saint Laurent, Geoffrey Beene, Christian Dior ásamt fleirum. Markmiðið var að ferðast út fyrir landamæri tísku samtímans hverju sinni og Stipelman er sagður hafa haft mikil áhrif á tískustrauma og hönnuði frá upphafi ferilsins. Sýningin stendur yfir til 15. desember. Nánari upplýsingar: www.fitnyc.edu/museum

# snyrtivörur

## ● MASKARI MEÐ DAGAMUN

Geturðu ekki ákveðið hvernig augnhár þú vilt í dag?

Konan vill geta valið maskara eftir skapi sínu. Suma daga vill hún löng og daðrandi augnhár. Aðra daga vill hún hafa þau þykk og munúðarfull.

Í Double Black Designer maskaranum frá Nivea Beauté fær hún það sem dagsformið óskar. Þessi tvöfaldi maskari geymir tvær ólíkar formúlur og tvo ólíka bursta sem veita valfrelsi fyrir lengd, þykkt og lögun augnháranna.








SPÓLVÖRN

CINTAMANI gönguskórnir eru með Green Diamond sóla. Í sólanum eru þúsundir harðkorna sem gefa besta mögulega grip við allar aðstæður. Green Diamond er íslensk uppfinning.

Gerð: Hrund og Hróbjartur
Stærðir: Dömu 36-41 og herra 41-46
Efni: Leður með öndunarfilmu og vatnsvörn
Verð: 16.990 kr.

WWW.CINTAMANI.IS

CINTAMANI

SPJARAÐU ÞIG

# Úr hugarheimi barna

Prinsessur, karlar, kerlingar og dýr renna úr smiðju Sifjar Ægisdóttur gullsmiðs sem fékk innblástur frá teikningu sonar síns.

„Fyrsti barnaskartgripurinn sem ég smíðaði var eftir hönnun sonar míns, Nökkva. Hann var alltaf að teikna svo skemmtilega karla þegar hann var um fimm ára gamall og þá datt mér í hug að prófa smíða eftir einni teikningunni. Síðan þá hef ég smíðað ótal prinsessur, karla, kerlingar, dýr og geimverur eftir teikningum barna,“ segir Sif Ægisdóttir, gullsmiður hjá Hún og Hún á Skólavörðustíg.

Í dag er sonurinn orðinn níu ára og auk hans á Sif dóttur sem er sextán ára. Sif er enn að smíða eftir hugmyndum barna sinna og segist meðal annars taka gamlar teikningar frá þeim sem hún hefur geymt. Síðan verða þær hugmyndir af fallegu skarti sem nýtur mikilla vinsælda bæði meðal Íslendinga og ferðamanna.

„Ég smíða bæði eftir teikningum minna krakka og síðan er fólk mjög duglegt að koma með ýmsar teikningar barna sinna til að fá smíðaðan grip eftir þeim. Þetta er náttúrulega mjög persónulegur skartgripur en það er aðallega fullorðið fólk sem er að fá sér svona gripi og er að skreyta sig með hugmyndum barna sinna,“ útskýrir Sif sem segir krakkana vera hrifnari af bleikum gripum og perlum.

Þó eru margir krakkar að sögn Sifjar sem koma og vilja fá fígúrur á borð við prinsessur og geimverur. En Sif segist einnig smíða mikið af merkjum fyrir ýmsa aðila, bæði vörumerki og merki félagasamtaka og stofnana.

Í kjölfarið af fyrstu barnagripunum tók Sif upp á því að auglýsa samkeppni í tengslum við menningarnótt þar sem hún síðan smíðaði eftir teikningu vinningshafa. „Síðastliðin fjögur ár hef ég tekið á móti teikningum á menningarnótt og efnt til samkeppni. Síðan hef ég smíðað grip eftir þeirri hönnun sem vinnur og krökkunum finnst þetta alltaf mjög spennandi að fá smíðaðan skartgrip eftir sinni eigin teikningu,“ segir Sif og lofar nýrri keppni næstu menningarnótt.

- rh



**Sif Ægisdóttir gullsmiður smíðar ýmiss konar fígúrur og segir foreldra duglega að koma og fá sér gripi eftir teikningum barna sinna.**
FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUM


**fjölbreytt nám**
**við allra hæfi**

**almennt svið**
Almennar bóklegar greinar eru hluti af námi á öllum brautum skólans. **Allt almenna námið er matshæft á milli skóla eftir því sem við á.** Einnig er hægt að stunda nám í almennum greinum í eina til fjórar annir. Þeir nemendur sem lokið hafa eða stunda nám á starfsmenntabrautum geta bætt við sig námi sem leiðir til stúdentsprófs af starfsmenntabrautum/ tæknistúdentspróf.

**sérdeildasvið**
Á sérdeildarsviði eru tvær brautir: **Starfsdeild • Nýbúabraut.** Auk þess er endurhæfingarnám Janusar (rekið í tengslum við skólann).

**hönnunarsvið**
Á hönnunarsviði eru fjórar brautir: **Listnámsbraut** (almenn hönnun og keramik) **• Hársnyrting** Ekki er tekið inn á **Fataiðnabraut** og **Gull- og silfursmíði** á vorönn. Stúdentspróf af list- og starfsnámsbraut.

**upplýsinga- og margmiðlunarsvið**
Á upplýsinga- og margmiðlunarsviði eru þrjár brautir: **Upplýsinga- og fjölmiðlabraut • Tækniteiknun • Margmiðlunarskólinn** – en ekki er tekið inn í hann á 1. önn.

**fjarnám**
Fjarnám er áhugaverður kostur fyrir þá sem ekki geta nýtt sér staðbundið nám, t.d. vegna vinnu eða búsetu. Í fjarnáminu er boðið upp á **fjölbreytt námsúrval í bóklegum og fagbóklegum greinum** ásamt ýmsum greinum meistaranámsins.

**rafiðnasvið**
Á rafiðnasviði eru eftirtaldar brautir: **Grunnnám rafiðna • Rafvirkjun • Rafeindavirkjun Rafvélavirkjun • Rafveituvirkjun Símsmíði**. Stúdentspróf af list- og starfsnámsbraut.

**byggingasvið**
Á byggingasviði eru fimm iðnbrautir í framhaldi af grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina: **Húsasmíði • Húsgagnasmíði • Múrsmíði • Málun • Veggfóðrun og dúklagningar**. Stúdentspróf af list- og starfsnámsbraut.

**tölvusvið**
Á tölvusviði er ein braut: **Tölvubraut** sem býður upp á sérhæfingu í **forritun** og **netkerfum**. Stúdentspróf af list- og starfsnámsbraut.

Innritun stendur yfir og lýkur 25. nóvember nk.

Innritun er rafræn og eru allar upplýsingar á vef skólans **www.ir.is** og á skólavef menntamálaráðuneytisins **www.menntagatt.is**

Aðstoð við innritun verður í skólanum 20. og 21. nóvember frá kl. 12:30–16:00.

Rafræn innritun í fjarnám og kvöldskólann hefst 20. nóvember og eru allar nánari upplýsingar á vef skólans **www.ir.is** og á skrifstofu í síma **522 6500**.

**IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK**
Skólavörðuholti | 101 Reykjavík
Sími 522 6500 | Fax 522 6501
www.ir.is | ir@ir.is

# RISALAGERSALA

## HEFST Í DAG OG STENDUR TIL 1. DESEMBER



ICEWEAR

**OPNUNARTÍMAR:**
**mánudaga - föstudaga 12 - 18**
**laugardaga 10 - 16**

**FLEECEPEYSUR FRÁ 500 kr.**
**SMÁVARA FRÁ 200 kr.**



**Dömu Softshell**
3ja laga, vind og vatnsheldir jakkar.



FW-1026-01 **4.900,-**
FW-1026-13 **4.900,-**
FW-1026-28 **4.900,-**
FW-1037-05 **4.900,-**
FW-1037-14 **4.900,-**
FW-1025-18 **4.900,-**

**Herra Softshell**
Herra Fleece peysur og softshell jakkar.



FW-2029-13 **4.900,-**
FW-2043-13 **4.900,-**
FW-2034-01 **1.900,-**
FW-2034-08 **1.900,-**
FW-2027-01 **990,-**
FW-2027-20 **990,-**

**Merino ullarpeysur**
Þunnar, mjúkar, hlýjar gæða peysur



82407-09 **2.900,-**
82407-13 **2.900,-**
81409-09 **2.900,-**
81409-41 **2.900,-**
84405-14 **2.900,-**
84405-47 **2.900,-**

**Ullarpeysur**
100% kemd ull.



25523-13 (fóðruð) **4.900,-**
25523-09 (fóðruð) **4.900,-**
35426-18 **3.900,-**
35426-14 **3.900,-**
34426-46 **3.900,-**

**Færeyskar ullarpeysur**
Hlýjar ullarpeysur úr færeyskri ull.



95402-72 **3.900,-**
95402-96 **3.900,-**
92407-72 **3.900,-**
92407-96 **3.900,-**

**Þetta er aðeins lítið brot af þeim útivistarvörum sem eru í boði á RISALAGERSÖLU Icewear.**

**Smávara**
Mikið úrval af smávöru frá 200 kr.



990,- 990,- 990,- 990,- 990,- 990,- 990,- 990,-

**Hér erum við!**




**Drífa ehf. - Suðurhrauni 12c - Garðabæ - Sími 555 7400**



# Leikrænn ferill Lacroix

● Verk frá löngum ferli fatahönnuðarins Christian Lacroix eru til sýnis í listasafni í París.



Christian Lacroix innan um sköpunarverk sín. NORDICPHOTOS/GETTY



Sýning til heiðurs verkum franska fatahönnuðarins Christian Lacroix stendur nú yfir í Arts Decoratifs-safninu í París. Sýningin heitir „Christian Lacroix, History of Fashion“. Þar má líta hin ýmsu verk af ferli fatahönnuðarins.

Christian Lacroix fæddist 1951 í Arles í Frakklandi. Lacroix ólst upp við nautaat og dvaldi löngum í söfnum og las gamlar bækur uppi á háalofti. Hann stundaði nám í listasögu við háskólann í Montpellier og síðar í Sorbonne og Ecole du Louvre 1973. Stefna hans á þeim tíma var að gerast safnstjóri.

Á svipuðum tíma hitti hann Jean-Jacques Picart sem kom Lacroix í vinnu hjá Hermes árið 1978 og síðar Guy Paulin 1980. Við útskrift frá École du Louvre árið 1981 fór hann að vinna hjá Jean Patou. Með hjálp Picart kom Lacroix fram með margar vinsælar fatalínur. Bjartir litir, glæsileiki og nákvæmni gerðu Lacroix og Picart að vinsælustu hönnuðum síns tíma.

Árið 1987 opnaði Lacroix sitt eigið hátískuhús. Árið 1988 setti hann á markað hversdagsklæðnað þar sem hann fékk innblástur frá hinum mismunandi menningarheimum. Gagnrýnendur töldu hann hins vegar ekki hafa skilning á því sem hin venjulega kona myndi vilja klæðast. Síðan þá hefur Lacroix hannað allt sem viðkemur tísku. Allt frá skartgripum, veskjum og skóm til gallabuxna og nærfata fyrir konur og karla.

Lacroix er kannski best þekktur fyrir stíl í ætt við leikbúninga. Hann er einnig þekktur fyrir „le pouf“-kjólinn (þar sem pilsið er hálfgerður bolti) auk þess sem hann lýkur öllum tískusýningum með fyrirsætu í brúðarkjól.

Lacroix hefur hannað kjóla fyrir ýmsar stjörnur. Til að mynda hannaði hann brúðarkjól fyrir Christinu Aguilera. Á tíunda áratugnum var hann þekktur sem uppáhaldshönnuður Edinu Monsoon í bresku gamanþáttaröðinni Absolutely Fabulous. Þá má einnig geta þess að Lacoix hannaði búninga á flugþjóna og -freyjur flugfélagsins Air France árið 2004.

*solveig@frettabladid.is*


af öllum Nettoline innréttingum 20% afsláttur til 17. nóvember

# Jólin nálgast!

20% afsláttur af öllum nettoline innréttingum til 17. nóvember

Tilboðinu lýkur 17. nóvember og verður ekki framlengt aftur!

NÝJAR SÝNINGARINNRÉTTINGAR - KOMDU OG SKOÐAÐU!

nettoline AUÐVELT - FLJÓTLEGT - ÓDÝRT

af öllum Nettoline innréttingum 20% afsláttur til 17. nóvember



Hlýtt og notalegt NICE hvítt




Í takt við tímann PISA höldulaust



Nýtt, ódýrt og spennandi TORINO hnota





Betra bað - meira úrval - lægra verð



Góð vinnuaðstaða skiptir máli

nettoline

GLÆSILEGAR DANSKAR INNRÉTTINGAR Í ÖLL HERBERGI HEIMILISINS

Veldu um 59 hurðagerðir og - liti



Fataskápar með venjulegum- eða rennihurðum

**ÞITT ER VALIÐ!**
Þú velur um að kaupa innréttinguna ósamsetta eða lætur okkur um samsetninguna. Við önnumst líka uppsetningu og frágang fyrir þá sem þess óska - fullkomin þjónusta, eigið verkstæði.

**VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM FYRIR ÞIG!**
Komdu með málin af eldhúsi, baði, þvottahúsi, anddyri eða svefnherbergi - við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki.

25% Jóla AFSLÁTTUR AF RAFTÆKJUM!
þegar þau eru keypt með eldhúsinnréttingu!



Auk innréttinganna bjóðum við fullkomið úrval vandaðra raftækja, m.a. vorum við að fá sendingu af spanhelluborðum, sem við bjóðum á frábæru jólatilboðsverði.

www.nettoline.dk

Opið: virka daga 9 - 18
laugardaga 10 - 16

Friform
Askalind 3 - 201 Kópavogur - Sími: 562 1500

Velkomin í Friform, þar sem þú færð meira fyrir peningana


Kjóll 6490.-
VERO MODA®

# MAX ódýrast

Nýtt á PS3




MAX verð

**4.989 kr.**

BT verð ~~6.999~~

Nýtt á PC




MAX verð **4.989 kr.**

BT verð ~~6.999~~

Nýtt á XBox




MAX verð **5.489 kr.**

BT verð ~~6.999~~

Nýtt á PS3




MAX verð **5.489 kr.**

BT verð ~~6.999~~

Nýtt á PSP




MAX verð **3.989 kr.**

BT verð ~~5.499~~

Nýtt á CD




MAX verð **1.689 kr.**

BT verð ~~1.999~~

Nýtt á CD




MAX verð **1.689 kr.**

BT verð ~~1.999~~

BT verð samkvæmt BT bæklingi 15. 11. ´07.
MAX verð samkvæmt MAX bæklingi 15. 11. ´07.

**Opnunartími**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Fimmtudaga | kl. 11-22 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| | | Sunnudaga | kl. 12-18 |

Fim

MAX / Kauptúni 1
210 Garðabæ
Sími 412 2200

ódýrast MAX RAFTÆKI

Við erum beint á móti IKEA



**Heimilið mitt ...** endurspeglar mig og mitt fólk

**Hvað gerir þú ef þú ætlar virkilega að dekra við þig?** Skríð upp í sófa með tímarit og lakkrísreimar innan seilingar. Annars er dekurdagur í Laugum í góðra og skemmtilegra kvenna hópi þvílíkur orkugjafi sem dugar lengi. Hlátur er vanmetið dekur.

**Draumurinn:** Að verða hrikalega góð í golfi en ég hef ekkert rosalega þolinmæði. Myndi helst vilja vakna upp einn daginn með tíu í forgjöf.

desember og hafa kannski engan tíma til að pæla í hvað er skemmtilegt að gefa hverjum og einum. Svo getur maður dúllað sér við að pakka inn í rólegheitum og haft gaman í desember.“ Og nú er hún farin að huga að smákökunum.

„Við Máni Freyr eldri sonur minn bökum þó engar tíu sortir, heldur meira til að fá fílinginn og lyktina í húsið. Þetta eru skemmtilegar stundir og eldhúsið hverfur í hveiti og deigklessur. Svo búum við til karla og kerlingar úr piparkökudeigi að hætti Jóa Fel en eyðum þeim mun meiri orku í að skreyta þær. Við Aui, maðurinn minn, búum til piparkökuhús sem allir skreyta og vorum svo hrikalega ánægð með húsið í fyrra að það var látið standa þar til í apríl, en þá var svipurinn á gestum farinn að vera eitthvað pínu skrýtinn og húsfrúin gaf formlegt leyfi til að mölva dýrðina.“

Hvernig sérðu sjálfa þig fyrir þér eftir tíu ár?

„Að vera áfram sátt í eigin skinni og ánægð með þær ákvarðanir sem ég hef tekið. Mér finnst mikilvægt að eiga gott samband við drengina og fólkið mitt og mun leggja mig fram við að rækta það eins vel og ég get. Að tíu árum liðnum hef ég líka heitið sjálfri mér að vera búin að fara til vanþróaðs lands og leggja fram starfskrafta mína. Ég veit að þetta hljómar klisjulega en þetta langar mig. Markmiðið er nefnilega ekki bara að gera eitthvað gott fyrir aðra, heldur líka fyrir mig. Ég held að með þessu tækist mér að núllstilla sjálfa mig, ná fókus á lífsgildin og hægja á huganum. Öðlast meiri hugarró og kyrrð,“ segir hún sæl í sínu.

*martamaria@365.is*








**ELIN HIRST OG FRIÐRIK** Fréttastjórinn Elín Hirst ljómaði á Eddunni ásamt Friðriki eiginmanni sínum. Elín minnti óneitanlega á leikkonuna og fegurðardísina Audrey Hepburn. Edda var í svörtum einföldum kokteilkjól sem hún kryddaði með þessari skemmtilegu grófu tösku.



**Sjónvarpskonan** Nadia Banine og Ingibjörg Lárusdóttir söngkona voru flottar saman. Nadia var klassískum hnésíðum kjól frá Spaksmannsspjörum og við hann klæddist hún ermum sem hún hannaði sjálf úr þæfðri ull. Takið eftir breiðu leðurbandinu sem Nadia bætti við efri hluta kjólsins og gefur heildarútlitinu skemmtilegan og óvenjulegan efnisblæ.

Ingibjörg Lárusdóttir var hnésíðum kjól en braut hann upp með því að klæðast skósíðum buxum innan undir sem kemur skemmtilega út. Takið eftir rauðu lakkskónum hennar sem gefa alklæðnaðnum lit.



**Guðmundur Breiðfjörð** markaðstjóri og eiginkona hans Kristín Karólína Harðardóttir tóku galastemninguna alla leið og mættu í sínu fínasta pússi. Kristín var glæsileg í skósíðum svörtum kjól með keip yfir axlirnar og hefði eflaust sómt sér vel í konungsveislu.



**RAUTT, RAUTT, RAUTT** Eiginkona Astrópíuleikstjórans Gunnars B. Guðmundssonar, Sigríður Þóra Árdal grafískur hönnuður og nýbökuð móðir, bar af í þessum flotta rauða kimonó úr hrásilki. Vinkona Sigríðar, Lísa Kristjánsdóttir framleiðandi og hægri hönd Baltasar Kormáks, gaf henni kimonóinn fyrir hátíðina. Þess má geta að Sigríður sá um alla grafík myndarinnar Syndir feðranna sem hlaut Edduna í flokknum besta heimildarmynd ársins,

MYNDIR/VÖLUNDUR



**Hlín Helga Guðlaugsdóttir** listnemi og eiginmaður hennar Björn Ingi Hilmarsson leikari voru í stil á Eddunni. Björn Ingi skipti út bindinu og þessum forláta hálsklút sem gefur jakkafötunum gamaldags yfirbragð. Hlín Helga var eins og kvikmyndastjarna í þessum dásamlega kjól sem hún keypti af eldri konu í San Fransisco fyrir nokkrum misserum en við kjólinn bar hún gyllta tösku sem er erfðagripur.

# SVART/HVÍT EDDA MEÐ RAUÐU ÍVAFI

Svarti og hvíti liturinn voru áberandi á Eddunni í ár. „Litli svarti kjóllinn“ og stórar töskur virtust eiga upp á pallborðið hjá kvenþjóðinni. Sirkus fór yfir dressin á Eddunni sem voru að þessu sinni dálítið einsleit miðað við oft áður.



**SVART OG HVÍTT** Edda Andrésdóttir og eiginmaður hennar Stefán Ólafsson prófessor. Sjónvarpskonan ástsæla, Edda Andrésdóttir, braut upp kjólastemmingu Eddunnar með svartri buxnadragt. Blússan, sem Edda ber einstaklega vel, gaf dragtinni rokkaðan blæ sem og hálsnælan og lakkskórnir sem toppuðu dressið.





**ALLTAF JAFN SMART** Systurnar Margrét og Ásthildur Sverrisdætur skörtuðu sínu fegursta en báðar hafa þær gaman af fallegum fötum.



**„LITLI SVARTI KJÓLINN“** Helga Braga leikkona var glæsileg að vanda í svörtum hnésíðum Dolce & Gabbana kjól frá Sævari Karli og ekki spillti ásýnd leikarans Péturs Jóhanns fyrir. Kvenlegur vöxtur Helgu naut sín sérstaklega vel í þessum aðsniðna kjól. Það eru ekki margir sem geta skartað berleggja fótleggjum á þessum árstíma eins og Helga notaði tækifærið til. Svavar Örn á heiðurinn af hárgreiðslunni en veskið fékk hún að láni hjá vinkonu sinni.


BYLGJAN
989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!
JÓLALEIKUR
SHREK
THE THIRD
Nánari uppl. á www.bylgjan.is
ATH: Geymið miðann
Skráðu þig á www.bylgjan.is
SH319685
Komin á DVD
með íslensku og ensku tali
TAKTU ÞÁTT Í JÓLALEIK SHREK THE THIRD
Límmiðinn á myndinni gæti fært þér 42 TOMMU PHILIPS PLASMA SJÓNVARP, Ipod, árskort í Sambíóin og margt fleira.
Nánari upplýsingar á www.bylgjan.is
BYLGJAN
989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!
SAM MYNDIR

# sirkus STJÓRINN

## Hverjir voru hvar



Það var margt um manninn á Ölstofu Kormáks og Skjaldar á föstudagskvöld og útlit er fyrir að fræga fólkið sé að endurheimta staðinn úr klóm pöpulsins. Þar knúsaði Kastljósskyntröllið Þórhallur Gunnarsson konu sína Brynju Nordquist flugfreyju. Á meðan Kastljóssljóskan Helgi Seljan tók púlsinn á alþjóðastjórnmálafræðingnum og fyrrverandi fréttastjóra DV, Kristjáni Guy Burgess. Helgi Hjörvar var ekki langt undan og gaf aðstoðarmanni borgarstjóra Guðmundi Steingrímssyni góð ráð þetta kvöld, en Guðmundur ræddi borgarmálin við almannatengilinn fjölfróða Örn Úlfar. Tónlistarfólkið lét sig ekki vanta í gleðina sem ríkti á Ölstofunni þetta kvöld, Baggalútsbræðurnir síkátu tóku sér frí frá stífum æfingum fyrir Laugardagslögin og voru hressir við barinn. Borgar- og blúsdrottingin Andrea Gylfadóttir skartaði sínu fegursta og lagði á ráðin með útvarpsmanninum Óla Palla.



Kvikmyndagerðarfólk hitaði upp fyrir Edduna í reykskýli Ölsins, þar var leikstjórinn Árni Óli Ásgeirsson, Lísa Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri, gervahönnuðurinn Ásta Hafþórs og Astrópíuprinsinn Óttar Geir Borg handritshöfundur. Ölstofukóngarnir og spjátrungarnir Kormákur og Skjöldur settu óneitanlega skemmtilegan brag á samkomuna með klæðaburði sínum sem bar anda liðinna tíma með sér. Að loknu heljarinnar föstudagskvöldi hélt sirkusstjórinn heim ölvaður af gleði og gat samviskulaust eytt laugardagskvöldinu yfir sjónvarpinu.



# Lakkstígvél og veglegir HÆLAR

Skór skipta höfuðmáli þegar hugað er að heildarútlitinu. Í hausttískunni hefur sjaldan verið eins sterk stígvélatíska. Danska skómerkið Billi Bi hefur komið mjög sterkt inn upp á síðkastið en það er eitt af fáum sem bjóða upp á stígvél í fjórum víddum, allt frá XS upp í XL. Þetta er sérlega hentugt þegar tískan fer fram á að buxur eða leggings séu girtar ofan í stígvélin. En þetta er líka heppilegt fyrir íslenskar konur sem fá að skarta sínu fegursta hvort sem leggurinn er visinn eða sterklega byggður. Helstu nýjungarnar eru stígvél og skór með lakkáferð, veglegir hælar og skemmtileg smáatriði sem setja svip sinn á stígvélin. Þar má nefna sylgjur og annað skóskraut sem gerir stígvélin ennþá flottari. Tærnar eru bæði rúnnaðar og mjóar en það fer eftir stemningu hverju sinni hvort verður fyrir valinu, gæti jafnvel verið best að eiga til skiptanna. Nú er ekkert annað í stöðunni en að vera vel stígvélaður fyrir jólin svo hægt sé að vaða inn í aðventupartíin áhyggjulaus.

*martamaria@365.is*



**SPENNAN SETUR SVIP SINN Á ÞESSI** Þessi Billi Bi stígvél eru æðisleg og henta vel fyrir hávaxnar sem vilja ekki of háan hæl. Spennan utan um ökklann gerir mikið fyrir þessi stígvél. Þau fást í GS skóm.



**ÖKKLAHÁ STÍGVÉL HAFA SJALDAN ÞÓTT FLOTTARI** Þau er hægt að nota við öll tækifæri, við buxur en líka pils, kjóla og hnébuxur. En þá er málið að vera í sokkabuxum í sama lit til að stytta ekki leggina. Fást í GS skóm.



**DÖMULEG** Pinnahælar og mjóar tær eru ennþá málið. Þessi stígvél eru mjög dömuleg og eru fín fyrir þær sem elska háhælaða skó og kunna að ganga á þeim. Aðventuboðin verða örugglega mun ánægjulegri ef gengið er á þessum. Þau fást í GS skóm.



**BILLI BI STÍGVÉL** Þessi eru með millibreiðum hæl og rúnnaðri tá og sóma sér vel utan yfir buxur. Þessi stígvél koma í nokkrum víddum þannig að konur með breiða kálfa eða spóaleggi ættu að geta glaðst. Billi Bi stígvélin fást í GS skóm.



**LEIKKONAN HALLE BERRY** er þekkt fyrir glæsilegan fatasmekk. MYND/GETTYIMAGES



**ALGER SKÍVSA** Hilary Duff er alveg með þetta. Hún mætti á þessum í Hollywood-parti og var elt á röndum. MYND/GETTYIMAGES





512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE
M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR:
SIRKUS
SIRKUS+
MasterCard
ORMSSON
EDDA ANDRÉSAR, ÞORGRÍMUR ÞRÁINS
OG HERMANN HREIÐARS
LOGI Í BEINNI - Í KVÖLD KL. 20:00
EDDA ANDRÉSAR FRÉTTAKONA
ÞORGRÍMUR ÞRÁINS UM HVERNIG KOMA EIGI FRAM VIÐ EIGINKONUNA
HERMANN HREIÐARSSON FÓTBOLTAKAPPI
skemmtilegri
LOGI Í BEINNI - kl. 20:00
TEKINN - kl. 20:35
STELPURNAR - kl. 21:05

# helgin

## 5 leiðir til að lifa helgina af

**Útgáfutónleikar Páls Óskars**



Farðu á útgáfutónleikana á Nasa og skvettu ærlega úr klaufunum við dúndrandi danstónlist. Á tónleikunum ætlar hann að spila lögin af nýjustu plötunni sem rýkur út úr verslunum þessa dagana. Ekki skrítið þar sem þetta er engin venjuleg stuðplata.



**Þegar piparkökur bakast...**

Dustaðu rykið af piparkökumótunum og hentu í deig, það er ekkert skemmtilegra á þessum árstíma en að dunda sér við að búa til piparkökukalla áður en allt stressið byrjar. Þeir sem ekki finna kökukeflið geta keypt fínustu piparkökur í næstu matvöruverslun og látð sér nægja að skreyta þær af hjartans lyst.



**Morgunmatur í rúmið**

Njóttu þess að geta sofið út, dekraðu við þig og borðaðu morgunmatinn í rúminu. Það þarf enginn að leigja sér hótelherbergi til að lifa eins og blómi í eggi.



**Sundferð**

Slakaðu á eftir vinnuvikuna og skelltu þér í sund, það er fátt jafn afslappandi en að láta líða úr sér og skilja þreytuna eftir í heita pottinum.



**Stanslaust stuð**

Það veit enginn hvar hann dansar næstu jól, en í þessum ómótstæðilegu skóm er víst að gamanið er ekki langt undan.



Sigríður Klingenberg spáir í Sirkus
www.klingenberg.is

# Kæmi vel út í sjónvarpi

Hrafnhildur er á vissum lokapunkti í lífi sínu. Hún skuldar engum neitt og er með hreint borð fyrir framan sig," segir Sigríður Klingenberg um fegurðardrottninguna Hrafnhildi Hafsteinsdóttur. „Hrafnhildur er að raða upp taflmönnum sínum til að athuga hvaða stöðu hún ætlar að leika. Hún er náttúrulega drottning sem lætur engan snúa á sig til lengdar. Hrafnhildur á eftir að koma fram á sjónarsviði með hraði, fyrr en alþjóð heldur, og taka hlutina með bravúr. Dálítillar spennu mun þó gæta, jafnvel í sambandinu, en Hrafnhildur veit hvað hún er að gera. Eitthvað sem hún er búin að óska sér lengi verður að veruleika. Heimili hennar verður líkt og höll en hún hefur smekk fyrir hlutum með sál og hlutum með stíl. Þar af leiðandi ef maður gengur inn á heimili Hrafnhildar og Bubba þá lýtur maður létt höfði. Hrafnhildur byrjar nýjan þriggja ára kafla árið 2009 sem verður spennandi og árangursríkur en margt gæti verið að krauma undir niðri í augnablikinu því desember fram í apríl eru mánuðir sem virðast eiga eftir að gefa henni miklar og ómældar breytingar. Hrafnhildur er fimma, eins og frú Klingenberg, og þar af leiðandi á hún að nota orðið og gæti komið vel út í sjónvarpi. Kannski Þórhallur ætti bara að ráða hana í sjónvarpið því hún Hrafnhildur hefur bein í nefinu."



**DROTTNING**
**„Hún er náttúrulega drottning sem lætur engan snúa á sig til lengdar," segir Sigríður Klingenberg um Hrafnhildi Hafsteinsdóttur, fyrrverandi fegurðardrottningu og kærustu Bubba Morthens.**

BRYNDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR SKRIFAÐI BÓK UM EIGIN UPPLIFANIR

# Erfiðast að lesa bókina fyrir mömmu

Bryndís Guðmundsdóttir, talmeinafræðingur og bæjarstjórafrú í Reykjanesbæ, er nýbúin að gefa út bókina, Einstök mamma, sem fjallar um Ásdísi og Óla sem eiga mömmu sem er heyrnarlaus. Bryndís miðlar af eigin reynslu í bókinni en sjálf er hún alin upp hjá heyrnarlausri móður. „Mér fannst vera þörf fyrir bók af þessu tagi og langaði til að skrifa niður þætti úr mínu lífi sem ég upplifði sem barn. Ég var búin að hugsa lengi um þetta efni og upplifði það sterkt að kannski hefði ég eitthvað að segja," segir Bryndís. Hún segir að skrifin hafi runnið vel en það hafi kannski verið vegna þess hvað efnið var nálægt. „Það sem var kannski erfiðast var að lesa bókina fyrir mömmu og ég verð að viðurkenna að ég var með svolítið í maganum yfir því hvað hún segði." Hervör Guðjónsdóttir móðir Bryndísar brást hins vegar vel við. „Mamma er ótrúlega góð fyrirmynd og hún hefur alltaf sýnt það í verki að hún gefst ekki upp og er enginn eftirbátur heyrandi mæðra." Þegar Bryndís er spurð að því hvort það hafi ekki verið erfitt að alast upp hjá heyrnarlausri móður segir hún svo ekki vera. „Þetta var öðruvísi reynsla en að sama skapi jákvæð og lærdómsrík. Ég á heyrandi pabba og hann var mjög sterkur inni á heimilinu. Auðvitað komu upp erfið atvik en ég held að allir upplifi það sem alast upp við óhefðbundið fjölskyldumunstur. Mín skilaboð eru þau að þeir sem eru aldir upp við öðruvísi fjölskylduaðstæður eigi að gera það að jákvæði og uppbyggilegri reynslu," segir Bryndís.




**ÞRÍR ÆTTLIÐIR** Bryndís Guðmundsdóttir er hér ásamt móður sinni, Hervöru Guðjónsdóttur og dóttur sinni Védísi Hervöru Árnadóttur.

# SPURNINGAKEPPNI sirkuss

SPURNINGAKEPPNI SIRKUSS HELDUR ÁFRAM. TRYMBILLINN HANNES HEIMIR VIRÐIST ALGERLEGA ÓSIGRANDI. HANNES HEFUR ÞEGAR UNNIÐ SJÖ STERKA MÓTHERJA OG NÚ RÆÐST HVORT HANN NÆR METI HELGA SELJAN, EN HELGI VANN ALLS ÁTTA MÓTHERJA. HÉR REYNIR HANNES VIÐ ÁSGRÍM SVERRISSON DAGSKRÁRGERÐARMANN OG KVIKMYNDASPEKÚLANT.

**1. Hvaða ástsæli söngvari var fótbrotinn í 27 ár án þess að fá meina sinna bót?**
**2. Hver semur tónlistina fyrir verkið Ökutímar, sem er sýnt hjá Leikfélagi Akureyrar?**
**3. Hver er framkvæmdastjóri tónlistarvefsins Tónlist.is?**
**4. Hvað heitir nýútkomin barnabók rithöfundarins Gerðar Kristnýjar?**
**5. Eftir hvaða Íslending er dansverkið „Degenerator" sem frumsýnt var í Konunglega leikhúsinu í Stokkhólmi í síðustu viku?**
**6. Hver hlaut alþjóðlegu Jan Smrek ljóðlistarverðlaunin nú á dögunum?**
**7. Með hvaða ítalska liði leikur körfuknattleikskappinn Jón Arnór Stefánsson?**
**8. Hvaða bæjarfélag hlaut leiðtogaverðlaun Dale Carnegie nýverið?**
**9.Hvað heitir platan sem tvíeykið Guðrún Gunnars og Friðrik Ómar gefa út fyrir jólin?**
**10. Hvað heitir prestur innflytjenda á Íslandi?**

**Rétt svör: 1.** Bjartmar Guðlaugsson. **2.** Lay Low. **3.** Stefán Hjörleifsson. **4.** Ball á Bessastöðum. **5.** Gunnlaug Egilsson. **6.** Knut Ødegård. **7.** Roma. **8.** Garðabær. **9.** Ég skemmti mér um jólin. **10.** Toshiki Toma.



### Hannes Heimir — 6 RÉTT SVÖR

1. Bjartmar Guðlaugsson.
2. Lay Low.
3. Stefán Hjörleifsson.
4. Hef ekki hugmynd.
5. Ég giska á Ernu Ómarsdóttur.
6. Veit ekki.
7. Napolí
8. Garðabær.
9. Ég skemmti mér um jólin.
10. Toshiki Toma.



### Ásgrímur — 4 RÉTT SVÖR

1. Veit ekki.
2. Lay Low.
3. Stefán Hjörleifsson.
4. Veit ekki.
5. Gunnlaugur Egilsson.
6. Ekki hugmynd
7. Nú stend ég á gati.
8. Ég giska á Hafnarfjörð.
9. Ég er í svaka stuði.
10. Toshiki Toma.

Hannes Heimir bar sigur af hólmi og jafnar þar með met Helga Seljan. Hannes hlaut sex stig af tíu mögulegum á móti fjórum stigum Ásgríms. Ásgrímur skorar á Friðrik Erlingsson rithöfund til að binda enda á sigurgöngu Hannesar.

BYLGJAN 989 KYNNIR

# FROSTRÓSIR 2007

Dívurnar & Tenórarnir

## ÍSLENSKU DÍVURNAR ÁSAMT TENORUNUM ÞREMUR

GLÆSILEGUSTU JÓLATÓNLEIKAR SEM HALDNIR HAFA VERIÐ Á ÍSLANDI




VEGNA GÍFURLEGRAR EFTIRSPURNAR

## AUKATÓNLEIKAR 16/12 KL. 16:00

SÍÐUSTU FORVÖÐ: EKKI VERÐUR BÆTT VIÐ ÖÐRUM TÓNLEIKUM

MIÐASALA HAFIN Á **midi.is**

LAUGARDALSHÖLL 15/12 KL. 20:00 UPPSELT!

LAUGARDALSHÖLL 16/12 KL. 20:00 UPPSELT!

Íslensku dívurnar og tenorarnir þrír á Stór-jólatónleikum Frostrósa. Einnig koma fram 30 manna stórhljómsveit Frostrósa, Karlakórinn Fóstbræður, Íslenski gospelkórinn, Skólakór Kársness og fjöldi góðra gesta – alls um 200 manns á risasviði. Stjórnandi er Árni Harðarson og tónlistarstjóri Karl O. Olgeirsson.




Miðaverð: Salur A-svæði: 7.990,- | Salur B-svæði: 6.990,- | Stúka: 5.990,-

## Í KIRKJUM LANDSINS 5.-8. DESEMBER

Í tilefni fimm ára afmælis Frostrósa ferðast Frostrósir um landið fyrsta sinni. Dívurnar Margrét Eir, Hera Björk, Heiða Ólafs og Regína Ósk munu syngja inn jólin ásamt strengjakvartett og öðrum hljómlistarmönnum auk góðra gesta í fjórum af fegurstu kirkjum landsins.

5. desember: Stykkishólmskirkja
**Kl. 20:30 Örfá sæti laus**

7. desember: Ísafjarðarkirkja
**Kl. 18:00 AUKATÓNLEIKAR**
**Kl. 20:30** UPPSELT!

6. desember: Glerárkirkja Akureyri
**Kl. 18:00 AUKATÓNLEIKAR**
**Kl. 20:30** UPPSELT!

8. desember: Egilsstaðakirkja
**Kl. 18:00 AUKATÓNLEIKAR**
**Kl. 20:30** UPPSELT!

Miðaverð: 2.990,-

FLUGFÉLAG ÍSLANDS ...flytur Frostrósir um landið

MIÐASALA Á **midi.is** OG SÖLUSTÖÐUM SKÍFUNNAR OG BT UM LANDIÐ

ASKJA Mercedes-Benz

STOLTUR STUÐNINGSAÐILI FROSTRÓSA

FROSTRÓSIR ...FÆRA ÞÉR JÓLIN

Við erum íslenskt fjölskyldufyrirtæki sem í fimm ár hefur fært Íslendingum vinsælustu jólatónleika landsins. Því höldum við áfram um leið og við færum heimsbyggðinni jólin frá Íslandi með hinu alþjóðlega Frostroses verkefni.

WWW.FROSTROSIR.IS

# Nú verður dælan látin ganga!



## OBH NORDICA BJÓRDÆLAN VEKUR LUKKU

OBH Nordica í samstarfi við **Tuborg** og **Carlsberg** kynnir hágæða bjórdælu til heimilisnota. Vélin er stílhrein og einföld í notkun en í hana eru notaðir fimm lítra einnota Tuborg/Carlsberg bjórkútar sem fást í næstu Vínbúð. OBH Nordica 6502G bjórdælan tryggir að bjórinn er alltaf kaldur, bragðið enn betra en áður og fullkomin froða kemur í glasið.

**Tvö glös fylgja!**

Dælan fæst á eftirtöldum útsölustöðum um land allt:

**Reykjavík og nágrenni**
Hagkaup Kringlan
Hagkaup Skeifan
Hagkaup Smáralind
Hagkaup Spöng
Heimilistæki Suðurlandsbraut 26
MAX raftæki Kauptúni
Nettó Mjódd
Sjónvarpsmiðstöðin Síðumúla 2

**Landsbyggðin**
Hljómsýn Akranesi
Hagkaup Borgarnesi
Samkaup Úrval Borgarnesi
Skipavík Stykkishólmi
Blómsturvellir Hellissandi
Samkaup Úrval Ísafirði
Smáalind Patreksfirði
Kaupf. Steingrímsfjarðar Hólmavík
Krákur Blönduósi
Kaupf. V-Húnvetninga Hvammstanga
Skagfirðingabúð Sauðárkróki
Samkaup Úrval Ólafsfirði
Valberg Ólafsfirði
Heimilistæki Akureyri
Hagkaup Akureyri
Nettó Akureyri
Heimilistæki Húsavík
Fláabrún Vopnafirði
Samkaup Úrval Egilsstöðum
Martölvan Höfn
Nettó Höfn
Klakkur Vík
Geisli Vestmannaeyjum
Mosfel Hellu
Heimilistæki Selfossi
Verslunin Rás Þorlákshöfn
Tölvuspítalinn Grindavík
Kaskó Reykjanesbæ
Hagkaup Reykjanesbæ
Samkaup Úrval Reykjanesbæ



OBH NORDICA
DESIGNING GOOD LIFE

DREIFINIG

Heimilistæki
Umboðsmenn um land allt www.ht.is

Fyrirtækja- flutnings- og nýbyggingarþrif. Svæði ehf. S. 848 7367.

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

## Jólaskemmtanir




Erum með skemmtilegustu jólasveina landsins, sjáum um jólaskemmtanir frá a til ö. Hafðu samband í S. 692 6020 & 692 6010, gryla@jolasveinarnir.is

## Garðyrkja




**Grafa og vörubíll með krabba**
**Tökum að okkur að grunna, alla almenna garðavinnu, dren og hellulagnir. Og margt fl. kemur til greina**
**Upplýsingar gefur Ingólfur í síma 868 2204 & Óskar í s. 898 9027.**

## Málarar

**Þarftu að láta mála?**
**Alhliða málningarþjónusta. Upplýsingar í síma 862 2413**

**Sandspörtlun og málun**
Mála stigahús, íbúðir eða blokkir. Uppl. í s. 893 5537 Arnar Málarameistari.

**Þarftu að láta mála?**
Alhliða málningarþjónusta. Tilboð. Uppl. í s. 866 3287.

**Vantar þig ódýrari tilboð !!!**
Málun-sandspörslun-múrviðgerðir-parket-teppa- flísalagnir og margt fl. Uppl. í s. 867 1514.

## Búslóðaflutningar

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 825 0083.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald




**Nýsmíði - Viðhald húsa**
**Trésmíði. viðhald húsa, parketlagnir,flísa- nýsmíði á gluggum og ísetning. Föst tilboð eða tímavinna.**
**Uppl. í s. 864 5920.**

**Húsaviðhald!**
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

**Pípulagnir**
Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

**Múrverktakar**
Múrvertakar geta bætt við sig allt alment múrverk eða múrviðgerðir. Margt kemur til greina. S. 865 2782.

**Flísalagnir**
Getum bætt við okkur verkefnum í múrverki og flísalögnum. Upplýsingar í síma 663 5315.

Kawasaki 125 fjórgengis árgerð 2006 keyrt í 12 tíma - galli og 2 skór fylgja verð 250.000 Barnahjól Beta 10 - 50 cc sjálfskipt árgerð 2007 keyrt í 3 tíma - hentar vel fyrir 5-7 ára, galli, brynja, hjálmur, hlífar og skór fylgja verð 150.000. Uppl. í s. 699 4997.

## Tölvur

**Tölvuþjónusta**
Kem á staðinn. 11 ára reynsla. Microsoft vottun. Miðnet ehf. Ríkharður s. 615 2000.

## Spádómar




**Englaljós S. 908 5050 & 863 1987**
**Er spennandi tími framundan? Hvað viltu vita um framtíðina? Andleg leiðsögn, fyrirbænir, trúnaður. Er við alla daga frá 09-13 og frá 17-01.**
**Lára spámiðill. Visa/Euro.**

**Alspá 445 5000**
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Visa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com*

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Óskaspá**
Opið frá 17-23 alla daga. Sími 901 5060. Geymið Auglýsinguna.

**Hanna 908 6040 & 555 2927**
Símaspá, fyrirbænir, draumar, tarot. Andleg leiðsögn. Er við frá kl. 16-24. S. 555 2927 Visa/euro.

## Iðnaður

**Steinseipusögun, Kjarnaborun, múrbrot og niðurrif**
**BB steinsögun EHF.**
**Upplysingar í síma 896 7579 & 855 2713 & 456 7579.**

## Trésmíði

Tökum að okkur alla smíðavinnu, fagmennska í fyrirrúmi. Stærri sem smærri verk. Uppl. gefur Þórður í s. 690 9239 eða Friðrik í s. 867 4680.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Besta lausn fyrir þröng rými. Addco ehf. S. 586 9010 eða addco@addco.is




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. Vélaverkstæði JS. Vesturhrauni 3. Garðbæ. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502.



Grand Caravan'00 ásett verð 1490 þús. gerðu tilboð. Frábær fjölskyldubíll 821-3990

Barnadót. Amalie barnavagn m/burðar. og skiptit. frá Babysam, Graco ungbarnab.stó. m/bílfestingu allt að 10 kg & baðbali m/standi. Mjög nýlegt & lítið notað. Selst ódýrt. S. 899 8983.

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10þ. Frystikista 10þ. Eldavél á 5þ. Eldavélahúfur á 10þ. Flúorljós á 2þ. Uppþvottavél á 10þ. Þurrkari á 10þ. Lazy Boy stóll á 5þ. 28" tv á 10þ. 20" á 5þ. Þvottavél á 10þ. Örbylgjuofn á 3þ. Glerskápur á 3þ. Barstólar á 3þ. Chicco barnakerra á 5þ. S. 896 8568.

3 hross. Nánar á http://youtube.com/watch?v=FD5Rggup5OA Uppl. s. 4538106 Hallur.

Til sölu Sony DVD spilari lítið notaður. Selst ódýrt. Uppl. í s. 897 9316.

Baby born dót. Dúkka, kerra og föt á. 10 þ. Búðadót á 2 þ. S. 568 0924.

## Óskast keypt

Óska eftir að kaupa 40feta frystigám, jafnvel 2, án kælisamstæðu. S. 863 1424.

## Hljóðfæri



Da Cabo þjóðlagagítar, poki og stillíflauta. Kr.13.900,- Gítarinn, Stórhöfða 27. Sími 552 2125 www.gitarinn.is - gitarinn@gitarinn.is

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykrja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

## Tölvur



**Umboðssala**
Allt í umboðssölu - BMS-Tölvulausnir. Sími 565 7080, Suðurlandsbraut 8

## Vélar og verkfæri




CMT fræsihausar fyrir beina og formaða hnífa. Ásborg. Vélar+verkfæri. Smiðjuvegi 11 Sími 564 1212

Gifsvagn óskast má vera í slæmu standi, á sama stað óskast Gasbyssa. uppl. S 8925545

## Til bygginga

Ný sakkaborð (dokafrænka) til sölu, 1.382 kr. pr. fermeter. Bindir & vír ehf. sími 891 8824 & 897 2794

Ný mótaborð (dokar) til sölu 1.545 kr/m2 m.vsk, uppl. í s: 847-3798 Halldór og ulfurinn.is

# HEILSA

## Heilsuvörur



**Solis safapressa**
Til sölu Solis safapressa hefur bara verið notuð 4x. Kostar ný rúmar 14 þús. Tilboð óskast. Uppl. í síma. 696 4519.

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Vinkonur, saumaklúbbar og heilsuunnendur. Langar ykkur í fræðslu og upplýsingar til þess að halda ykkur í fremstu röð útlitslega, orkulega og þyngdarlega? Ekki bíða lengur. Árangur með Herbalife. Gerður 865 4052 & Hanna 892 4284.

## Fæðubótarefni

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is Ásta s. 891 8902.

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Nudd

Góð tilboð á vönduðum ferðanuddbekkjum. Enginn aukakostnaður. Olíubeltin komin. Tilboð á nuddolíum. Basó ehf - nuddbekkir og vörur. S. 847 1294. visa/euro www.baso.is

Nudd. Uppl. í s. 857 1356.

Nudd nudd nudd. Uppl. í s. 616 6469.




## Ýmislegt



Súrefnismettunarmælar á frábæru verði. Einnig höfum við aðgang að öllum mögulegum vöruflokkum. Það sem við eigum ekki reynum við að útvega. K-Matt ehf. S. 421 8999 eða k-matt@k-matt.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Kennsla

Námskeið í parketlögnum Haldið verður 10 tíma námskeið í því að leggja parket. Skráning og uppl. í síma 8983053 parketstodin@visir.is

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



Til sölu sófasett 3+1+1 og skemill. Microfibre efni, mjög auðvelt að þrífa. 3 ára og lítur út eins og nýtt. Tilboð óskast. S. 896 5144.

Svefnsófi til sölu, 1mx210 án arma, m/örmum 230cm. Í mjög góðu standi. Verð 10 þús. Uppl. í s. 867 4087.

Einstök húsgögn til sölu, henta bæði úti og inni. Úthöggvin úr heilli trjárót. Hentar vel í garðhúsið eða sumarbústaðinn. Uppl. í s. 893 8886

Til sölu sjónvarpsskápur frá Tekkhúsinu. V. 29 þús. Uppl. í s. 663 7143.

## Heimilistæki

Til sölu hvítur, tvískiptur kæliskápur/frystiskápur. Hæð 180 cm. Uppl. í s. 553 0712.

## Dýrahald



Besta verðið á Hundabúrum 4000-10.000 kr Hvolpagirðingar 7,000 - 9,500 www.liba.is



Æðislegir sharpei hvolpar til sölu, bólusettir, örmerktir, ættbók HRFI og ormahreinsaðir. Foreldrar margverðlaunaðir. Tilbúnir til afhendingar! Guðrún 821 9262.



**Dýrabær**
Falleg sófarúm fyrir hunda-og ketti. Dýrabær Hlíðasmára 9 og Smáralind www.dyrabaer.is

Falleg 4 mánaða Rottweiler tík til sölu á gott heimili. Uppl. í síma 8655299

Hvít púðlutík til sölu. 3ja mánaða, ljúf og góð. Uppl. í s. 896 2114.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska

Góður 11 vetra barnahestur (hryssa) til sölu. Uppl. í s. 894 0255.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði




**Hörgshlíð, 105 Rvk**
3ja herb. hlýleg íbúð á jarðhæð. Leigist með húsgögnum. Gæludýr leyfð. Laus 15.01.08. Langtímaleiga. Kr. 135.000
Nánar á Leiga.is eða 534-1024

**Flókagata, 101 Rvk**
5 herb. íbúð í parhúsi, hæð + ris. Sólstofa og garður. Leigist með húsgögnum. Laus 01.01.08 til 30.06.2009. Tilboð óskast.
Nánar á Leiga.is eða 534-1024

**Réttarholtsvegur, 108 Rvk**
4ra herb. á tveimur hæðum. Sólpallur og garður. Laus 01.12.07. Langtímaleiga. Kr. 135.000
Nánar á Leiga.is eða 534-1024

**Gnoðarvogur, 104 Rvk**
4-5 herb. sérhæð. Með eða án húsgagna. 30 fm bílskúr getur fylgt. Laus strax. Leigutími til 01.09.2008. Tilboð óskast.
Nánar á Leiga.is eða 534-1024

Leiga.is
Löggild leigumiðlun

Mjög rúmgóð 2 herb. íbúð til leigu í Mosfellsbæ. Langtímaleiga. Uppl. um fjölskylduhagi sendist til cgtms@hotmail.com

12,5 fm herbergi til leigu með örbylgjuofni og ísskáp og sameiginlegu WC. Leiga 28þús + 1mán trygging. Leigist eingöngu snyrtilegum og helst reyklausum einstakling. S. 694 1202 milli kl. 15-19.

Gullfalleg 4-5 herb. íbúð í 108 m. flestum húsgögnum, raftækjum og húsbúnaði. Nýstandsett, rúmgóð og björt. Þvottahús, 2 svalir. Laus strax. Leiga 150 þ. m. öllu. S. 845 0567, m4jj@hotmail.com

3 herb. íbúð í Kóp.201. Til leigu með öllu & 170 fm íbúð í Garðabæ. Uppl. í s. 847 7147.

Til leigu 55 fm kjallari með sér inngang í Hafnarfirði. Uppl. í hustilleigu@visir.is. Er laus.

3 Herb. íbúð til leigu á Laugavegi. Langt. leiga. með eða án húsgagna, Leiga er 120.000kr. Uppl. í síma 692-4828 Þorvaldur.

## Húsnæði óskast

**Íbúð óskast til leigu sem fyrst.**
**Sölu og Markaðstjóri leitar að snyrtilegri 2-3 herb. íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Árs leigusamningur Öruggar greiðslur með ábyrgð fyrirtækis. Reglusemi og Snyrtimennska. ATH! Kjallaraíbúðir eða bílskúrar koma ekki til greina. Þeir húseigendur sem hafa áhuga, vinsamlega hringið í Gsm 860 5418 eða 520 1220, Kristinn.**

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

**KIRKJUBREKKA - ÁLFTANES, PARHÚS**

Frum



Í einkasölu glæsilegt 219 fm parhús með bílskúr á 2 hæðum á frábærum útsýnisstað við Kirkjubrekku 7 á Álftanesi. Eignin skiptist í forstofu, gestasn., hol, stofu, borðst., eldhús og bílskúr. Á neðri hæð eru 2 barnah., hjónah., sjónv.hol, baðh., þv.hús og geymsla. Eignin afh. fullb. að utan með grófjafnaðri lóð en að innan fokheld, búið að slípa steypu í loftum og milliveggjum. Útveggja einangrun fylgir. Heimtaugalögn lokið. Mjög stutt í skóla, 2 leikskóla, sundlaug, golfvöll og verslun. Áhv. hagstætt lán upp á 18. millj. **Verð 34.9 millj. Til afhendingar strax. Mjög hagstætt fermetraverð. Eignarlóð. Upplýsingar og teikningar á skrifstofu Hraunhamars. Pantið skoðun í s. 663 2430 eða 699 2430.**

Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali








## TILKYNNINGAR

# Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. nóvember 2007, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. nóvember 2007 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. nóvember 2007, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

**Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.**

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 12.700 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 1.350 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.
Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. nóvember 2007

Tollstjórinn í Reykjavík
Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Búðardal
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólmavík
Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Húsavík
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli







# Kjarklitlir sveitarstjórnarmenn

**UMRÆÐAN**
Hitaveita Suðurnesja



GUÐBRANDUR EINARSSON

Á ársfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum sem haldinn var sl. laugardag afhenti Hannes Friðriksson, íbúi í Reykjanesbæ, undirskriftir þúsunda íbúa hér á svæðinu. Með undirskrift sinni voru íbúar að hvetja sveitarstjórnarmenn til þess að standa vörð um Hitaveitu Suðurnesja og leggja áherslu á mikilvægi þess að hún yrði í meirihlutaeigu sveitarfélaga. Umsjónaraðili undirskriftarsöfnunarinnar óskaði eftir að fá að koma á ársfundinn og afhenda undirskriftirnar þar vegna þess að á ársfundinum voru nánast allir sveitarstjórnarmenn Suðurnesja samankomnir og því mikið vald falið í slíkum fundi. Það er skemmst frá því að segja að tekið var á móti þessum undirskriftum af algjöru virðingarleysi. Sveitarstjórnarmönnum var smalað inn í rútu og keyrðir burtu í vettvangsferð á meðan afhendingin fór fram og urðu því ekkert varir við hana. Fráfarandi stjórn tók við undirskriftunum í litlu bakherbergi og tókst með því að gera þennan atburð að engu.

Það var ekki fyrr en undir liðnum önnur mál sem hægt var að taka málið á dagskrá og þá var það gert að undirlagi undirritaðs sem lagði fram eftirfarandi tillögu: Aðalfundur SSS samþykkir að kjörin verði nefnd tveggja fulltrúa frá hverju sveitarfélagi sem hlut eiga í HS, einn fulltrúa frá meirihluta og einn fulltrúa frá minnihluta. Nefndinni verði falið það verkefni að leita leiða til þess að koma til móts við óskir íbúa sem birtast í þessari undirskriftarsöfnun sé þess nokkur kostur.

Umræður um þessa tillögu urðu engar, heldur lagði bæjarstjóri Reykjanesbæjar, sem er klókur maður, það til að tillögunni yrði vísað til stjórnar. Hann vissi mæta vel að með því var hann að ónýta tillöguna, þar sem stjórn SSS hefur ekkert um málið að segja, en aðalfundurinn með þátttöku 95% sveitarstjórnarmanna hafði töluvert með málið að gera. Einnig var hægt að forða sveitarstjórnarmönnum á Suðurnesjum frá óþægilegri umræðu um mál sem þeir hafa gjörsamlega klúðrað og fékk því tillaga bæjarstjórans rússneskan stuðning.

Vegna þessa atburðar og vegna þess að sveitarstjórnarmenn eru ekki tilbúnir til að ræða sameiginlega málefni Hitaveitu Suðurnesja vil ég leggja fram eftirfarandi spurningar, sem ég hefði kosið að ræddar hefðu verið í hópi sveitarstjórnarmanna á Suðurnesjum en á því reyndist ekki nokkur áhugi.

1. Hvers vegna nýttu önnur sveitarfélög en Reykjanesbær og Hafnarfjörður sér ekki forkaupsrétt við sölu á hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja?

2. Hvaða ástæður lágu að baki þeirri ákvörðun að selja nánast allan hlut sinn í HS?

Voru þessar ástæður fjárhagslegs eðlis eða lágu einhverjar aðrar ástæður þar að baki?

3. Hvers vegna töldu Grindvíkingar nauðsynlegt að kalla saman bæjarráð sveitarfélaganna á Suðurnesjum til að ræða málefni Kölku, en sáu ekki ástæðu til þess að óska eftir sams konar fundi þegar ákveðið var að selja Hitaveitu Suðurnesja?

4. Eru bæjarfulltrúar í öðrum sveitarfélögum en Reykjanesbæ enn þeirrar skoðunar að rétt hafi verið að selja eignarhluti sveitarfélaga sinna í HS í ljósi þeirrar atburðarásar sem átt hefur sér stað frá því í júlí sl. og telja þeir hagsmuni íbúa sinna byggðarlaga tryggða með því eignarhaldi sem nú er á HS?

5. Hvernig telja bæjarfulltrúar að því yrði tekið, ef sú staða kæmi upp að sveitarfélögunum gæfist kostur á því að auka við hlut sinn í HS með það að markmiði að Hitaveitu Suðurnesja yrði aftur komið í meirihlutaeigu sveitarfélaganna?

Sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum þurfa ekki að svara mér, til þess hafa þeir engar skyldur, en ég hvet íbúa á Suðurnesjum til þess að spyrja kjörna fulltrúa sína þessara spurninga.

Að standa að móttöku undirskrifta með þessum hætti og forðast umræðu um málið er algjör niðurlæging fyrir sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum og gerir það að verkum að ég mun algjörlega endurmeta hugmyndir mínar um gildi og hlutverk samstarfs sveitarfélaga á Suðurnesjum.

*Höfundur er bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ.*

## AF BLOGGI

### Afturhald

Nú eru þeir farnir að ræða jarðasöfnun auðmanna. Flest getur orðið til að drepa tímann á Alþingi. Fjöldi bænda hefur getað brugðið búi með seðla í vasanum, í flestum tilvikum nægileg eftirlaun. Þeir, sem keyptu jarðirnar, gerðu þetta kleift. Í stað þess að jarðir legðust sjálfkrafa í eyði, engum að gagni. Afturhald Jóns Bjarnasonar og Bjarna Harðarsonar þingmanna hefði skaðað fólk. Hindrað það í að beita markaðsbúskap og hafa gott fyrir sinn snúð. Svonefndir auðmenn flikka svo upp á hús og girðingar. Þeir koma sér upp stóði, sumir rækta skóg, einn ræktaði hör. Allt er þetta af hinu góða.

**Jónas Kristjánsson**
jonas.is

### Sakleysið uppmálað

Það er ekki lítið sem ég hef hneykslast á neyslu og bruðli þjóðarinnar að undanförnu. Mér hefur þó lítið dottið í hug að líta í eigin barm - enda er ég ekkert að bruðla. Svona fyrir utan að skreppa með fjölskylduna út að borða, setja upp nýja skápa og hillur, plana sumarleyfi til útlanda, kaupa smotterí af fötum - allt auðvitað miklar nauðsynjavörur - eða myndi fólk kannski vilja hafa mig hlaupandi um berrassaða? ha?

**Steinunn Þóra Árnadóttir**
kaninka.net/steinunn

### Pínlegt

Það er eiginlega orðið pínlegt hvað andstæðingar Sjálfstæðisflokksins ganga langt til að koma höggi á borgarfulltrúa flokksins, sem voru þó þeir sem sögðu hingað og ekki lengra með það ótrúlega samkrull opinbers fyrirtækis og einkahagsmuna sem fram fór í Reykjavík Energy Invest.
En Vilhjálmur, nú segist þú hafa gert mistök og ekki haft eðlilegt samráð við eigin flokksmenn, en varstu ekki örugglega svikinn af eigin flokksmönnum?

**Vefþjóðviljinn**
andriki.is




# 30-90% afsláttur




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.143 kr
Bókatíðindaverð 4.490,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 4.212 kr
Bókatíðindaverð 6.480,-







30%* afsláttur
TILBOÐ 1.596 kr
Bókatíðindaverð 2.280,-

Tinni í Sovétríkjunum hefur ekki verið gefin út áður á Íslandi.




30%* afsláttur
TILBOÐ 1.043 kr
Bókatíðindaverð 1.490,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.486 kr
Bókatíðindaverð 4.980,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.276 kr
Bókatíðindaverð 4.680,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 2.023 kr
Bókatíðindaverð 2.890,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 1.883 kr
Bókatíðindaverð 2.690,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 1.943 kr
Bókatíðindaverð 2.990,-

Allir titlar til í Smáralind, Kringlu og Skeifu, minna í öðrum búðum

* Afsláttur reiknast af almennu verði eða bókatíðindaverði.

Gildir til og með 18. nóvember.

# af vinsælum bókum

## Allar nýjar bækur fást í Hagkaupum, yfir 400 titlar




35%* afsláttur

TILBOÐ 2.782 kr

Bókatíðindaverð 4.280,-




35%* afsláttur

TILBOÐ 3.048 kr

Bókatíðindaverð 4.690,-




30%* afsláttur

TILBOÐ 3.238 kr

Bókatíðindaverð 4.690,-




30%* afsláttur

TILBOÐ 3.143 kr

Bókatíðindaverð 4.490,-




30%* afsláttur

TILBOÐ 3.353 kr

Bókatíðindaverð 4.790,-




30%* afsláttur

TILBOÐ 3.276 kr

Bókatíðindaverð 4.680,-




30%* afsláttur

TILBOÐ 2.786 kr

Bókatíðindaverð 3.980,-

Bolur og barmmerki fylgja hverju seldu eintaki á meðan birgðir endast. Afhendist við þjónustuborð




30%* afsláttur

TILBOÐ 1.386 kr

Bókatíðindaverð 1.980,-



59%* afsláttur

TILBOÐ 6.561 kr

Bókatíðindaverð 15.980,-




90%* afsláttur

TILBOÐ 199 kr

Bókatíðindaverð 1.999,-

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

**JÓNAS HALLGRÍMSSON**
**FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1807**

*„Háa skilur hnetti himingeimur,*
*blað skilur bakka og egg.*
*En anda, sem unnast,*
*fær aldregi eilífð að skilið.*

***Þetta er erindi úr ljóðinu Ferðalok-um eftir Jónas en hans er nú minnst í dag um allt land enda 200 ár frá fæðingardegi hans.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 16. NÓVEMBER 1917**

## *Reykjavíkurhöfn tekin í notkun*

Hafist var handa við gerð Reykjavíkurhafnar árið 1913. Það var meðal annars gert vegna ótta verslunareigenda í Kvosinni við áform um að gera höfn annað hvort í Nauthólsvík, í landi Skildinganess, eða í Viðey. Að auki hafði hin náttúrulega höfn austan Örfiriseyjar versnað þegar brotnaði úr grandanum sem lá út í eyjuna árið 1902 svo að sjór gekk þar látlaust yfir. Ofsaveður árið 1910, þar sem mörg skip slitnuðu upp og skemmdust, þrýsti enn frekar á framkvæmdir. Fyrstu framkvæmdirnar miðuðu að því að hlaða Grandagarð og gera síðan brimgarð til austurs frá Örfirisey. Frá austri var síðan Ingólfsgarður hlaðinn og kom hann til móts við hinn og afmarkaði þannig hafnarsvæðið. Lögð var járnbraut frá Öskjuhlíð að höfninni til að flytja efni til hafnargerðarinnar.
Árið 1915 var smíði fyrstu hafskipabryggjunnar lokið. Hafnargerðinni átti að ljúka 1916 en það var ekki fyrr en í október árið 1917 að mannvirkin voru tilbúin og var höfnin formlega tekin í notkun 16. nóvember það ár.



**MERKISATBURÐIR**

- **1944** Bandamenn sprengja Dueren í Þýskalandi í tætlur.
- **1957** Raðmorðinginn Edward Gein myrðir hinsta fórnarlamb sitt.
- **1965** Sovétríkin skjóta könnunarhnettinum Venerea 3 á loft til plánetunnar Venus, sem verður þar með fyrsta geimfarið til að snerta yfirborð annarrar plánetu.
- **1988** Pakistanar kjósa Benazir Butto sem forsætisráðherra landsins.
- **1996** Móðir Teresa fær bandaríískan ríkisborgararétt í heiðursskyni.
- **2000** Bill Clinton verður fyrstur Bandaríkjaforseta til að heimsækja Víetnam eftir Víetnamstríðið.

# Tölt í Smáralind

Í tilefni af þrjátíu ára afmæli hestatímaritsins Eiðfaxa og útgáfu veglegs afmælisrits verður efnt til töltkeppni í verslunarmiðstöðinni Smáralind í dag. Þetta mun vera í fyrsta sinn sem slíkt er reynt í verslunarmiðstöð.

Afmælishátíð Eiðfaxa stendur frá 16 til 19. Þar sýna margir af fremstu knöpum landsins hesta sína og taka þátt í keppni í hægu tölti.

Meðal hestamanna sem fram koma á hátíðinni er Valdimar Bergstað en hann var kjörinn efnilegasti knapinn árið 2007 á uppskeruhátíð hestamanna um síðustu helgi. Þá mun Þorvaldur Árni Þorvaldsson reiðkennari vera með sýnikennslu í grunnatriðum reiðmennskunnar. Reynt verður að höfða bæði til hestamanna og annarra gesta Smáralindar. Settir verða upp sýningarbásar í Vetrargarðinum þar sem fyrirtæki sýna vörur sem tengjast hestamennsku og félagasamtök hestamanna kynna starfsemi sína. Aðgangur að afmælishátíðinni er ókeypis og er hægt að nálgast dagskrá hennar á vef Eiðfaxa: www.eidfaxi.is



**TÖLT** Margir knáir knapar og hestar mæta í Smáralind í dag og keppa í hægu tölti.



**SAFNSTJÓRINN** Brynhildur Pétursdóttir, safnstjóri Nonnahúss, stýrir sýningunni í Amtsbókasafninu á Akureyri en sams konar sýning verður opnuð í Köln síðar í mánuðinum.

**JÓN SVEINSSON** 150 ÁR FRÁ FÆÐINGU

# Nonna minnst á Akureyri

Í dag eru 150 ár liðin frá fæðingu Jóns Sveinssonar eða Nonna eins og hann er yfirleitt kallaður en hann er hvað þekktastur fyrir Nonnabækurnar margrómuðu. Af því tilefni hafa konur í Zontaklúbbi Akureyrar unnið sýningu um ævi hans og störf. Sýningin, sem lýsir viðburðaríku lífshlaupi Nonna í máli og myndum, var opnuð í Amtsbókasafninu á Akureyri laugardaginn 10. nóvember og stendur út árið.

Í dag eru einnig fimmtíu ár frá því að Nonnahús var opnað en Zontakonur föluðust á sínum tíma eftir bernskuheimili Nonna, fóru að safna munum honum tengdum og opnuðu safnið árið 1957. Brynhildur Pétursdóttir, safnstjóri Nonnahúss og meðlimur í Zontaklúbbnum, segir að á þessum tímamótum hafi Zontakonur, sem hafa nú rekið safnið í hálfa öld, ákveðið að afhenda það Akureyrarbæ að gjöf og verður það gert á milli jóla og nýárs.

Brynhildur segir í raun ótrúlegt afrek hjá þessum framsýnu konum að bjarga húsinu á sínum tíma og gera úr því safn enda sé varla hægt að hugsa sér Akureyri án þess. Að hennar mati mættu Íslendingar þó vera duglegri við að halda minningu Nonna á lofti og segir til dæmis athyglisvert að ævisaga hans hafi verið skrifuð á þýsku og tékknesku en sé ekki til í íslenskri þýðingu.

Nonni fæddist á Möðruvöllum í Hörgárdal en flutti sjö ára gamall til Akureyrar. Faðir hans lést þegar hann var ungur að árum og ólst hann upp við fátækt. Tólf ára gamall kvaddi hann móður sína og var sendur til Frakklands í kaþólskan skóla. Nonni gerðist jesúítaprestur og starfaði sem kennari í Danmörku í tuttugu ár. Þegar hann hætti kennslu var hann sendur til Hollands þar sem hóf að skrifa bækur, kominn vel á sextugsaldur.

Fyrsta bókin kom út árið 1913 og naut strax mikilla vinsælda. Nonni skrifaði alls tólf bækur og hafa þær verið gefnar út á fjölmörgum tungumálum. Meðal bóka hans má nefna Nonna, Nonna og Manna, Á Skipalóni og Sólskinsdaga. Hann hafði einstaka frásagnarhæfileika og hélt fyrirlestra víða um heim. Brynhildur segir hann af mörgum talinn einn helsta sendiherra Íslands og meðal þeirra sem hvað best hafi kynnt land og þjóð. Hún segir að Nonni, sem skrifaði bækur sínar á þýsku, hafi greinilega haft skynbragð á að þar væri góður markaður. Hann er mjög virtur í Þýskalandi og verður sams konar sýning og á Akureyri opnuð í Köln. Nonni átti þó ekki lengi heima í Þýskalandi; hann hraktist þangað í seinni heimstyrjöldinni og lést í Köln árið 1944 og er þar jarðsettur.

Brynhildur, sem hefur verið safnstjóri Nonnahúss í sex ár, segir einstakt að upplifa að ferðamenn komi til Íslands í þeim eina tilgangi að sjá bernskuslóðir Nonna. „Ég hugsa að flestir safnverðir hafi upplifað það að fá hingað Nonnaaðdáendur sem eru það heillaðir af bókum hans að þeir bresta í grát þegar þeir koma í safnið. Ef til vill er fólk heillað af því að Nonnabækurnar, sem að miklu leyti eru endurminningar Nonna, séu byggðar á sönnum atburðum og fyllast trega yfir örlögum drengsins sem flutti aldrei aftur heim og kom einungis tvisvar til landsins á fullorðinsárunum og þá sem gestur. Brynhildur segir Nonna án efa hafa saknað landsins og leitað huggunar í sögunum. „Hann lýsir æskunni sem sólríkri og yndislegri þó að hún hafi í raun að mörgu leyti verið mjög erfið.“

**vera@frettabladid.is**



*Elskulegur faðir okkar,*

**Arinbjörn S. E. Kúld**
Hjallavegi 25, Reykjavík,

lést á Dvalarheimili aldraðra sjómanna, Reykjavík, sunnudaginn 11. nóvember. Hann verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju 21. nóvember kl. 11.00.

**Börn hins látna.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jóhann Eymundsson**
Stigahlíð 36,

andaðist mánudaginn 12. nóvember. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 20. nóvember kl. 13.00.

**Þórhalla Karlsdóttir**
**Sigríður Austmann** **Þórarinn Magnússon**
**Helga Austmann** **Guðlaugur Heiðar Sigurgeirsson**
**Eymundur Austmann** **Emilía Sveinbjörnsdóttir**
**Viðar Austmann**
**Elfa Dís Austmann** **Páll Blöndal**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

## *Ráðherra á degi íslenskrar tungu*

Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, verður á ferð og flugi á degi íslenskrar tungu sem haldinn er hátíðlegur í dag á 200 ára afmælisdegi Jónasar Hallgrímssonar.

Síðastliðin ár hefur skapast sú hefð að menntamálaráðherra heimsæki skóla og menningarstofnanir í einu ákveðnu sveitarfélagi á degi íslenskrar tungu. Síðustu tvö ár hefur ráðherra heimsótt Reykjanesbæ og Kópavog og nú í ár verður Þorgerður Katrín í Reykjavík.

Hún mun heimsækja leikskóla og opna vef um lestrarerfiðleika í Árbæjarskóla. Hún mun einnig opna formlega vef Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og taka þátt í íslenskuhátíð í Háskóla Íslands.



**ÞORGERÐUR KATRÍN** Tekur virkan þátt í degi íslenskrar tungu.

erum og verðum

# ALLTAF ÓDÝRARI

## INTEL TÖLVUPAKKI 3
- Intel Core2Duo E6750 - 4MB
- 2GB 667MHz Dual DDR2
- 500GB SATAII WD - 16MB
- 512MB Geforce 8600GT
- 22" Acer widescreen 5ms

119.950

## AMD TÖLVUPAKKI 1
- AMD X2 DualCore 4600+
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 320GB SATAII WD - 16MB
- 512MB ATI Radion X1250
- 19" Acer widescreen 5ms

79.950

## ACER ASPIRE 7520G
- 1.8GHz AMD Turion64 X2
- 2GB Dual DDR2 minni
- 160GB SATA 5400rpm
- 256MB DDR Geforce 8400
- 17" CrystalBrite skjár

acer 99.950

## ACER ASPIRE 5920G
- 2.0Ghz Core 2 Duo T7300
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 160GB SATA 5400rpm
- 256MB DDR Geforce 8600GT
- 15,4" CrystalBrite skjár

acer 119.950

## TURNUPPFÆRSLA 1
- AMD X2 DualCore 4000+
- 1GB DDR2 667MHz
- 160GB SATAII WD - 8MB
- 512MB Ati Radeon X1250

29.950

## TURNUPPFÆRSLA 4
- Intel Core 2 Duo E6750
- 2GB DDR2 667MHz
- 500GB SATAII WD - 16MB
- 512MB GeForce 8600GT

67.950

## CANON IP4500
Canon iP4500 er 5 hylkja ljósmyndaprentari með 9600x2400 dpi upplausn ChromaLife tækni

Canon 11.750

## CANON LIDE 90
48 bita, USB2 skanni 2400x4800dpi upplausn Lítill og nettur skanni sem hentar vel á öll heimili

Canon 9.950

## DIVICO TVIX 3100U
DViCO TViX M-3100U spilari/hýsing fyrir 3.5" IDE harðdiska m/LCD skjá tengist við sjónvarp

TViX 15.750

## ACER 22" AL2216WBD
Hágæða 22" LCD Acer tölvuskjár með 1680x1050 upplausn, 700:1 í skerpu og 5ms svartíma

acer 25.950

## PAPPÍR Í MIKLU ÚRVALI
Prentaðu út jólakortin eða ljósmyndirnar sjálf/ur Pappír í miklu úrvali fyrir öll tilefni

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

## BLEK Í MIKLU ÚRVALI
Hjá okkur er mikið úrval af bleki á frábæru verði í flesta HP og Canon prentara

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

## SAMSUNG DVD SKRIFARI
- Styður Dual layer
- 20x +/- DVD skrifhraði
- 48x CD skrifhraði
- Hugbúnaður fylgir

SAMSUNG 3.450

## CORSAIR 1GB MINNI
Hágæða vinnsluminni frá Corsair með 1GB DDR2 667MHz, PC2-5300 lífstíðarábyrgð

CORSAIR 2.950

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.




# STUÐ MILLI STRÍÐA Alheimslögga á útsölu

**ÖRLYGUR HNEFILL ÖRLYGSSON** VILL AÐ BANDARÍKJAMENN LÍTI SÉR NÆR



Hin ágæta vefsíða Frelsi og franskar greindi í gær frá nýrri könnun sem gerð var meðal nemenda í New York-háskóla í Bandaríkjunum. Þar kom í ljós að 20 prósent nemenda skólans myndu selja atkvæði sitt í komandi forsetakosningum í skiptum fyrir iPod-tónlistarspilara. Í umfjöllun hinnar amerísku vefsíðu Politico um sama mál virðast þessar fréttir koma greinarhöfundi lítið á óvart. Helst að hægt sé að lesa út úr orðum hans að hlutfallið sé lægra en búast hefði mátt við.

Það sem mér þykir alvarlegast við fréttirnar er að þarna er ekki um að ræða fáfróða Bandaríkjamenn eins og við sjáum þá í bíómyndunum. Þarna er um að ræða landsins björtu framtíð, ungt fólk í háskóla.

Nemendur háskólans voru einnig spurðir út í aðra hluti sem þeir gætu skipt á fyrir atkvæði sitt og voru til að mynda 66 prósent til í að láta atkvæði sitt af hendi gegn niðurfellingu skólagjalda. Kannski eru fátækir námsmenn auðkeyptir, en engu síður skín þarna í gegn að þetta unga fólk ber ekki virðingu fyrir lýðræðinu – sama lýðræði og Bandaríkjamenn hafa boðað um allan heim með vopnaskaki.

Staðreyndin er nefnilega sú að stjórnvöld í Bandaríkjunum hafa áratugum saman ráðskast með innanríkismál þjóða um víða veröld og oft hafa aðgerðir þeirra verið í hrópandi ósamræmi við þau vandamál sem bíða þeirra heima fyrir.

Amerískir lifnaðarhættir og hið ameríska frelsi eru fagnaðarerindi 21. aldarinnar. Bandaríkjamenn hafa með vopnum innleitt sína útgáfu af lýðræði í löndum sem fæstir Bandaríkjamenn kunna að staðsetja á korti. Nú kemur í ljós að heima fyrir er hægt að kaupa lýðræðið fyrir einn iPod. Ætti alheimslöggan kannski að líta sér nær, núna þegar hún er komin á útsölu?

Kann að vera að frelsi Bandaríkjamanna sé farið að hljóma falskt?

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# JUST 4 KIDS

## ...við brúna hjá IKEA!

**Við þökkum frábærar móttökur og heitum því að standa okkur áfram!**



LEIKFÖNG Það getur borgað sig að skoða sig aðeins um milli verslana. Meira vöruúrval er í nýju stóru verslunum en í minni verslunum eins og til dæmis í Leikbæ.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# ~~Bara fyrir börn~~ JUST4KIDS oftast með lægsta verðið

**Just4Kids var oftast með lægsta verðið í verðkönnun Fréttablaðsins á leikföngum. Toys „R“ Us var oftast með hæsta verðið. Fátt af þeim leikföngum sem kanna átti voru til í Leikbæ, sem er í sömu eigu og Just4Kids.**

Mestu munar á verði á Barbie Island Princess-dúkku, sem kallast Rosella, af þeim leikföngum sem Fréttablaðið kannaði verðið á í fjórum verslunum sem selja leikföng. Í Hagkaupum kostaði hún 3.999 krónur, en 2.980 krónur í Just4Kids. Munurinn er því 1.019 krónur. Á öðrum vörum munaði mun minna, allt niður í níu króna verðmun á Öskubusku Barbie Disney-prinsessu. Í Toys „R“ Us og Hagkaupum kostaði Öskubuska 1.999 krónur en 1.990 krónur í Just4Kids.

Hvorug dúkkan var til í verslunum Leikbæjar, en bæði var farið í Leikbæ í Kringlunni og Leikbæ í Smáralind. Af sex leikföngum var reyndar aðeins til eitt í Leikbæ í Smáralind, Lego Bionicle Barraki, en í Leikbæ í Kringlunni var einnig til Playmobil-sjóræningjaeyja. Úrval af leikföngum í Leikbæ var mun minna en í öðrum verslunum sem farið var í og voru bæði leikföngin með hæsta verðið.

Fjögur leikföng af sex voru ódýrust í Just4Kids, sem var opnuð um síðustu helgi í Garðabæ. Lego Bionicle Barraki var ódýrari í Hagkaupum og ekki var til Littlest Pet Shop-dreki, eða annað sambærilegt Littlest Pet Shop-leikfang, en þau eru vinsæl meðal ungra stúlkna. Einungis var hægt að kaupa slík leikföng í stærri pakkningum. Þá var í einu tilfelli, Rosella Barbie Island Princess, dýrara þegar kom að kassa en auglýst var í hillu og munaði þar um 300 krónur.

Vöruúrvalið er mikið í Just4Kids, þar má meðal annars finna verulegt magn af sælgæti sem stillt er upp við afgreiðslukassana.

Í fjórum tilfellum var hæsta verðið í Toys „R“ Us í Kópavogi. Þá var Playmobil-sjóræningjaeyja ekki til í versluninni. Af þeim leikföngum sem verðið var kannað á var það aðeins Rosella Barbie Island Princess sem ekki var dýrust í Toys „R“ Us. Á strimlinum kemur þó fram að verð á dúkkunni eigi að vera 3.999 krónur en gefinn er 1.000 króna afsláttur. Nokkur misbrestur var á í versluninni að upplýsingar um verð væru auglýstar í hillum.

Fimm leikföng af sex voru til í Hagkaupum. Þar af voru tvö leikföng dýrust og tvö ódýrust. Auglýst hilluverð á Lego Bionicle Barraki var 1.499 krónur, en rukkað var um 1.149 krónur.

Farið var í allar verslanir um hádegi á þriðjudag. Tekið var niður hilluverð, þar sem það sást, og einnig fenginn útskriftarstrimill. Allt verð í greininni miðast við útskriftarstrimil.

svanborg@frettabladid.is

**LEIKFANGAVERÐKÖNNUN**

| | Leikbær | Just4Kids | Toys R us | Hagkaup | Verðmunur á hæsta/lægsta verði |
|---|---|---|---|---|---|
| Lego Duplo Bubbi byggir vörubíll | - | 2.448 kr. | 2.499 kr. | - | 51 kr. |
| Lego Bionicle Barraki | 1.199 kr. | 1.190 kr. | 1.199 kr. | 1.149 kr. | 50 kr. |
| Playmobil-sjóræningjaeyja | 3.510 kr. | 3.498 kr. | - | 3.499 kr. | 12 kr. |
| Barbie Island Princess Rosella | - | 2.980 kr. | 2.999 kr. | 3.999 kr. | 1.019 kr. |
| Barbie Disney Princess Cinderella | - | 1.990 kr. | 1.999 kr. | 1.999 kr. | 9 kr. |
| Littlest Pet Shop-dreki | - | - | 649 kr. | 629 kr. | 20 kr. |

* Einnig átti að kanna verð á Fisher Price-skólabíl, sem reyndist ekki til í neinni verslun.
Skv. könnun Fréttablaðsins 13. nóvember 2007



**Just4Kids** var oftast með **lægsta verðið** í verðkönnun Fréttablaðsins á leikföngum. **Toys 'R' Us** var oftast með **hæsta verðið**.

Verðkönnun Fréttablaðsins 15. nóvember 2007





**HÁSKÓLI ÍSLANDS** Íslenskuskor býður upp á spennandi dagskrá í dag.

# Til hamingju með þjóðskáldið

Það verður nóg um að vera í dag í tilefni af 200 ára fæðingarafmæli þjóðskáldsins Jónasar Hallgrímssonar og degi íslenskrar tungu. Hér er tekinn saman hluti þeirra viðburða sem fram fara til að halda upp á daginn.

Í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu má líta á sýninguna Ferðalok – um manninn, skáldið og náttúrufræðinginn Jónas Hallgrímsson. Sýningin er opin frá kl. 11-17.

Fagráð í íslensku við Kennaraháskóla Íslands býður til hátíðarsamkomu í Hylnum, bókasafni skólans við Stakkahlíð, í hádeginu í dag. Flutt verður tónlist, ljóð lesin og verðlaun afhent í ljóðasamkeppninni Ljóð á tungu – ljóð um tungu. Dagskráin hefst kl. 12.05.

Minningarstofa um Jónas Hallgrímsson verður opnuð um hádegisbilið á Hrauni í Öxnadal. Minningarstofan og fræðimannsíbúðin á Hrauni verða opnar fyrir almenningi á morgun og á sunnudaginn kl. 13-18.

Íslenskuskor Háskóla Íslands og Mímir, félag stúdenta í íslenskum fræðum, standa fyrir hátíðardagskrá í tilefni af degi íslenskrar tungu frá kl. 16-18.30. Hátíðin fer fram í stofu 201 í Árnagarði við Suðurgötu. Menntamálaráðherra flytur ávarp og fræðimenn og skáld ræða stöðu íslenskunnar.

Í tilefni af degi íslenskrar tungu lesa nemendur 10. bekkjar Hvolsskóla á Hvolsvelli Brennu-Njáls sögu í samstarfi við Sögusetrið á Hvolsvelli. Lesturinn hefst kl. 7.30 að morgni og lesa nemendur úr sögunni til skiptis fram á kvöld. Áætlað er að lestrinum ljúki um kl. 22. Öðru hverju verður gert hlé á upplestrinum og verður þá meðal annars boðið upp á söngatriði og ljóðaflutning.

Eins og sjá má af þessari upptalningu, sem er engan veginn tæmandi, er af nógu að taka fyrir unnendur íslenskrar tungu og ljóðlistar í dag. Nánar má kynna sér dagskrána á síðu menntamálaráðuneytisins: www.menntamalaraduneyti.is

**- vþ**

# Við eigum Jónas öll saman

**Vart hefur farið framhjá nokkrum Íslendingi að í ár er 200 ára fæðingarafmæli skáldsins ástsæla Jónasar Hallgrímssonar. Margvíslegir viðburðir hafa sett mark sitt á hátíðarhöldin, en þau ná hámarki í dag, á sjálfum afmælisdeginum, með glæsilegri dagskrá í Þjóðleikhúsinu.**



**BERGÞÓR PÁLSSON SÖNGVARI** Einn af listamönnunum sem koma fram á afmælishátíðinni í kvöld.



**SVEINN EINARSSON LEIKSTJÓRI** Stendur fyrir glæsilegri hátíðardagskrá í Þjóðleikhúsinu.

Sveinn Einarsson skipuleggur og leikstýrir hátíðarhöldum kvöldsins. „Alþingi fól menntamálaráðuneytinu að skipa nefnd til að hafa yfirumsjón með hátíðarhöldum og viðburðum á afmælisári Jónasar. Halldór Blöndal er formaður nefndarinnar en auk hans sitja í henni þau Páll Valsson, Margrét Eggertsdóttir, Jón G. Friðjónsson og Sigrún B. Jakobsdóttir. Nefndin fékk mig svo til þess að veita ráðgjöf varðandi viðburði og hafa umsjón með framkvæmd þessarar stóru hátíðar í kvöld.“

Mikið hefur verið um dýrðir það sem af er afmælisárinu og munu hátíðarhöldin halda áfram í einhverri mynd allt til áramóta þó að aðalhátíðin sé í dag. „Nefndin hefur staðið fyrir nokkrum viðburðum á árinu og styrkt eða stutt fjölda annarra með einhverjum hætti. Svo hefur grasrótin í menningarlífinu verið ákaflega öflug í að hrinda í framkvæmd ýmsum viðburðum til að heiðra minningu skáldsins. Fjölbreytileikinn hefur þannig einkennt hátíðarhöldin hingað til og við tökum því fagnandi, enda var nefndin ekki skipuð með það í huga að vera einráð yfir þessu afmælisári heldur mun fremur til að koma með tillögur að viðburðum og veita þeim stuðning sem vilja hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd.“

Dagskrá kvöldsins í Þjóðleikhúsinu verður afar glæsileg og koma þar fram margir af okkar þekktustu og virtustu listamönnum. Má þar nefna Arnar Jónsson, Arnbjörgu Hlíf Valsdóttur, Benedikt Erlingsson, Bergþór Pálsson, Gunnar Eyjólfsson og Þórunni Lárusdóttur. Dagskráin verður send beint út hjá Sjónvarpinu. „Hátíðardagskráin í kvöld er samstarfsverkefni nefndarinnar, Þjóðleikhússins og Sjónvarpsins. Útsendingin hefst kl. 19.30 og verður boðið upp á mörg glæsileg atriði. Jónas verður heiðraður með ljóðum, í tónum og með leiklist. Menntamálaráðherra flytur ávarp og afhendir verðlaun vegna Dags íslenskrar tungu. Svo má ekki gleyma að minnast á ávarp Matthíasar Johannessen skálds. Einnig er ég sérstaklega ánægður með að fram koma þrír kórar skipaðir börnum og ungmennum, enda á skáldskapur Jónasar ekki síður erindi við yngri kynslóðirnar en þær sem eldri eru,“ segir Sveinn.

Sveini þykir afmælisárið hafa verið vel heppnað í alla staði og segir að sá gríðarlegi fjöldi listamanna og annarra sem kusu að minnast Jónasar á sinn hátt hafi ekki komið sér hið minnsta á óvart. „Ég er sjálfur alinn upp við skáldskap Jónasar og hef alla tíð haft mikla ást á honum. Því hefur það glatt mig mjög að sjá hve sterkan sess hann á enn hjá þjóðinni og ekki síður hefur það glatt mig að finna hve áhugasöm yngsta kynslóðin er um hann og skáldskap hans. Við eigum öll Jónas saman og því er það svo mikilvægt að heiðra minningu hans og skáldskap.“

Útsending frá afmælishátíðinni í Þjóðleikhúsinu hefst í Sjónvarpinu í kvöld kl. 19.30. Fyrir hátíðina verður farin blysför frá aðalbyggingu Háskóla Íslands og gengið að styttu Einars Jónssonar af þjóðskáldinu í Hljómskálagarðinum. Ávörp flytja Vésteinn Ólafsson, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, og Pétur Gunnarsson, formaður Rithöfundasambandsins. Blysförin hefst stundvíslega kl. 18.

**vigdis@frettabladid.is**



# Spennandi og erótísk




Þegar Ása finnur af tilviljun lík í malarhaugi norðan heiða ber margt fyrir augu manna sem áður hefur verið hulið. Hvað rekur fólk til þess að ryðja öðrum úr vegi og hvað gerist þegar hömlurnar hverfa, ein af annarri?



KALT ER ANNARS BLÓÐ er ný skáldsaga um glæp eftir Þórunni Erlu-Valdimarsdóttur þar sem fléttast saman örlög Íslendinga á öllum tímum. Þórunni tekst hér glæsilega upp í því að endurnýja glæpasagnaformið og tengja það íslenskri sagnahefð.

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is










# Kona bankar upp á

**Leikritið Konan áður verður frumsýnt á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins í kvöld kl. 21. Höfundur verksins er þýska leikskáldið Roland Schimmelpfennig.**

Verkið fjallar um venjulega fjölskyldu sem stendur í búferlaflutningum. Áform hennar komast þó í uppnám þegar fortíð fjölskylduföðurins, Franks, bankar upp á. Gesturinn er kona sem komin er til að krefja Frank um gamalt loforð: 24 árum áður hafði hann lofað að elska hana að eilífu og hún endurgoldið loforðið.

Hafliði Arngrímsson, leikstjóri sýningarinnar, segir leikritið takast á við óvenjulegar aðstæður. „Konan sem birtist skyndilega í lífi þessarar fjölskyldu er sannkallaður draugur úr fortíðinni og setur fram fremur undarlega kröfu. Það má í raun segja að konan sé í orrustu við nútíðina og reyni því að snúa tímanum til baka með handafli. Hún þráir að endurupplifa hreina unglingsást á ný, ást sem ekki hefur verið menguð af framapoti og fjárhagsörðugleikum. Hún er í krossferð og lætur ekkert stöðva sig í að ná markmiði sínu.“ Að mati Hafliða breytir framvinda leikritsins tóni þess og áherslum. „Þetta er í grunninn gamanleikrit, en það verður erfiðara að horfa á það eftir því sem á líður og má því segja að það endi sem dramaverk.“

Frásagnarmáti leikritsins er um margt óvenjulegur og sækir innblástur til annarra miðla en leikhússins. „Þetta er nýlegt leikrit sem fjallar um samtíma okkar. Leikritið stekkur dálítið fram og aftur í tíma og minnir þannig á frásagnarmáta sem hefur mikið sést í kvikmyndum. Leikhús er náttúrlega miðill augnabliksins og því ekki auðvelt að framkvæma svona tímaflakk. Slíkar tilraunir hafa gjarnan orðið þunglamalegar, en Schimmelpfennig beitir mjög forvitnilegum aðferðum til að koma tímaflakki til skila sem ganga vel upp.“

Konan áður er fyrsta erlenda nútímaleikritið af þremur sem sýnd verða á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins í vetur. Höfundur verksins, Roland Schimmelpfennig, hefur vakið mikla athygli fyrir leikrit sín, bæði í heimalandi sínu Þýskalandi sem og víðar. „Schimmelpfennig er afar áhugavert leikskáld. Hann er um fertugt og ég tel það nokkuð öruggt að segja að hann er mest leikni höfundur af sinni kynslóð, ekki aðeins í Evrópu heldur í heiminum. Höfundareinkenni hans eru tilraunir með tímann og með endurtekningu og hefur hann gert nokkuð af því að færa miðlunar- og frásagnaraðferðir sjónvarps og kvikmynda inn í leikhúsið. Hann er sem sagt afar nútímalegur höfundur sem hefur náð langt með nálgun sinni á leikhúsið,“ segir Hafliði.

Leikarar í verkinu Konan áður eru Baldur Trausti Hreinsson, Edda Arnljótsdóttir, Edda Björg Eyjólfsdóttir, Þórunn Erna Clausen og Vignir Rafn Valþórsson. Leikmynd og búninga hannar Stígur Steinþórsson en um lýsingu sér Hörður Ágústsson.

vigdis@frettabladid.is



**FORTÍÐARDRAUGUR** Úr leikritinu Konan áður.
















**RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR** Ráðhúsið er vettvangur tónleika á morgun.

# Lífleg tónlist í Ráðhúsinu

Lúðrasveit verkalýðsins blæs til tónleika í Ráðhúsi Reykjavíkur á morgun kl. 14. Á tónleikunum verður eingöngu leikin tónlist sem tengist hinni einkar líflegu klezmer-stefnu.

Klezmer-tónlist á rætur sínar að rekja til tónlistar gyðinga í kringum fimmtándu öld. Áður fyrr vísaði klezmer til hljóðfæra og seinna til hljóðfæraleikaranna, en það var ekki fyrr en á seinni hluta 20. aldar sem orðið klezmer var notað til þess að skilgreina tónlistarstefnuna sem slíka.

Haukur Gröndal hefur verið sveitinni innan handar við að útsetja klezmer-lög fyrir tónleikana. Stjórnandi sveitarinnar er Snorri Heimisson.

Aðgangur að tónleikunum er ókeypis. - vþ



**VEÐURFAR** Verk eftir Sari Maarit Cedergren.

# Síðasta sýningarhelgi í ASÍ

**Nú um helgina lýkur sýningum þeirra Sari Maarit Cedergren og JBK Ransu í Listasafni ASÍ.**

**Sýning Sari heitir Hviða. Sari hefur undandarin ár verið að vinna verk sem endurspegla mismunandi hliðar á íslensku veðri með lágmyndum úr gifsi og steypu sem ganga út frá rými sem og samspili ljóss og skugga.**

**Sýning JBK Ransu kallast Xgeo III. Á henni má sjá málverk sem listamaðurinn hefur verið að þróa síðan árið 2000 og eru tilraun til að setja athafnarmálverk og strangflatarmálverk í eina skynheild út frá öfgum hvors myndmáls fyrir sig.**

**Listasafn ASÍ er á Freyjugötu 41 og er opið alla daga nema mánudaga frá kl. 13 til 17. Aðgangur að báðum sýningum er ókeypis og öllum opinn.** - vþ

Salurinn

**FIM. 15. NÓV. KL. 20 - FRESTAÐ**
TÓNLEIKAR MANNAKORNA

**LAUG. 17. NÓV. KL. 17**
TÍBRÁ: FÍFILBREKKA GRÓIN GRUND
JÓNAS 100 ÁRA
Miðaverð 2000/1600 kr.

**SUN. 18. NÓV. KL. 20**
LEONE TINGANELLI
ÚTGÁFUTÓNLEIKAR
Miðaverð 2000 kr.

**MIÐV. 21. NÓV. KL. 20**
TÍBRÁ: LIENE CIRCENE
PÍANÓTÓNLEIKAR
Miðaverð 2000/1600 kr.

SPK SPARISJÓÐURINN
AÐALSTYRKTARAÐILI SALARINS
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

# Dylan sýnir á sér nýja hlið

Bob Dylan er þekktur tónlistarmaður, en færri vita að hann er einnig liðtækur á sviði myndlistar. Nýverið var opnuð fyrsta einkasýning hans og það á óvæntum stað: í litlum sýningarsal í Chemnitz í Þýskalandi.

Fyrir nokkrum árum rakst stjórnandi sýningarsalarins, Ingrid Mössinger, á bók sem innihélt teikningar Dylans. Hún hreifst af myndunum og fékk út frá þeim hugmyndina að spyrja söngvarann hvort hann hefði áhuga á að sýna í salnum hennar.

Hún játar þó að hafa orðið hissa þegar henni barst jákvætt svar frá Dylan. „Ég trúi því varla enn að hann hafi samþykkt að sýna hjá mér. En ég held að hann hafi í raun bara verið að bíða eftir því að einhver bæði hann um að sýna myndlist sína og fram að þessu hafði engum hugkvæmst það,“ segir Ingrid.

Dylan byrjaði að teikna og mála á sjöunda áratugnum þegar hann var að ná sér eftir mótorhjólaslys. Hann hefur lagt stund á myndlist jafnt og þétt síðan og meðal annars myndskreytt sín eigin plötuumslög.

Ingrid átti von á því að Dylan myndi senda henni eldri verk, en hann fór fram á að fá að skapa ný verk sérstaklega fyrir sýninguna. Á átta mánaða tímabili málaði hann 320 myndir, en eðlilega verður aðeins hluti þeirra til sýnis enda sýningarrýmið takmarkað.

Sýningin hefur hlotið ágæta dóma og góða aðsókn. Ingrid hefur orðið vör við að gesti drífi að frá fjarlægum heimshornum til þess eins að berja sýninguna augum. Þó lætur einn gestur sig vanta: listamaðurinn sjálfur. „Ég sendi honum boðskort en hef ekkert svar fengið. Það má vel vera að hann komi hér einn daginn í dulargervi og það fari alveg framhjá mér. Það væri frekar fyndið og í takt við þetta ævintýri,“ segir Ingrid. - vþ



**BOB DYLAN** Hann hóf að eiga við myndlist á sjöunda áratugnum.




KYLIE


BIRGITTA

## > Í SPILARANUM

**Kylie Minogue** - X
**Duran Duran** - Red Carpet Massacre
**Amy Winehouse** - Frank
**Hjálmar** - Ferðasót
**Birgitta Haukdal** - Ein

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Gavin í uppáhaldi

Íslensku rokksveitirnar Gavin Portland og We Made God fá fjögur K af fimm mögulegum hjá breska tónlistartímaritinu Kerrang! fyrir frammistöðu sína á Kerrang!-kvöldi Airwaves-hátíðarinnar í október.

„Fjórmenningarnir frá Reykjavík taka allt það besta frá Shellac, Drive Like Jehu og Fugazi og flytja það á kröftugan og ákafan hátt. Þeir eru líklega ein besta nýja hljómsveitin sem þú getur séð á þessu ári. Bókaðu flug núna,“ segir í umsögn blaðamanns Kerrang! um Gavin Portland.

Hann segir að hin hafnfirska We Made God blandi saman áhrifum frá Sigur Rós og Deftones á áhrifaríkan hátt. „Hinn myndarlegi söngvari Maggi, sem lítur út eins og blanda af Simon Neil úr hljómsveitinni Biffy Clyro og Dave Grohl úr Foo Fighters, keyrir rödd sína upp í hæðir norðurljósanna.“


**GAVIN PORTLAND** Rokksveitin Gavin Portland fékk mjög góða dóma í Kerrang! fyrir frammistöðu sína á Airwaves.

Hljómsveitirnar Momentum, Brain Police, Changer og Sign fá hver um sig þrjú K fyrir sína frammistöðu. Bandaríska hljómsveitin The Bronx fær aftur á móti bestu dómana, eða fullt hús stiga.




## > Plata vikunnar

Beirut - The Flying Club Cup

★★★★

„Zach Condon heldur áfram að færa unaðslega nostalgíutóna frá Evrópuferðalagi sínu. Nú enn betri en áður.“ **SHA**



## TÓNNINN GEFINN

**Trausti Júlíusson**

# *Amazon.com og þursinn i-Tunes*

Fyrir tæpum tveimur mánuðum hóf Amazon.com að selja MP3-skrár til niðurhals. Fyrir eru margir aðilar að selja MP3 þannig að einn í viðbót hljómar kannski ekki eins og einhver stórfrétt, en innkoma Amazon inn á MP3-markaðinn gæti samt haft mjög mikil áhrif.

Fram að þessu hefur i-Tunes verið langstærsti aðilinn í sölu tónlistar á MP3-skrám. Vandamálið við i-Tunes hefur samt alltaf verið að skrárnar eru læstar, þ.e.a.s. það er aðeins hægt að spila þær í einni tölvu og á einum i-Pod. Þetta hefur mörgum tónlistarunnendum þótt ansi gróft og menn hafa beðið vongóðir eftir því að fallið verði frá þessum höftum. Það mundi enginn láta bjóða sér að kaupa disk sem aðeins væri hægt að spila í einum geislaspilara.

Smám saman hefur þeim söluaðilum á Netinu sem selja ólæstar MP3 skrár fjölgað, en þeir eru flestir peð við hlið risans, i-Tunes. Tónlist.is seldi upphaflega læstar skrár, en selur nú lögin ólæst.

Það sama á við um tónlistarsíðuna Grapewire.com sem m.a. Einar Örn og Mugison standa að, en plötur Mugisons og útgáfutónleikarnir hans á Ísafirði í síðustu viku eru seldir í gegnum þá síðu og líka þær plötur sem Smekkleysa gefur út og dreifir.

Fram til þessa hefur i-Tunes þráast við en þegar Amazon.com opnaði sinn MP3-vef 25. september sl. með 2 milljón ólæst lög var það nógu öflugur aðili til þess að ýta við þursinum.

Þegar brambolt tónlistariðnaðarins síðustu ár er skoðað má kannski segja að sú krafa stóru útgáfufyrirtækjanna að læsa öllum MP3-skrám hafi verið einn stærsti feillinn og komið þeim sem kjósa að hafa tónlistina sína í formi stafræns niðurhals endanlega yfir á hin vafasömu skráarskiptiforrit.

Enn eru það bara Bandaríkjamenn sem geta keypt MP3-skrár í gegnum Amazon.com. Eins og áður segir er úrvalið þar ansi gott. Til dæmis eru þar 723 lög með David Bowie, 666 lög með Miles Davis, 382 lög með Dylan, tæplega 100 lög með Björk og 77 lög með Mugison...


**BOWIE Á NETINU** 723 ólæst Bowie-lög eru á Amazon.com.




Grýla og jólasveinar ganga um gólf á safninu á Stokkseyri

Grýludagar hefjast í Álfa-, trölla og norðurljósasafninu laugardaginn 17. nóvember og standa fram á þrettándann 6. janúar.

Jólasveinarnir koma einn af öðrum í hellinn til Grýlumömmu. Sá fyrsti, Stekkjastaur, mætir kátur 12. desember og sá síðasti hverfur á þrettándanum. • Jólamarkaður, kaffi og vöfflur,

Opnunartími : 13.00 – 20.30 um helgar og 18.00 – 20.30 virka daga, en hópar geta einnig pantað safnaheimsókn á öðrum tímum. Skólahópar, starfsmannahópar, ferðamenn, fjölskyldur, vinahópar o.fl.



Álfa, trölla og Norðurljósasafnið (Icelandic Wonders)

Hafnargötu 9, 825 Stokkseyri • www.icelandicwonders.com
Pantanir og uppl. í info@icelandicwonders.com
eða s. 483 1600/895 0020
G. Tyrfingsson ehf. á Selfossi gerir hópum tilboð í rútuferðir s. 482 1210


# Plötutafir koma sér illa

**Nýjar plötur með Páli Óskari, Siggu Beinteins, Ragga Bjarna og Einari Ágústi, sem gefa öll út plöturnar sínar sjálf, hafa tafist í framleiðslu í Danmörku og Austurríki. Kemur þetta sér vitaskuld illa fyrir þau þegar jólagjafakaup landsmanna eru í þann mund að hefjast.**


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**PÁLL ÓSKAR HJÁLMTÝSSON** Páll Óskar þurfti að vinna fyrstu 1.700 eintökin af plötunni sinni á Íslandi.

„Prentsmiðjan í Austurríki brást. Þeir ætluðu að skila af sér fyrsta upplagi 5. nóvember en höfðu síðan samband við mig á föstudaginn fyrir viku og sögðu að þetta myndi tefjast um tíu daga og kæmi ekki fyrr en 15. nóvember. Við urðum í neyð að vinna fyrstu 1.700 eintökin á Íslandi,“ segir Páll Óskar um plötu sína Allt fyrir ástina.

## Bretti upp ermarnar

Páll hafði samband við Myndbandavinnsluna, sem prentaði fyrir hann plötuna og síðan sá Prentmet um að búa til plötuumslögin. „Við náðum fyrstu þúsund eintökunum rétt fyrir morguninn síðasta föstudag og þau kláruðust strax,“ segir Páll, sem setti afganginn í búðir í gærmorgun. „Maður getur reiknað með smá töfum en ekki svona miklum. Þetta setur auðvitað strik í reikninginn svona stuttu fyrir jólin en sem betur fer bjargaðist þetta með því að bretta upp ermarnar. Ég hef mjög góða reynslu bæði af Danmörku og Austurríki og þetta er í fyrsta sinn í fimmtán ár sem ég upplifi eitthvað svona.“

## Í bölvuðum vandræðum

Sigga Beinteins, Raggi Bjarna og Einar Ágúst hafa sömu sögu að segja með sínar plötur. „Þetta kemur sér auðvitað mjög illa en ég vonast til að hún komist um helgina á markað,“ segir Sigga um plötu sína Til eru fræ.

Raggi Bjarna er á sama máli varðandi plötu sína Gleðileg jól með Ragga Bjarna þar sem hann syngur glæný íslensk jólalög, flest eftir Gunnar Þórðarson. „Ég er í bölvuðum vandræðum. Hún átti að vera komin fyrir tíu dögum. Þetta er vont fyrir mig en ég held að þetta hljóti að fara að gerast á næstu dögum,“ segir Raggi, sem framleiðir plötuna í Danmörku.

## Fékk ráð frá Páli Óskari

Plata Einars Ágústs, Það er ekkert víst að það klikki, er reyndar nýkomin út og það á réttum tíma. Þar með er ekki öll sagan sögð því flest eintökin eru enn í framleiðslu í Austurríki.

„Ég brá á það ráð að framleiða fyrstu eintökin heima. Maður brá undir sig betri fætinum og spurði Pál Óskar út í þetta því ég heyrði að platan hans hefði tafist. Það var seinagangur í mér sem gerði það að verkum að hún tafðist en hún á að koma í næstu viku. Þeir eru að hanna fjórar milljónir eintaka af Britney Spears þarna úti í Austurríki og síðan eru Íslendingar bara með nokkur eintök þarna,“ segir hann í léttum dúr.


**EINAR ÁGÚST** Einar Ágúst Víðisson fékk góð ráð frá Páli Óskari.

## Tekur tíu daga

Jónatan Garðarsson, formaður Félags hljómplötuframleiðenda, segir að venjulega taki það tíu daga að framleiða plötur erlendis. Þegar nær dragi jólum verði dagarnir þó stundum fimmtán og jafnvel fleiri. „Það kemur alltaf fyrir öðru hvoru þegar það er gríðarlegt álag að plötum seinki en ég man ekki eftir því undanfarin ár að þetta hafi verið átakanlegt nema menn hafi verið allt of seinir sjálfir,“ segir Jónatan.

## Austurríki vinsælast

Að sögn Jónatans hafa langflestir skipt við Austurríki undanfarin ár þar sem Sony er með stóra verksmiðju. Einnig hefur Danmörk verið stór í þessum bransa síðustu ár. Einhverjir hafa jafnframt brugðið á það ráð að framleiða plötur í Póllandi og Tékklandi vegna þess hversu ódýrt það er.

Jónatan segir hægt að framleiða nokkrar plötur hérna heima en afganginn þurfi að búa til úti því engin verksmiðja sé fyrir hendi á Íslandi. **freyr@frettabladid.is**

# Áhugaverðir ungir rokkarar

Rokksveitin Benny Crespo´s Gang hefur gefið út sína fyrstu plötu, sem er samnefnd sveitinni. Sveitin þykir með þeim áhugaverðari í íslensku rokki og hefur plötunnar því verið beðið með nokkurri eftirvæntingu.

„Hún er búin að vera í maganum á okkur lengi. Við byrjuðum að taka upp plötu fyrir þremur árum en vorum búin að henda henni þremur til fjórum sinnum þangað til við kláruðum þessa,“ segir söngvarinn Helgi Rúnar Gunnarsson. „Við vorum tiltölulega ung hljómsveit þegar við byrjuðum. Við gerðum þetta allt sjálf og maður lærði heilmikið á þeim tíma. Síðan varð maður miklu klárari að gera hlutina.“

Benny Crespo´s Gang var upphaflega boðinn samningur hjá plötufyrirtækinu Cod Music sem er undirfyrirtæki Senu en sveitin hafnaði honum og gerði í staðinn samning um þessa einu plötu. Rokkið er í fyrirrúmi á plötunni þó svo að inni á milli leynist popplög. Eitt þeirra syngur Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir, betur þekkt sem Lay Low, sem var í hljómsveitinni áður en hún hóf sólóferil sinn. „Það er alveg popp í þessu líka. Við hlustum á alls konar tónlist og höfum ekki fordóma gagnvart neinni tónlistarstefnu,“ segir Helgi. Hann bætir því við að hljómsveitin hafi lítið spilað á tónleikum undanfarið ár, eftir að hafa spilað mjög stíft þar á undan. „Við höfum verið að einbeita okkur að því að klára plötuna og síðan þurfti Lovísa að kynna Lay Low-verkefnið. Það var gott fyrir okkur en hefur líka tafið okkar dæmi.“


**BENNY CRESPO´S GANG** Hljómsveitin Benny Crespo´s Gang hefur gefið út sína fyrstu plötu.

Hvað varðar frama erlendis viðurkennir Helgi að stefnan sé sett á það. „Það er samt ekki neitt sem er í einhverri bígerð en kannski verður eitthvað eftir árarnót.“ - fb

Volvo XC70 er samruni ólíkra hugmynda. Nýr og endurhannaður Volvo XC70 er fagurt dæmi um 1 + 1 = 3. Tvær gáfur renna saman í eina sérgáfu. Nýtt verður til. Vertu hvort tveggja. Volvo XC70.

Veldu nýjan bíl sem örugglega brúar bilið á milli lúxus jeppa og lúxus fólksbíls. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo - Volvo XC70.

Komdu í Brimborg. Skoðaðu nýjan, endurhannaðan Volvo XC70 AWD.

Volvo. For life.




Öruggur staður til að vera á

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.volvo.is**

**Volvo XC70 3.2i** 238 hö 320 Nm 6 þrepa sjálfskipting. Verð 5.690.000 kr.* Bensíneyðsla í blönduðum akstri 11.4 l/100 km CO2 losun 272 g/km. **Volvo XC70 D5** 185 hö 400 Nm 6 þrepa sjálfskipting. Verð 5.890.000 kr.* Dísileyðsla í blönduðum akstri 8.3 l/100 km CO2 losun 219 g/km.
*Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara, að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd eru 18” álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

## > MARCO ANTHONY?

Veðbankar eru farnir að spá fyrir um nafn á barn hjónanna söngjandi, J-Lo og Marc Anthony. Flestir veðja á Marco, en Maria, Antonio og Rosario koma líka sterk inn. Á listanum er einnig að finna nafnið Ben. Líkurnar á því að Anthony fallist á að skíra eftir fyrrverandi kærasta konu sinnar hljóta hins vegar að teljast hverfandi.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# *Britney í lýtaaðgerðir*

Fréttir herma að söngkonan Britney Spears hafi nýverið farið í fitusog á rassi og mjöðmum. Stjarnan var að leita sér að húsnæði í spilavítaborginni Las Vegas um helgina en sagt er að hún hafi nýtt tækifærið og farið í aðgerð í leiðinni.

Þetta mun ekki vera í fyrsta skipti sem hún lætur lappa upp á sig því í síðasta mánuði lét hún setja sílíkon í varirnar. Auk þess herma kunnugir að Britney hafi einnig farið í fitusog í Las Vegas í apríl síðastliðnum en því hefur stelpan neitað staðfastlega.

Enn einn heimildarmaður hefur látið hafa eftir sér að það sé ekki nema von að Britney ætli að eyða jafngildi tæplega 10 milljóna íslenskra króna í lýtaaðgerðir á næstunni. „Britney rífur blaðsíður úr tímaritum þar sem sjá má myndir af þeim fullkomnu líkamspörtum sem hún vill. Þegar hún sér svona margar myndir af sjálfri sér í tímaritum er gjörsamlega ómögulegt fyrir hana að gagnrýna ekki hvert einasta smáatriði á líkama sínum."



**FÓR Í FITUSOG** Britney Spears er sögð ætla að eyða um tíu milljónum króna í lýtaaðgerðir á næstunni.

## Spielberg heiðraður

**Leikstjórinn Steven Spielberg fær heiðursverðlaun Cecil B. DeMille þegar Golden Globe-verðlaunin verða afhent 13. janúar. Vanalega fá leikarar og leikkonur verðlaunin fyrir framlag sitt til skemmtanaiðnaðarins og er Spielberg fyrsti leikstjórinn á þessari öld sem fær verðlaunin. Þeir sem hafa fengið verðlaunin á þessum áratug eru: Warren Beatty, Anthony Hopkins, Robin Williams, Michael Douglas, Gene Hackman, Harrison Ford, Al Pacino og Barbra Streisand.**

**Tilkynnt verður um tilnefningarnar til Golden Globe-verðlaunanna 13. desember.**



**STEVEN SPIELBERG**

# Púað á Amy Winehouse

**Amy Winehouse ýtti nýrri tónleikaferð sinni um Bretland úr vör með því að standa sig svo illa á sviðinu að hundrað áhorfendur yfirgáfu svæðið.**

Tónleikaferð Amy Winehouse hófst í Birmingham á miðvikudagskvöldið. Margir höfðu velt því fyrir sér hvort söngkonan myndi aflýsa tónleikunum eftir allt sem hefur gengið á í lífi hennar síðustu daga. Eiginmaður hennar, Blake Fielder-Civil, situr í fangelsi þessa dagana og á þriðjudag kölluðu foreldrar Amy á sjúkrabíl vegna áhyggna af heilsu dótturinnar.

Hún lét sig þó hafa það að stíga upp á svið á miðvikudagskvöldið, en tónleikagestir voru sumir á því máli að hún hefði betur haldið sig heima. Einn þeirra segir við Perez Hilton að Winehouse hafi verið afar, afar drukkin. „Í eitt skiptið kallaði hún okkur [tónleikagesti] apapíkur og hún gleymdi textanum við flest lögin. Ég er mjög hrifinn af Amy, en þetta var skelfilegt. Ég vildi geta sagt að röddin hefði bjargað henni, en hún var líka hryllileg," segir heimildamaðurinn. James Dyas, annar tónleikagestur sem lét sig hverfa, sagði í samtali við The Sun að Winehouse hefði verið hálftíma of sein á svið. „Hún datt á gítarinn og missti hljóðnemann, þetta var skelfilegt. Lagið sem hún tileinkaði eiginmanni sínum var svo slæmt að það hljómaði eins og einhver væri að sveifla ketti yfir höfði sér," sagði hann.

The Sun og BBC greina líka frá því að Winehouse hafi litið út fyrir að vera drukkin á tónleikunum. Hún grét, talaði óskýrt og tileinkaði eiginmanni sínum mörg laganna. Þá breytti hún texta í sumum lögum og bætti nafninu „Blakey" inn í þá. Áheyrendur tóku ekki vel í það og púuðu á söngkonuna. Þá fauk í Winehouse, sem svaraði fyrir sig. „Í fyrsta lagi, ef þið eruð að púa eruð þið hálfvitar að hafa keypt miða. Í öðru lagi, bíðið þið bara þangað til maðurinn minn losnar," sagði hún.

Ellefu tónleikar eru enn eftir af tónleikaferð Winehouse, sem lýkur í London 17. desember næstkomandi.

**DRUKKIN Á SVIÐI** Flestir virðast sammála um að Amy Winehouse hafi verið afar drukkin á tónleikunum í Birmingham og varla í standi til að syngja.
NORDICPHOTOS/GETTY







ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is · ASKJA er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi.



Ellen
Aðeins á Tónlist.is!
Hlustaðu á öll bestu lög Ellenar
í glænýjum útsetningum!
Einhversstaðar einhverntímann aftur · Litla systir
Gamall maður · Lifði og dó í Reykjavík · When I Think Of Angels
Línudans · Þú ert mér allt · Passíusálmur nr. 51 og fleiri!
Einhversstaðar einhverntímann... aftur
kemur út 21. nóvember
Tónlist.is
Á hvað ert þú hlusta?

# Metsölulisti Eymundsson

**1. Harðskafi**
Arnaldur Indriðason



Nýjasta bók Arnaldar Indriðasonar um lögreglumanninn Erlend rauk beint í 1. sæti metsölulistans.

**2. Hnífur Abrahams**
Óttar M. Norðfjörð



Fræðandi spennusaga sem leiðir lesandann á slóðir Nostradamusar, Dauðahafshandritanna og aldalangra átaka íslam og kristni.

**3. Gælur, fælur og þvælur**
Þórarinn Eldjárn
Sigrún Eldjárn



Sextán stórskemmtileg barnakvæði eftir Þórarinn Eldjárn á bók og geisladiski.

**4. Hvernig gerirðu konuna þína hamingjusama?**
Þorgrímur Þráinsson



Vönduð og vekjandi bók sem endurspeglar skarpa sýn höfundarins á hjónalífið, kynlífið og lífið sjálft.

**5. Himnaríki og helvíti**
Jón Kalman Stefánsson



Það er stutt á milli lífs og dauða. Stundum bara einn stakkur. Jón Kalman er kominn í röð okkar mestu og mikilvægustu höfunda.

**6. Matreiðslubók barnanna**
Katharine Ibbs



Ætluð börnum og fjölskyldum þeirra til að eiga góða stund saman í eldhúsinu. Áhersla er lögð á einfaldan og hollan mat en líka það sem börnum finnst girnilegt og gott.

**7. Negrastrákarnir**
Gunnar Egilsson / Muggur



Negrastrákarnir, þessir yndislegu hrakfallabálkar, eru komnir enn og aftur til að skemmta íslenskum börnum. Hinn góðkunni listamaður, Muggur, myndskreytti.

**8. Leyndarmálið**
Rhonda Byrne



Leyndarmálið virkar. Bókin sat í 13 vikur samfellt í fyrsta sæti metsölulistans þegar hún kom út.

**9. Sögur úr Síðunni**
Böðvar Guðmundsson



Sögur úr Síðunni eru tengdar sögur um gott fólk og eftirminnilega atburði sem lifna á ný í frásögn sem leiftrar af kímni.

**10. Biblían**



Ný biblíuþýðing sem miðast við breiðan lesendahóp og notkun í helgihaldi kirkju og safnaða. Þetta er Biblía 21. aldarinnar. Fáanleg í 5 mismunandi kápugerðum.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA




eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872




# Ragnar fær Eddurnar aftur

„Ég held að ég sé nú búinn að finna þær,“ segir Ragnar Bragason, sem týndi Eddu-verðlaunagripunum sínum á Hilton-hótelinu eftir að hafa farið þar hamförum og hlotið alls fimm sjálfur og verk hans átta í það heila. En Ragnar nennti ekki að burðast með stytturnar út um allt, skildi þær eftir á borði sínu þegar gleðinni var haldið áfram annars staðar og vaknaði síðan upp við þann vonda draum að stytturnar höfðu ekki fengið að fljóta með heim úr veislunni. „Þær eru þungar, þessar styttur, og ég lét þær standa eftir á borðinu þegar ég fór í eitthvert eftirpartí. Vonandi hefur bara enginn stolið þeim enda er helvíti leiðinlegt að vera með verðlaunagrip heima í stofu sem maður á ekkert í,“ segir Ragnar. Og það kom líka á daginn að enginn fingralangur hafði komist yfir verðlaunin heldur biðu styttuarnar hans í óskilamunadeild Hilton-hótelsins og hugðist Ragnar vitja þeirra fyrr en síðar. Hann vissi þó ekki hvernig hann ætlaði að koma öllum þessum styttum fyrir; hafði ekki komið sér upp neinni verðlaunahillu og leyfði sér meira að segja að efast um að hún yrði nokkurn tímann að raunveruleika. „Það er hins vegar skemmtilegra að hafa þær innan seilingar,“ segir Ragnar en bætti því við að hann ætti nú heldur ekki allar stytturnar einn og dvalarstað þeirra yrði deilt jafnt á milli samstarfsfólksins. - fgg



**MEÐ FJÓRAR** Ragnar gleymdi styttunum á Hilton-hótelinu og voru þær kirfilega geymdar í óskilamunadeild Hilton-hótelsins.

# Kynslóðaskipti á kynþokkalista People

**Tímaritið People hefur útnefnt kynþokkafyllstu menn heims. Matt Damon trónir á toppnum í fyrsta sinn.**

Leikarinn Matt Damon er kynþokkafyllsti maður heims samkvæmt tímaritinu People. Meðleikarar hans úr Ocean's-myndunum, þeir George Clooney og Brad Pitt, hafa verið tíðir gestir á slíkum listum síðustu ár og hafa unnið að því að koma Damon í sæti. Hvort listinn í ár er til vitnis um að sá áróður hafi borið árangur skal ósagt látið, en svo mikið er víst að George Clooney er hvergi að finna og Brad Pitt krækir eingöngu í fjórða sætið.

Á lista ársins er að finna þekkt andlit á borð við ofannefndan Pitt, Patrick Dempsey úr Grey's Anatomy, Johnny Depp, Will Smith, Ben Affleck og Justin Timberlake, sem vermir botnsætið, en þar er einnig mikið um nýgræðinga. Í fimmta sæti er til dæmis leikarinn James McAvoy úr kvikmyndinni Atonement. Handan við hann sitja til dæmis Dave Annable úr þáttunum Brothers & Sisters, Javier Bardem, kærasti Penelope Cruz, og Adrien Grenier úr Entourage, sem virðast hafa náð svo mikilli hylli að þeir skáka jafnvel sjálfum Clooney.



JAVIER BARDEM



MATT DAMON OG BEN AFFLECK



PATRICK DEMPSEY
JAMES MCAVOY



DAVE ANNABLE



ADRIEN GRENIER

**NÝGRÆÐINGAR SKJÓTA GÖMLUM REFUM FYRIR RASS**

Matt Damon skaut félaga sínum, Ben Affleck, ref fyrir rass á nýjum lista People yfir kynþokkafyllstu menn heims, en Ben prýðir þar 11. sætið. Mikið er um nýgræðinga á listanum. Auk þeirra sem birtast hér má þar finna fyrirsætuna og leikarann Shemar Moore, sem leikur í þáttum að nafni Criminal Minds ytra, og Will Yun Lee úr Bionic Woman. Nýju andlitin í Hollywood hafa þar með skákað sér reyndari mönnum, eins og George Clooney.

# Skemmtileg keppni í vændum

Hönnunarkeppnin Stíll, sem Samtök félagsmiðstöðva á Íslandi, eða Samfés, standa fyrir, verður haldin í íþróttahúsinu Smáranum í Kópavogi á morgun. Keppnin er nú haldin í sjöunda skipti, en þar keppa lið frá félagsmiðstöðvum landsins í fatahönnun, hárgreiðslu og förðun. Liðin eru skipuð nemendum úr 8. til 10. bekk í grunnskóla. Stíll hefur mismunandi þema á ári hverju, og í ár munu keppendur sækja innblástur sinn í íslenskar þjóðsögur.

Margrét Ægisdóttir, forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Mekka í Kópavogi, segir áhugann á Stíl fara vaxandi ár frá ári. „Í fyrra voru 42 lið sem kepptu, en núna eru þau 56,“ segir hún. Félagsmiðstöðvar mega senda eitt lið hver og um helmingur þeirra tekur þátt í keppninni í ár. „Þetta eru yfir 250 krakkar sem keppa,“ segir Margrét, sem segir félagsmiðstöðvar á landsbyggðinni mjög duglegar að senda lið í bæinn.

Húsið verður opnað fyrir almenningi klukkan 15.30 á morgun og aðgangur er ókeypis. Boðið verður upp á skemmtiatriði frá félagsmiðstöðinni í Kópavogi og tískusýningar frá ýmsum verslunum auk tónlistaratriða frá Ljótu hálfvitunum og Perlunni. „Mér sýnist keppnin líka ætla að verða mjög skemmtileg. Við höfum verið að skoða efnislýsingar núna og það eru mjög margar spennandi flíkur í keppninni,“ segir Margrét.

Keppnin hefst klukkan 16, þegar liðin undirbúa fyrirsætu sína með hárgreiðslu og förðun. Liðin sýna svo afrakstur vinnu sinnar klukkan 18.30 á sameiginlegri sýningu og í kjölfar hennar verða úrslitin gerð kunnug. - sun



**SKEMMTILEG KEPPNI** Á Stíl keppa lið frá félagsmiðstöðvum landsins í hönnun, förðun og hárgreiðslu. Myndin er frá keppninni í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Allt sem skotveiðimenn þurfa að vita




Bókinni er ætlað að uppfylla tvö meginmarkmið; annars vegar að efla þekkingu hins almenna skotveiðimanns á veiðum og bráð og hins vegar að safna saman í eina bók öllu því sem veiðimönnum ber að kunna til að standast hæfnipróf. Hér er því kominn saman geysimikill fróðleikur um veiðiaðferðir, villibráð, lög, reglur og siðfræði og er óhætt að segja að bókin sé ómissandi fyrir alla íslenska veiðimenn.

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is




**Gullnu reglur Græna ljóssins**

1 **Ekkert hlé** Myndin sýnd í einum rykk

2 **Minna af auglýsingum** Sýning myndarinnar byrjar fyrr

3 **Engin truflun** Miðasölu lýkur þegar sýning myndar hefst

FRÉTTABLAÐIÐ Lesendur Fréttablaðsins fá 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar.
Framvísaðu þessari úrklippu í miðasölunni til að fá tilboðið. Tilboðið gildir föstudag, laugardag og sunnudag á allar sýningar.

græna ljósið
- Ekkert hlé á góðum myndum

www.graenaljosid.is - Skráðu þig í Bióklúbbinn og þú færð sendan boðsmiðakóða á Miða.is alla frumsýningardaga

**> Ágæt byrjun hjá Birgi Leifi**

Kylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson hóf í gær leik á lokaúrtökumóti fyrir Evrópumótaröðina. Birgir er meðal 156 kylfinga sem keppa um 30 laus sæti í mótaröðinni en keppni stendur yfir í sex daga. Birgir Leifur byrjaði ágætlega; hann lék fyrsta hringinn á 71 höggi eða einu höggi undir pari. Birgir er jafn mörgum öðrum í 30. sæti en sá sem lék best kom í hús á 6 höggum undir pari. Birgir Leifur endaði í 25. sæti á þessu móti í fyrra og vann sér þar með þátttökurétt á Evrópumótaröðinni.



**sport**
sport@frettabladid.is

**EYJÓLFUR HÉÐINSSON, GAIS:** SPILAÐI VEL Í SÆNSKU DEILDINNI OG ER NÚ KOMINN Í LANDSLIÐSHÓPINN

# *Sænska deildin er talsvert sterkari en sú íslenska*

Eyjólfur Héðinsson var í gær kallaður inn í íslenska landsliðshópinn fyrir leikinn gegn Dönum, en Eyjólfur vakti verðskuldaða athygli fyrir góða spilamennsku á sínu fyrsta tímabili í sænsku úrvalsdeildinni með liði GAIS og var meðal annars valinn nýliði ársins á lokahófi félagsins fyrir skemmstu.

„Það var ánægjuleg viðurkenning að vera valinn nýliði ársins og ég get í heildina alveg verið þokkalega sáttur með tímabilið hjá mér,“ sagði Eyjólfur en fram undan eru breytingar hjá GAIS sem er nú búið að skipta um þjálfara.

„Ég verð að játa það að ég er talsvert svekktur yfir því að gamli þjálfarinn sé hættur með liðið, því við náðum vel saman og hann var ein af ástæðunum fyrir því að ég ákvað að koma til GAIS. En það þýðir víst ekkert annað en að bíta á jaxlinn og sanna sig fyrir nýjum þjálfara, sem er aðeins 31 árs og er yngsti þjálfari deildarinnar og það verður spennandi að sjá hvaða áherslur hann kemur með inn í liðið. Vonandi næ ég að festa mig í sessi hjá honum og spila reglulega,“ sagði Eyjólfur, sem spilaði 20 af 26 leikjum GAIS í deildinni á nýafstöðnu tímabili þar sem liðið endaði í 11. sæti. „Okkur var nú heldur ekki spáð neitt sérstöku gengi fyrir tímabilið, ýmist falli eða næstneðsta sæti, þannig að við vissum alveg að þetta yrði erfitt.



Markmiðið fyrir tímabilið var að gera betur en árið áður, þegar liðið endaði í 10. sæti, en það tókst því miður ekki,“ sagði Eyjólfur og kvað talsverðan mun á því að spila í Svíþjóð og á Íslandi.

„Sænska deildin er talsvert sterkari en sú íslenska, það er engin spurning. Í sænsku deildinni getur þú sent á mann og verið viss um að hann geti tekið við boltanum og þegar þú ert að fá sendingu geturðu verið viss um að sendingin sé góð, annað en á Íslandi þar sem sumir leikmenn geta ekki einu sinni notað vinstri fótinn til að sparka boltanum. Það eru því fleiri betri leikmenn og fleiri betri lið,“ sagði Eyjólfur, sem skrifaði undir fjögurra ára samning við GAIS snemma á árinu. „Maður er allavega öruggur hjá GAIS í þrjú ár til viðbótar en við sjáum til hvað gerist á þessum tíma, en það er alveg klárt að ég stefni á að ná lengra í boltanum.“

Petr Cech opnar sig í tékkneskum miðlum:

## Cech spenntur fyrir Barca

**FÓTBOLTI** Stuðningsmenn Chelsea geisluðu ekki beint af gleði í gær þegar fram kom að hinn tékkneski markvörður félagsins, Petr Cech, lýsti yfir áhuga á því að ganga í raðir spænska stórliðsins Barcelona.

„Get ég hugsað mér að vera áfram á Englandi? Því get ég ekki svarað. Ég hef aftur á móti verið mjög hamingjusamur hjá Chelsea og er mjög hrifinn af því að spila í ensku úrvalsdeildinni. Ég er orðinn vanur lífinu í London og okkur hjónunum líkar vel að búa þar,“ sagði Cech í samtali við tékkneskan vefmiðil. Hann segir að það yrði aftur á móti erfitt að horfa framhjá því ef lið á borð við Barcelona sýndi sér áhuga.

„Ef Barcelona sýndi mér áhuga væri það svo sannarlega þess virði að skoða,“ sagði Cech og spurning hvort Barca bregðist við þessum ummælum. - hbg



**PETR CECH** Lýsir yfir áhuga á að spila með Barcelona. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES


# Til leigu

**Gott iðnaðarhúsnæði í Garðabæ**

**Stærð ca 800 ferm**
**gott útisvæði fyrir gáma**
**mikil lofthæð og hillurekkar**
**fyrir um 250 eurobretti á staðnum**
**hægt að fjölga um 200 til viðbótar........**

**uppl: brasi@hive.is 6613131**
**johannes@sts.is 8972000**


# Kemur ekki aftur til Fram

**Svíinn Alexander Steen mun ekki spila með Fram næsta sumar. Hann hefur tekið ákvörðun um að vera áfram í Svíþjóð og starfa sem fasteignasali. Fram hefur þar með misst tvo af sterkustu leikmönnum sínum síðasta sumar.**

**FÓTBOLTI** Það er lítil stemning í herbúðum Framara þessa dagana. Liðinu hefur lítið gengið á leikmannamarkaðnum, er búið að missa sinn markahæsta mann frá síðasta tímabili, Jónas Grana Garðarsson, og nú er ljóst að Svíinn skemmtilegi Alexander Steen, sem var í lykilhlutverki hjá liðinu síðasta sumar, snýr ekki aftur.

Framarar hafa gengið mjög hart að honum að koma aftur en eftir langa yfirlegu hefur hann ákveðið að vera áfram í Svíþjóð.

„Ég var einn á Íslandi síðasta sumar þar sem unnustan mín gat því miður ekki komið með mér. Það var mjög erfitt fyrir mig. Sama staða yrði uppi á teningnum næsta sumar og við höfum því ákveðið að ég verði áfram hér í Svíþjóð. Ég tjáði Frömurum ákvörðun mína í síðustu viku og þeir voru eðlilega ekki sáttir við hana, sem ég skil fullvel,“ sagði hinn 23 ára gamli Steen í samtali við Fréttablaðið í gær en hann sér ekki eftir því að hafa komið til Íslands.

„Ég naut mín vel á Íslandi síðasta sumar, var sáttur við mína frammistöðu og fannst ég eiga gott sumar. Ég var mjög hrifinn af félaginu en við vorum klaufar í ákveðnum leikjum, sem gerði okkur erfitt fyrir. Það var mjög jákvæð og skemmtileg reynsla að spila á Íslandi sem ég sé ekki eftir.“

Aðstæður hjá Steen og unnustu hans eru talsvert breyttar en hún er búin með sitt nám og er komin á fullt í vinnu sem hún fær sig ekki lausa frá yfir sumartímann. Sjálfur var Steen að fá réttindi sem fasteignasali og hann mun byrja að selja fasteignir í Svíþjóð eftir áramót.

„Næsta ár býður einfaldlega ekki upp á slíka ævintýramennsku fyrir okkur. Það hafði vissulega mikið að segja með ákvörðun mína að konan gæti ekki komið en ég er einnig að fara að hefja minn feril á atvinnumarkaðnum. Það hentar einfaldlega ekki að koma aftur til Íslands eins og staðan er í dag. Við vorum líka að kaupa okkur hund,“ sagði Steen léttur en hann var einn besti leikmaður Landsbankadeildarinnar síðasta sumar. Þrátt fyrir það hafði ekkert annað íslenskt lið samband og reyndi að semja við hann. Steen segist þó ekki vera hættur í fótbolta þó svo að hann sé farinn frá Fram og hafi ákveðið að hefja starfsferil sem fasteignasali.

„Ég hætti aldrei í fótbolta og ætla að fara til reynslu hjá einhverjum félögum á svæðinu en aðaláherslan hjá mér er vinnan og fótboltinn verður núna númer tvö hjá mér.“ henry@frettabladid.is



**FARINN FRÁ FRAM** Framarar munu ekki njóta krafta Alexanders Steen næsta sumar. Hann er búinn að koma sér þægilega fyrir í Svíþjóð, var að kaupa sér hund og ætlar að setja fótboltann í annað sætið á eftir vinnunni. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR


Umhverfisvænn valkostur í stað nagladekkja

TOYO TIRES

Burt með svifrykið



Harðskeljadekk
Mjög hljóðlát
Frábær ending
Miklu meira
GRIP...

561 4110
NESDEKK
Fiskislóð 30

Bílabúð Benna
Vagnhöfða 23 • 110 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is
Opið virka daga frá kl. 08:00 - 18.00
Opið laugardaga frá kl. 11:00 - 14:00


Topplið Keflavíkur í Iceland Express-deild kvenna er án tveggja burðarstólpa:

## Slapp betur en á horfðist með Keshu

**KÖRFUBOLTI** Jón Halldór Eðvaldsson, þjálfari Keflavíkur, getur verið ánægður með sínar stelpur sem eru með fullt hús á toppi Iceland Express-deildar kvenna. Það hefur ekki verið án fórna því auk þess að missa þrjá landsliðskonur fyrir tímabilið hefur Keflavík þurft að horfa á eftir tveimur bestu leikmönnum sínum, Bryndísi Guðmundsdóttur og Keshu Watson, í meiðsli á síðustu dögum.

„Þetta var ekki rosalega þægileg tilfinning. Bryndís slítur krossbönd á mánudegi og á miðvikudegi meiðir útlendingurinn sig,“ segir Jón Halldór en bandaríski bakvörðurinn Kesha Watson hefur spilað frábærlega í vetur.

„Hún fékk högg á hnéð í KR-leiknum og skaddaði liðbandið í hægra hnénu en sleit það ekki,“ sagði Jón Halldór og bætir við: „Hún fór strax í myndatöku á föstudeginum því við héldum að hún væri með rifið krossband. Hún gat ekkert gengið. Þá kom í ljós að það var ekkert annað en hrjá hana en það að hún tognaði á liðbandi,“ segir Jón Halldór, sem er með meira en hálft liðið hjá sjúkraþjálfara. „Þetta er bara algjör óheppni og álag kemur þessu ekkert við. Ég hef aldrei upplifað svona. Í síðustu viku voru átta leikmenn hjá mér í sjúkraþjálfun,“ lýsir Jón.



**FRÁBÆRAR TÖLUR** Kesha Watson hefur skorað 30,2 stig, tekið 7,4 fráköst og gefið 6,8 stoðsendingar að meðaltali með Keflavík í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Það er ekki víst hvenær Watson getur snúið aftur eftir meiðslin.

„Ég geri ekki ráð fyrir henni í næsta leik. Þetta er leikmaður sem við ætlum að hafa í allan vetur og ef það þýðir að ég þurfi að hvíla hana til 1. desember þá geri ég það. Ég hef engar áhyggjur af þessu miðað við hvernig mannskapurinn minn er að spila. Þær mæta í leiki með það eitt að leiðarljósi að vinna. Það er að ganga og meðan það er að ganga þá örvæntum við ekki,“ sagði Jón Halldór að lokum. - óój

# BT




**100Hz Motion Picture Pro**
Tæknin skilar mun betri myndgæðum þegar mikil hreyfing er á myndinni.

## Panasonic

TH-42PV70F
PANASONIC 42" 100Hz flatsjónvarp
Skjástærð: 42 tommur
Upplausn: 1024 x 720 HD Ready
Textavarp við mynd
Advanced 3D Colour management
Contrast: 1:10.000
Birta cd/m2: 550
Textavarpsminni: 1500 síður
Sjónvarpsmóttakari: 1
HDMI tengi: 2
Component tengi: 1
VGA tengi: 1
Scart tengi: 2
A/V tengi: 1
Hátalarar: 2x10W
(B x H x D) 102 x 68 x 9,7 cm
34 kg

EISA Best Product

1. GREIÐSLA
1. mars 2008

189.999
219.999

BT LÁN
Verð frá:
5.229
59 mánaða

Síminn
FRÍTT ADSL OG
60 SJÓNVARPSTÖÐVAR
AÐ VERÐMÆTI 23.000,-

# KAUPAUKI
## FYLGIR ÖLLUM SJÓNVÖRPUM Í BT

FRÁBÆR PAKKI
FYRIR BYRJENDUR

89.999

FYLGIR
5.999

BT LÁN
Verð frá:
2.632
59 mánaða

Canon




VINSÆLASTA VÉLIN

1. GREIÐSLA
1. mars 2008

FRÁBÆR PAKKI
FYRIR LENGRA KOMNA

129.999

FYLGIR

BT LÁN
Verð frá:
3.691
59 mánaða

## Panasonic

NÝ SENDING
LÆKKAÐ VERÐ

TX-32LE7F
PANASONIC 32" LCD LE7
Myndstýring: VIERA
Upplausn: 1366x768 HD ready
Contrast Automatic tracking system
Video noise reduction
Borðstandur fylgir
3D Comb filter
Progressive Scan
Q-link og VIERA link
Contrast: 1:1200
Birta cd/m2: 550
Svartími: 8ms
HDMI tengi: 1

FRÍTT ADSL OG
60 SJÓNVARPSTÖÐVAR
AÐ VERÐMÆTI 23.000,-




1. GREIÐSLA
1. mars 2008

99.999

BT LÁN
Verð frá:
2.897
59 mánaða

Skeifan • Kringlan • Smáralind • Grafarvogur • Hafnarfjörður • Selfoss • Ísafjörður • Akranes • Egilsstaðir • Akureyri • Reykjanesbær










**SKARÐ FYRIR SKILDI** Eiður Smári verður ekki með gegn Dönum á Parken.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Íslenska landsliðið varð fyrir miklu áfalli í gær:

# Eiður Smári ekki með gegn Dönum

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen landsliðsfyrirliði dró sig í gær úr íslenska landsliðshópnum fyrir leikinn gegn Dönum sem fram fer á Parken næsta miðvikudag. Eiður Smári dró sig úr hópnum af persónulegum ástæðum.

„Ég átti gott samtal við Eið Smára og ég sætti mig við ástæður Eiðs þó svo að ég sé hundfúll að missa hann úr liðinu enda besti knattspyrnumaður Íslands," sagði Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari við Fréttablaðið í gær.

„Ég hef ákveðnar hugmyndir um hver tekur við fyrirliðabandinu en það birtist ekki í blöðunum áður en ég greini viðkomandi frá því. Eyjólfur Héðinsson kemur í staðinn en ég þekki hann ágætlega og ég hlakka til að sjá hvernig hann lítur út eftir veruna í Svíþjóð þar sem hann hefur staðið sig vel," sagði Ólafur.

Eggert Skúlason, talsmaður Eiðs Smára, vildi ekkert tjá sig nánar um þessar persónulegu ástæður sem Eiður hefði gefið fyrir fjarveru sinni.

- hbg / - óþ

Fyrrum NBA-leikmaður verður með Banvit gegn KR:

# Tyrkirnir smeykir?

**KÖRFUBOLTI** Það styttist óðum í leiki KR og tyrkneska liðsins Banvit BC í forkeppni Evrópukeppninnar í körfubolta.

Tyrkneska liðið hefur samið við Donnell Harvey, 27 ára og 203 cm framherja sem á að baki 205 leiki í NBA-deildinni og var síðast í æfingahópi Utah Jazz fyrir tímabilið.

Lítið hefur gengið hjá tyrkneska liðinu í byrjun móts en liðið hefur nú tapað þremur deildarleikjum í röð og er sem stendur í 12. sæti með tvo sigra og fjögur töp.

Fyrir hjá liðinu voru Bandaríkjamennirnir Kenny Adeleke og Chris Hill. Adeleke er með 16 stig og 13 fráköst að meðaltali í fyrstu sex leikjunum en Hill er með 8,8 stig og 2,0 stoðsendingar í leik. Aðeins má nota tvo Bandaríkjamenn í Evrópukeppninni þannig að búast má við að annar þeirra verði settur út úr hópnum fyrir leikinn á þriðjudag.

Donnell Harvey var valinn númer 22 í nýliðavalinu 2000, af New York Knicks, en spilaði fyrstu tvö tímabilin sín hjá Dallas. Hann fékk ekki mörg tækifæri og var loksins skipt til Denver Nuggets á miðju tímabili. Þar átti hann sín bestu tímabil í NBA þar sem hann skoraði 7,9 stig og tók 5,6 fráköst að meðaltali.

Harvey flakkaði síðan á milli Orlando, Phoenix og New Jersey áður en hann fór að spila í Evrópu.



**TREÐUR** Donnell Harvey sést hér troða í leik á móti Kevin Garnett, sem getur ekkert gert.
NORDICPHOTOS/GETTY

Alls hefur hann leikið 205 leiki og í 3.318 mínútur í NBA-deildinni og hefur skorað 5,6 stig og tekið 4,0 fráköst að meðaltali í leik þessi fimm tímabil hans í deildinni.

Harvey var í æfingahópi Utah Jazz fyrir þetta tímabil en var látinn fara rétt fyrir mót. Hann hefur leikið einn leik með Banvit-liðinu þar sem hann skoraði 19 stig og tók 11 fráköst á 29 mínútum.

- óój

# Ótrúlegt verð

Öll raftæki fást í Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum



19.990kr
GOTT VERÐ

**Kenwood hrærivél** MX270
400w, 4 lítra hrærivél
- 12 hraðastillingar
- Skál úr ryðfríu stáli
- Þeytari, hnoðari og hrærari fylgja
- Litur: Hvít



14.990kr
GOTT VERÐ

**Panasonic örbylgjuofn** NNK125
800w örbylgjuofn
- 1000w grill
- 17 lítrar
- 9 eldunarstillingar
- Eldun samkvæmt þyngd
- Afþýðing samkvæmt þyngd
- Barnalæsing
- Stærð (bxhxd) 45,5x26x31,5



4.990kr
GOTT VERÐ

**Melissa Multimixer** 646045
Undratæki sem gerir nánast allt! Hakkar, blandar, hrærir, sker, mylur og svo margt fleira. Kemur í staðinn fyrir matvinnsluvélina, blandarann, safapressuna og kaffikvörnina.
Með í pakkanum fylgja 4 glös, 2 skálar sem mega fara í örbylgjuofn, 4 lok og uppskriftabæklingur.
Möguleikarnir eru óteljandi með Melissa Multimixer!



9.990kr
GOTT VERÐ

**Philips kaffikanna** HD5405
Kaffivél Café Gourmet – sýður vatnið



7.990kr
GOTT VERÐ

**United örbylgjuofn** MWO7109
800w örbylgjuofn
- 20 lítrar
- Snúningsdiskur
- Afþýðingarmöguleiki
- Litur: Hvítur

**Senseo kaffivél** HD7810SV
1450w Senseo kaffivél
- Hellir upp á 1 eða 2 kaffibolla í einu
- Hver bolli er ferskur og með lag af froðu
- Tekur aðeins 30 sekúndur að laga
- Auðvelt að hreinsa
- Litur: Svört






8.990kr
Verð áður 10.990,-

Senseo gjafapakkning fylgir með í kaupauka



6.990kr
GOTT VERÐ

**Panasonic ryksuga**
MCE7113
1600w ryksuga
- 320w sogkraftur
- 4 filtera kerfi
- 5 metra snúra
- Þyngd 4,1 kg

Gildir til 22. nóvember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## *Iceland Express-deild karla:*

**Stjarnan-Keflavík 80-101**
**Stig Stjörnunnar:** Dimitar Karadzovski 20, Sigurjón Örn Lárusson 12, Fannar Helgason 10, Kjartan Atli Kjartansson 9, Eiríkur Sigurðsson 8, Maurice Ingram 6, Sævar Haraldsson 6, Sveinn Ómar Sveinsson 4, Birkir Guðlaugsson 4, Guðjón Hrafn Lárusson 1.
**Stig Keflavíkur:** B.A. Walker 32 (5 þriggja stiga), Tommy Johnson 21, Jón Nordal Hafsteinsson 11, Gunnar Einarsson 9, Anthony Susnjara 9, Magnús Gunnarsson 8, Þröstur Leó Jóhannsson 4, Arnar Freyr Jónsson 4, Sigurður Þorsteinsson 3.

**Fjölnir-Grindavík 84-90**
**Stig Fjölnis:** Karlton Mims 21, Níels P. Dungal 21, Helgi H. Þorláksson 9, Terrence Herber 6, Hjalti P. Vilhjálmsson 6, Anthony Drejaj 6, Árni Þ. Jónsson 6, Tryggvi Pálsson 5, Kristinn Jónsson 4 (7 fráköst).
**Stig Grindavíkur:** Páll Axel Vilbergsson 20, Jonathan Griffin 19, Þorleifur Ólafsson 13, Adam Darboe 13, Igor Beljanski 10 (7 fráköst) Páll Kristins-son 8 (8 fráköst), Davíð P. Hermannsson 4, Ármann Ö. Vilbergsson 3.

**Hamar-Njarðvík 68-75**
**Stig Hamars:** George Byrd 18 (17 frák.), Bojan Bojovic 17, Friðrik Hreinsson 14, Lárus Jónsson 8, Raed Mostafa 5, Frosti Sigurðsson 4, Viðar Hafsteinsson 2.
**Stig Njarðvíkur:** Brenton Birmingham 19, Egill Jónasson 12, Hjörtur Hrafn Einarsson 10, Friðrik Stefánsson 9, Jóhann Árni Ólafsson 9, Sverrir Þór Sverrisson 7, Guðmundur Jónsson 3.

**Tindastóll-Þór 106-107**
**Stig Tindastóls:** Samir Shaptahovic 31 (8 frák., 8 stoðs, 9 þristar), Donald Brown 23, Svavar Birgisson 16, Ísak Einarsson 15, Marcin Konarzewski 11, Sergei Poppe 7.
**Stig Þórs:** Cedric Issom 36 (12 stoðs.), Óðinn Ásgeirsson 27, Magnús Helgason 18, Luka Marolt 16, Þorsteinn Gunnlaugsson 6, Hrafn Jóhannesson 4.

**STAÐAN:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. Keflavík | 7 | 7 | 0 | 703:571 | 14 |
| 2. Grindavík | 7 | 6 | 1 | 626:584 | 12 |
| 3. KR | 7 | 5 | 2 | 622:602 | 10 |
| 4. Njarðvík | 7 | 4 | 3 | 565:521 | 8 |
| 5. Snæfell | 6 | 3 | 3 | 532:511 | 6 |
| 6. Þór Ak. | 7 | 3 | 4 | 613:650 | 6 |
| 7. Stjarnan | 8 | 3 | 5 | 641:677 | 6 |
| 8. Tindastóll | 7 | 3 | 4 | 609:648 | 6 |
| 9. Skallagrímur | 6 | 2 | 4 | 473:492 | 4 |
| 10. ÍR | 6 | 2 | 4 | 484:513 | 4 |
| 11. Fjölnir | 7 | 2 | 5 | 550:604 | 4 |
| 12. Hamar | 7 | 1 | 6 | 502:547 | 2 |

## *Eimskipsbikar kvenna:*

**Stjarnan-Haukar 34-30**
**Mörk Stjörnunnar (skot):** Sólveig Lára Kjærnested 8 (11), Rakel Dögg Bragadóttir 7/4 (10/4), Birgit Engl 6 (8), Ásdís Sigurðardóttir 3 (5), Ásta Agnarsdóttir 3 (6), Alina Petrache 3 (8), Elísabet Gunnarsdóttir 2 (2), Harpa Sif Eyjólfsdóttir 1 (4), Björk Gunnarsdóttir 1 (4).
**Varin skot:** Florentina Stanciu 29/1 (50/2) 58%, Helga Vala Jónsdóttir 2 (11) 18%.
**Hraðaupphlaup:** 6 (Sólveig 3, Birgit 2, Ásdís).
**Fiskuð víti:** 4 (Ásta 2, Birgit, Elísabet).
**Utan vallar:** 2 mínútur
**Mörk Hauka (skot):** Erna Þráinsdóttir 9 (9), Ramune Pekarskyte 7 (14), Hind Hannesdóttir 4 (5), Hanna Guðrún Stefánsdóttir 3/1 (5/2), Harpa Melsted 3 (7/1), Sandra Stojkovic 2 (5), Inga Fríða Tryggvadóttir 2 (5/1), Nína Kristín Björndóttir 1 (4/1).
**Varin skot:** Laima Miliauskaite 23 (49/2) 47%, Helga Torfadóttir 2 (10/2) 20%.
**Hraðaupphlaup:** 5 (Ramune 2, Harpa, Hind, Nína).
**Fiskuð víti:** 5 (Harpa 2, Sandra, Ramune, Inga).
**Utan vallar:** 2 mínútur

## *Meistaradeildin í körfu:*

**Lottomatica Roma-Brose Baskets 81-57**
Jón Arnór Stefánsson var með 14 stig, 4 stoðsendingar og 2 stolna bolta á 27 mínútum. Hann nýtti 3 af 7 þriggja stiga skotum sínum.







# Kennslustund í körfubolta

**Keflvíkingar rúlluðu auðveldlega yfir nýliða Stjörnunnar í Ásgarði í gær og unnu 21 stigs sigur, 80-101. Gestirnir kláruðu leikinn í fyrri hálfleik þegar þeir tóku Stjörnuna hreinlega í kennslustund í körfubolta og var unun á að horfa.**

**KÖRFUBOLTI** Keflvíkingar eru enn ósigraðir á toppi Iceland Express-deildarinnar í körfubolta eftir öruggan sigur á Stjörnunni í gær, 80-101. Keflavík bauð upp á frábæran körfubolta í fyrri hálfleik og tók því rólega í síðari hálfleik er liðið landaði auðveldum sigri.

Fyrri hálfleikur í Ásgarði var frábær skemmtun. Stjarnan byrjaði ágætlega þar sem Karadzovski var heitur. B.A. Walker tók þá öll völd á vellinum, bauð upp á skotsýningu og endaði fyrsta leikhluta með 20 stig, þar af 4 þriggja stiga körfur.

Hann skoraði tveim stigum meira en allt Stjörnuliðið í leikhlutanum enda staðan 18-32 og allt stefndi í niðurlægingu.

Keflvíkingar virtust sjá aumur á Stjörnumönnum, sem voru eins og litlir skólastrákar í höndunum á frábæru Keflavíkurliði, því þeir settu Walker í kælingu í upphafi annars leikhluta. Hann einkenndist af þriggja stiga skotkeppni á báðum endum vallarins en alls voru skoraðar 16 þriggja stiga körfur í fyrri hálfleik.

Keflavík leiddi með 16 stigum í leikhléi, 42-58, og munaði mikið um að Maurice Ingram var ekkert að gera hjá Stjörnunni en hann skoraði ekki körfu utan af velli í hálfleiknum. Satt best að segja virtist hann úrvinda eftir KR-leikinn um daginn og var langt frá því að vera eins ferskur og í þeim leik, þar sem allur vindur var reyndar úr honum í leikhléi.

Síðari hálfleikur var í raun formsatriði. Liðin hættu þriggja stiga keppninni og fóru að spila meira. Stjarnan fær þó plús fyrir að sýna karakter og gefast ekki upp. Liðið vildi greinilega ekki láta niðurlægja sig. Keflavík var einfaldlega betri á öllum sviðum körfuboltans í gær. Þegar liðið lék af fullum krafti var sóknarleikurinn magnaður og vörnin ekki síðri.



**ÞREYTTUR** Bandaríkjamaðurinn Maurice Ingram hjá Stjörnunni var augljóslega ekki búinn að jafna sig eftir leikinn í gær því hann var algjörlega heillum horfinn frá upphafi gegn Keflavík í gær. Hann komst ekkert áleiðis. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stjörnumenn vissu vart á köflum hvort þeir voru að koma eða fara.

„Við byrjuðum vel en drápum þá aldrei þó svo að við hefðum gert nóg til að hrista þá af okkur í fyrsta leikhluta," sagði Einar Einarsson, sem stýrði Keflavíkurliðinu í fjarveru Sigurðar Ingimundarsonar sem var staddur í Boston að fylgjast með öðru taplausu liði, Boston Celtics. „Ég hefði viljað sjá okkur grimmari að klára dæmið en á meðan við vinnum er ég sáttur."

Bragi Magnússon, þjálfari Stjörnunnar, var brosmildur þrátt fyrir tapið. „Þeir voru einfaldlega númeri of stórir. Það er einfalt mál. Við gerðum eins og við gátum en Keflavíkurliðið er bara mun betra en við," sagði Bragi.

**henry@frettabladid.is**

Nýir erlendir menn dugðu ekki fyrir Fjölnismenn á heimavelli í gær:

# Sjötti sigur Grindavíkur í röð

**KÖRFUBOLTI** Grindvíkingar unnu sinn sjötta leik í röð þegar þeir unnu 84-90 sigur á Fjölni í Grafarvogi.

Fjölnismenn byrjuðu og enduðu vel gegn Grindavík í Iceland Express-deild karla í gær en Grindvíkingar gerðu hins vegar nánast úr um leikinn í millitíðinni. Grindavík vann 2. og 3. leikhluta með 21 stigs mun, 50-29.

Grindavík skoraði 33 stig úr hraðaupphlaupum í leiknum og fengu hvað eftir annað ódýrar körfur gegn sofandi heimamönnum sem dugði ekki að skora 14 þriggja stiga körfur í leiknum.

Fjölnir tefldi fram tveimur nýjum erlendum leikmönnum í gær en þeir voru báðir nýlentir á landinu og verða ekki dæmdir á fyrsta leik.

Anthony Drejaj var með 6 stig og 3 stoðsendingar á 24 mínútum en klikkaði á 9 af 12 skotum sínum og Terrance Herbert var með 6 stig og 7 fráköst á 20 mínútum.

Fjölnismenn þurfa kannski að hafa meiri áhyggjur af Bandaríkjamanninum Karlton Mims sem bjargaði andlitinu sínu með því að skora 17 af 21 stigi sínum í fjórða leikhluta eftir að Fjölnisliðið var komið meira en 20 stigum undir. Skotnýting hans kom Grafarvogsliðinu aftur inn í leikinn en það var ekki nóg.

Níels Páll Dungal var bestur hjá Fjölni og Helgi Hrafn Þorláksson og Hjalti Þór Vilhjálmsson komu með mikinn kraft og stemningu inn af bekknum.

Þorleifur Ólafsson og Páll Axel Vilbergsson voru góðir hjá Grindavík og þeir Jonathan Griffin og Adama Darboe skiluðu sínu. Eftir áfallið í fyrsta leik er liðið farið að sýna af hverju því var spáð í titlabaráttuna í vetur.

**- óój**

Stjarnan vann Hauka, 34-30, í 8-liða úrslitum Eimskipsbikars kvenna í gærkvöld:

# Bikarmeistaranir eru úr leik

**HANDBOLTI** Stjarnan sigraði Hauka nokkuð örugglega 34-30 í leik sem var nokkuð spennandi framan af en slakur kafli hjá Haukum í seinni hálfleik gerði útslagið.

Gestirnir í Haukum, sem urðu bikarmeistarar á síðasta tímabili, byrjuðu leikinn af krafti og virtust ætla að selja sig dýrt. Stjörnustúlkur voru einnig í fínu formi og jafnræði var með liðunum í fyrri hálfleik þar sem liðin skiptust á að leiða leikinn. Það voru hins vegar Stjörnustúlkur sem enduðu hálfleikinn betur og leiddu 16-15 þegar flautað var til leikhlés.

Í síðari hálfleik réðust úrslitin hins vegar snemma, en í stöðunni 22-19 gerðu Stjörnustúlkur út um leikinn með því að skora sjö mörk í röð og breyta stöðunni í 29-19.

Á þessum kafla munaði mikið um markvörslu Florentinu Stanciu í marki Stjörnunnar, en hún var í frábæru formi í leiknum og varði 29 skot og skartaði nýju eftirnafni í þokkabót, en hún hét áður Grecu.



**FRÁBÆR** Florentina Stanciu (áður Grecu) fór á kostum í marki Stjörnunnar og varði 29 skot. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Díana Guðjónsdóttir, þjálfari Hauka, var því að vonum ósátt í leikslok. „Mínir leikmenn voru á hælunum og byrjuðu ekki leikinn fyrr en allt of seint. Við vorum greinilega ekki tilbúnar í leikinn og því fór sem fór og ég held að leikmenn mínir verði að fara hysja upp um sig buxurnar," sagði Díana.

Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari Stjörnunnar, var eðlilega öllu sáttari í leikslok.

„Þetta fór að ganga betur eftir að við náðum að stilla upp í okkar 3-2-1 vörn og markvarslan fylgdi með, sem hjálpaði okkar að klára þetta erfiða verkefni. Ég er náttúrlega himinlifandi að við séum komin áfram eftir sigur gegn mjög reynslumiklu liði Hauka sem vann okkur í þessari sömu keppni í fyrra," sagði Aðalsteinn.

**- óþ**


Fíton/SÍA
Allt sem þú þarft…
Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins og það eina sem kemur út alla daga vikunnar. Lesendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir opna Fréttablaðið.
FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
ÞRIÐJUDAGUR
…alla daga
FRÉTTABLAÐIÐ
2.790000 kr.
EINSTÖK

**> Mandy Moore**

Mandy fékk áhuga á söng eftir að hún sá söngleikinn Oklahoma! Amma hennar hvatti hana til að verða söngkona og hún hóf ferillinn með því að syngja þjóðsönginn á íþróttaleikjum í Flórída. Mandy leikur í Try Seventeen á Stöð 2 Bíó í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON VARPAR ÖNDINNI LÉTTAR

# *Fallega fólkið er nýjustu fórnarlömbin*

Stjörnurnar á skjánum og hvíta tjaldinu, sem birtast jafnóðum á síðum glanstímarita og dagblaða, hafa haldið við útlitsdýrkuninni í hinum vestræna heimi undanfarna áratugi. Þessi trúarbrögð hafa færst í aukana á undanförnum árum og náð hámarki með þáttum á borð við Extreme Makeover, The Swan og svo loks America's Next Top Model þar sem útlitið skiptir höfuðmáli.

Hið venjulega þykir ekki fínn pappír. Nú síðast sá Tyra Banks sig til að mynda tilneydda að reka eina stúlkuna sem gekk með fyrirsætudrauminn í maganum úr keppni og gaf þá einföldu ástæðu að hún væri hvorki nógu mikil „bomba" né of grönn. Hún væri einfaldlega venjuleg. Tárin láku niður hvarma fyrirsætunnar sem var með þessum áfellisdómi frú Banks orðin ein af okkur.

Og þessi útlitsdýrkun teygir anga sína víðar. Fórnarlömbin sem hrannast upp hjá CSI og öðrum bandarískum sakamálaþáttum virðast nefnilega hafa tekið upp þessa trú. Morðin hafa færst úr skuggasundum stórborganna yfir í sundlaugarpartí þar sem er nánast öruggt að myndavélin fangi fönguleg fljóð og bert hold. Fórnarlömbin eru ekki fólk á röngum stað á röngum tíma heldur virðast síðustu mínútunum í lífi þeirra hafa verið eytt í djarfan dans við taktfasta rapptónlist en svo er lífið murkað úr þeim á mjög snjallan og útsmoginn hátt. En þetta á ekki bara við um sakleysingjana sem eru kallaðir til æðri máttarvalda á unga aldri því morðinginn er ekki líkt og áður illa þefjandi dópisti né róni heldur ýmist afbrýðisöm eiginkona sem eytt hefur milljónum í fegrunaraðgerðir eða illa innrættur eiginmaður með Colgate-bros.

Þetta hljóta þó að vera góðar fréttir fyrir okkur ljóta fólkið, við erum hólpin ef marka má spennuþætti, því það er bara fallega fólkið sem er drepið þessa dagana.



**REKIN FYRIR MEÐALMENNSKU** Tyra Banks var ekki ýkja hrifin af stúlku sem þótti venjuleg og lét hana taka pokann sinn.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.50** **Útsvar** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.30** **Melinda and Melinda** STÖÐ 2



▶ **16.00** **Try Seventeen** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **18.15** **Freddie Mercury: A Kind Of Magic** SIRKUS



▶ **21.00** **Survivor: China** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 07/08 bíó leikhús** e.
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Ungar ofurhetjur** (53:65)
**17.52 Villt dýr** (24:26)
**18.00 Snillingarnir** (36:42)
**18.24 Þessir grallaraspóar** (5:26)
**18.30 Svona var það** (9:22)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Þar sem háir hólar...** Bein útsending úr Þjóðleikhúsinu frá dagskrá í tilefni af 200 ára fæðingarafmælis Jónasar Hallgrímssonar. Fram koma m.a. Kór Menntaskólans í Hamrahlíð, Drengjakór Reykjavíkur, söngvararnir Gunnar Guðbjörnsson og Bergþór Pálsson ásamt Jónasi Ingimundarsyni píanóleikara og leikararnir Gunnar Eyjólfsson, Benedikt Erlingsson og Ingvar E. Sigurðsson.
▶**20.50 Útsvar** Að þessu sinni eigast við Ísafjörður og Reykjanesbær og meðal keppenda eru Ólína Þorvarðardóttir ritstjóri og Ragnheiður Eiríksdóttir tónlistarmaður.
**21.50 Skólasöngleikurinn 2** Ný bandarísk sjónvarpsmynd, framhald feikivinsællar myndar sem sýnd var um jólin í fyrra. Hetjurnar úr fyrri myndinni vinna í klúbbi í sumarleyfi sínu og taka þátt í hæfileikakeppni þar.
**23.35 Morðgátur Murdochs - Undir drekahala** Kanadísk sakamálamynd frá 2004 þar sem spæjarinn William Murdoch í Toronto fæst við snúið mál.
**01.05 Veronica Guerin** e.
**02.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Home Room**
**08.10 Pelle Politibil**
**10.00 Try Seventeen**
**12.00 A Shot at Glory**
**14.00 Pelle Politibil**
▶**16.00 Try Seventeen**
**18.00 A Shot at Glory**
**20.00 Home Room**
**22.10 Grosse Point Blank** (e) Martin Blank er fyrsta flokks leigumorðingi en hann er orðinn dauðleiður á starfinu. Aðalhlutverk: John Cusack, Minnie Driver, Alan Arkin.
**00.00 Dirty War**
**02.00 Hard Cash**
**04.00 Grosse Point Blank** (e)

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 The Bold and the Beautiful**
**09.30 Wings of Love** (65.120)
**10.15 Numbers** (16.24)
**11.10 Veggfóður**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Forboðin fegurð** (105.114)
**13.55 Forboðin fegurð** (106.114)
**14.45 Lífsaugað III** (e)
**15.25 Bestu Strákarnir** (2.50) (e)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.28 The Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**19.35 The Simpsons** (10.22) (e)
**20.00 Logi í beinni** (5.10) Edda Andrésdóttir fréttakona mætir í sjónvarpssal en hún hefur verið fastagestur á skjám landsmanna árum saman. Þorgrímur Þráinsson lætur einnig sjá sig en hann gaf nýlega út bók. 2007.
**20.35 Tekinn 2** (10.14) Stuðmaðurinn Jakob Frímann er ekki í miklu stuði þegar hann mætir í myndatöku þar sem hann fær engu að ráða um útlit myndanna. Í seinni hrekknum lendir Björn Jörundur í uppáþrengjandi rótara. 2007.
**21.05 Stelpurnar**
▶**21.30 Melinda and Melinda** Gamansöm mynd eftir Woody Allen sem segir sögu ungrar konu sem heitir Melinda. Það óvenjulega er að áhorfandinn fær að sjá sögu hennar frá tveim gjörólíkum sjónarhornum eftir því hvort líf hennar tekur sorglega stefnu eða gamansama. Aðalhlutverk: Wallace Shawn, Neil Pepe, Stephanie Roth Haberle. 2004. Bönnuð börnum.
**23.10 The Locals** Hörkuspennandi tryllir um tvo vini sem ætla í skemmtilegt ferðalag en gera þau skelfilegu mistök að stytta sér leið yfir hættulegt svæði. Aðalhlutverk: John Barker, Dwayne Cameron, Kate Elliott. 2003. Stranglega bönnuð börnum.
**00.35 Run Ronnie Run!**
**01.55 Speed**
**03.50 Club Dread** (Broken Lizard's Club Dread)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**
**06.25 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SÝN besta sætið

**17.25 PGA Tour 2007 - Highlights** (Walt Disney World Resort Classic)
**18.20 Gillette World Sport 2007** Íþróttir í lofti, láði og legi.
**18.50 NFL Gameday** Upphitun fyrir leiki helgarinnar í bandaríska fótboltanum auk þess sem helstu tilþrif síðustu helgar eru sýnd.
**19.20 Meistaradeild Evrópu - Fréttaþáttur** Vandaður fréttaþáttur um allt það helsta sem er á döfinni í þessari sterkustu knattspyrnudeild heims.
**19.50 Austurríki - England** Bein útsending frá vináttuleik Austurríkis og Englands.
**21.50 World Supercross GP** Súperkross er æsispennandi keppni á mótorkrosshjólum sem fram fer á brautum með stórum stökkpöllum. Mjög reynir á kappana við þessar aðstæður en ýmsar tækninýjungar hafa verið nýttar varðandi búnað vélhjólanna sem til að mynda gefa þeim aukið svif í stökkum.
**22.50 World Series of Poker 2007** (7 Card Stud)
**23.40 Heimsmótaröðin í póker 2006**
**00.30 NBA-körfuboltinn** Útsending frá leik í NBA.

## SÝN 2

**18.00 Tottenham - Wigan** Útsending frá leik Tottenham og Wigan í ensku úrvalsdeildinni.
**19.40 Man. Utd. - Blackburn** Útsending frá leik Man. Utd og Blackburn í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram sunnudaginn 11. nóvember.
**21.20 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**21.50 PL Classic Matches** Leikur Newcastle og Leicester var frábær skemmtun fyrir áhorfendur sem munu seint gleyma þessum leik.
**22.20 PL Classic Matches** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar. Leikur Blackburn og Leicester frá árinu 1998 var stórkostleg skemmtun þar sem boðið var upp á markaveislu.
**22.50 Goals of the season**
**23.50 Reading - Arsenal** Útsending frá leik Reading og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu sem fór fram mánudaginn 12. nóvember.

## SKJÁREINN

**07.30 Game tíví** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**16.00 Vörutorg**
**17.00 Game tíví** (e)
**17.25 7th Heaven** (e)
**18.15 Dr. Phil**
**19.00 Friday Night Lights** (e)
**20.00 Charmed** (14.22) Bandarískir þættir um þrjár fagrar og kyngimagnaðar örlaganornir. Billy Zane leikur fyrrum djöful sem sækir um kennarastöðu við galdraskólann.
▶**21.00 Survivor: China** (9.14) Vinsælasta raunveruleikasería allra tíma. Þetta er 15. keppnin og nú fer hún fram í Kína.
**22.00 Law & Order: Criminal Intent** (16.22) Bandarískir þættir um störf stórmálasveitar New York borgar og leit hennar að glæpamönnum. Það er dramatík í óperunni þegar dóttir frægrar óperusöngkonu er myrt og hrokafullur stjórnandinn liggur undir grun.
**22.50 Masters of Horror** (8.13) Þekktustu hrollvekjuleikstjórar samtímans leikstýra stuttum hrollvekjum sem fá hárin til að rísa. Nú er komið að leikstjóranum Mick Garris (Riding the Bullet og The Stand) að sýna hvað í honum býr en Christopher Lloyd leikur eitt af aðalhlutverkunum.
**23.40 Backpackers** (20.26) Ástrólsk þáttaröð þar sem áhorfendur slást í för með þremur vinum sem halda í mikla ævintýraför um heiminn. Félagarnir segja skilið við hversdagsleikann í eitt ár og koma við í 22 löndum á ferðalagi sínu.
**00.10 Law & Order: SVU** (e)
**01.00 Allt í drasli** (e)
**01.50 C.S.I. Miami** (e)
**02.35 World Cup of Pool 2007 - NÝTT** (e)
**03.35 C.S.I.** (e)
**04.20 C.S.I.** (e)
**05.05 Vörutorg**
**06.05 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




Gefðu þér góðan tíma

Hafðu jólaundirbúninginn notalegan og njóttu þess að kaupa jólafötin og jólagjafirnar tímanlega.

**Nýtt kortatímabil**

**Opið til 19 í dag og 10–18 á morgun**

Kringlan

## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 20.00
### Logi í beinni

Logi Bergmann tekur á móti góðum gestum í spjallþætti sínum í kvöld. Fyrsta ber að nefna Eddu Andrésdóttur fréttakonu en hún hefur verið fastagestur á skjám landsmanna árum saman. Þorgrímur Þráinsson lætur einnig sjá sig en hann gaf nýlega út bók um hvernig eigi að koma vel fram við eiginkonuna. Hljómsveitin Hjálmar tekur svo lagið fyrir gesti og þá sem heima sitja.

## ▶ ÞAR SEM HÁIR HÓLAR...
### Sjónvarpið kl. 19.35

Sýnt verður beint úr Þjóðleikhúsinu frá dagskrá í tilefni af 200 ára fæðingarafmæli Jónasar Hallgrímssonar. Fram koma Kór Menntaskólans í Hamrahlíð, Drengjakór Reykjavíkur, Graduale-kór Langholtskirkju og Kór Kársnessskóla, söngvararnir Gunnar Guðbjörnsson og Bergþór Pálsson ásamt Jónasi Ingimundarsyni píanóleikara og leikararnir Hjalti Rögnvaldsson, Gunnar Eyjólfsson, Annar Kristín Arngrímsdóttir, Benedikt Erlingsson og Ingvar E. Sigurðsson.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stjörnukíkir
**15.03** Útvarpssagan: Hversdagshöllin
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Pollapönk
**19.30** Ég bið að heilsa
**21.40** Tímakornið
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16.00 Hollyoaks** (59.260)
**16.30 Hollyoaks** (60.260)
**17.00 Talk Show With Spike Feresten** (11.22)
**17.25 Ren & Stimpy**
**17.50 Totally Frank**
▶ **18.15 Freddie Mercury: A Kind of Magic** (e) Sirkus sýnir glænýja heimildarmynd um Freddie Mercury þar sem sýnt er áður ósýnt efni, skyggnst er á bakvið tjöldin og líf hans sett undir smásjána.
**19.00 Hollyoaks** (59.260)
**19.30 Hollyoaks** (60.260)
**20.00 Talk Show With Spike Feresten** (11.22) (e) Spike Feresten er einn af höfundum Seinfeld og Simpsons. Nú er hann kominn með sinn eigin þátt þar sem hann fær til sín góða gesti.
**20.25 Ren & Stimpy** Ren er taugatrekktur smáhundur (chiuahua) og Stimpy er feitlaginn og vitgrannur köttur. Saman lenda félagarnir í hinum ótrúlegustu ævintýrum sem eru ekki fyrir viðkvæma.
**20.50 Totally Frank** Totally Frank er spennandi og skemmtileg þáttaröð um fjórar stelpur sem ákveða að setja saman hljómsveit og reyna að slá í gegn. 2005.
**21.15 Freddie Mercury: A Kind of Magic** (e) Sirkus sýnir glænýja heimildarmynd um Freddie Mercury þar sem sýnt er áður ósýnt efni, skyggnst er á bakvið tjöldin og líf hans sett undir smásjána.
**22.00 Numbers** (5.24) Bræðurnir Charlie og Don Eppes snúa aftur í þessari hörkuspennandi þáttaröð um glæpi og tölfræði. 2006.
**22.45 Silent Witness** (2.10)
**23.40 Hollywood Uncensored**
**00.05 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## INN

**20.00 Hrafnaþing** Gestir Ingva Hrafns Jónssonar skoða málefni líðandi stundar með liðna viku sem útgangspunkt.
**21.00 Mér finnst** Maríanna Friðjónsdóttir stýrir umræðuþætti þar sem konur hafa orðið.

## DR 1

**10.30** Ildsjæle - Pastorens party **11.00** TV Avisen **11.10** Task Force **11.35** Aftenshowet **12.00** Aftenshowet **12.25** D¢dens Detektiver **12.50** Rabatten **13.20** VQ - Videnskabsquiz **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Tjenesten - nu på TV **14.30** Boogie Listen **15.30** F for Får **15.35** Svampebob Firkant **16.00** ¥reflip **16.30** Shanes verden **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **18.55** HåndboldEkstra: Buducnost - Viborg HK **19.35** TV Avisen **19.40** HåndboldEkstra: Buducnost - Viborg HK **20.30** TV Avisen **21.00** Crime Spree **22.35** Jagten på D.B. Cooper

## NRK 1

**12.00** Nasjonal langrennsåpning **14.15** Creature Comforts: hvordan har vi det? **14.25** ¥ya **15.00** VG-lista Topp 20 **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Newton **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Charlie og Lola **17.15** Pippi Langstr¢mpe **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Beat for beat **19.55** Nytt på nytt **20.25** Grosvold **21.05** Dalziel og Pascoe **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Dalziel og Pascoe **23.10** David Gilmour **0.10** Korte gr¢ss: Nattevakten **0.35** Country jukeboks med chat

## SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Bakom kulisserna på zoo **14.00** Argument **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Plus **16.30** Solens mat **17.00** BoliBompa **17.25** Musikvideo **17.30** Fåret Shaun **17.35** Häxan Surtant **18.00** Barda **18.30** Rapport **19.00** Doobidoo **20.00** Predikanten **21.00** Fredagsbio: Livet från den ljusa sidan **23.15** Rapport **23.25** Kulturnyheterna **23.35** Svensson, Svensson **0.05** Grotesco **0.35** Kandahar





Við mælum með
"ÆR-HRYGGJASTEIK MEÐ ORIENTAL HJÚP"
OG
"LÚÐUSTEIK MEÐ MANGÓ LIME OG KRYDDJURTUM"

GALLERÍ KJÖT
Fiskisaga
Ævintýralegar fiskbúðir

Grensásvegi - Hamraborg - Skipholti - Höfðabakka - Nesvegi - Sundlaugavegi - Háaleitisbraut - Búðakór - Dalvegi - Akranesi - Tjarnarvöllum

## HVAÐ VAR ÉG AÐ SPÁ?



*„Það er fátt sem mér þykir leiðinlegt, nema að þurfa að fara frá börnunum mínum.“*

Ruth Reginalds söngkona, í viðtali við DV 1991.

„Ég er nú umvafin börnum núna, ég á fjórar dætur og tvö barnabörn og fósturdóttur úti í Ameríku. Þessi setning stendur alveg og alltaf,“ segir Ruth nú.

# Aron Pálmi les ljóðin sín í fyrsta sinn

„Ég er miklu meira en spenntur,“ segir Aron Pálmi Ágústsson um þá staðreynd að ný bók um ævi hans, Enginn má sjá mig gráta – Aron Pálmi – Barn í fangelsi, kemur út á morgun. Jón Trausti Reynisson skráði söguna. „Þetta er viss áfangi í mínu lífi.“ Í tilefni af útgáfunni heldur Aron Pálmi útgáfuteiti á skemmtistaðnum Rex. Þar segist hann bæði munu lesa upp úr bókinni og lesa ljóð sem hann hefur ort. „Ég geri mikið af því að yrkja og hef gert það allt frá því ég var lokaður inni. Þetta er besta leið sem fáanleg er til þess að létta á hjarta sínu,“ segir Aron Pálmi en þetta verður í fyrsta skipti sem hann les ljóð sín opinberlega hérlendis. Bandaríkjamenn hafa fengið að heyra þau áður enda vann Aron oftar en einu sinni til verðlauna fyrir kveðskap sinn þegar hann stundaði nám við Lamar University þar ytra.

Móðir Arons Pálma, Hulda Thomas, er komin hingað til lands alla leið frá Houston í Texas til þess að samgleðjast syninum. „Hún verður hérna þangað til á mánudag til þess að sýna mér stuðning og vera til staðar þegar bókin kemur út. Við erum búin að vera önnum kafin við að njóta samvistanna frá því hún kom og höfum verið að gera hversdagslega hluti sem við höfum ekki getað gert í tíu ár. Fara í bíó, út að borða, hitta fjölskyldumeðlimi og bara einfaldlega að eyða tíma saman.“ Aron Pálmi er að öðru leyti önnum kafinn við að njóta lífsins en hann starfar með fötluðum á hæfingarstöð í Kópavogi og á íslenska kærustu. „Kærastan mín er í Háskóla Íslands en hefur beðið mig að gefa ekki upp nafn sitt.“ **- sók**



**GEFUR ÚT BÓK Í DAG** Bók Arons Pálma um ævi hans kemur út í dag.
FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT 2.** lampi **6.** í röð **8.** mánuður **9.** óhreinka **11.** mun **12.** japla **14.** bragðbætir **16.** tónlistarmaður **17.** rotnun **18.** umfram **20.** 49 **21.** fimur.
**LÓÐRÉTT 1.** íþróttafélag **3.** kringum **4.** páfagaukur **5.** tugur **7.** yfirhöfn **10.** for **13.** meðal **15.** krydd **16.** kóf **19.** bókstafur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** lukt, **6.** rs, **8.** maí, **9.** ata, **11.** ku, **12.** maula, **14.** krydd, **16.** kk, **17.** fúi, **18.** auk, **20.** il, **21.** frár. **LÓÐRÉTT: 1.** fram, **3.** um, **4.** kakadúi, **5.** tíu, **7.** stakkur, **10.** aur, **13.** lyf, **15.** dill, **16.** kaf, **19.** ká.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Vika er nú í að ævisaga **Guðna Ágústssonar**, formanns Framsóknarflokksins, komi í verslanir. Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum gerir Guðni í bókinni upp mörg viðkvæm deilumál innan Framsóknarflokksins sem og ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks undir forsæti **Davíðs Oddssonar**. Sagt er að bókin um Guðna sé eins og tifandi tímasprengja í hugum margra á vettvangi stjórnmálanna. Að minnsta kosti eru margir svo spenntir að þeir hafa sett sig í samband við Veröld, sem gefur bókina út, til að fá að lesa handritið yfir. Það hefur þó engan árangur borið og persónur í bókinni verða því að bíða eins og aðrir eftir útgáfudeginum. **- hdm**

ÓTTAR M. NORÐFJÖRÐ: SELDI KVIKMYNDARÉTTINN AÐ HNÍFI ABRAHAMS

# Íslensk skáldsaga kvikmynduð fyrir erlendan markað

Framleiðslufyrirtækið Zik Zak hefur keypt kvikmyndaréttinn að fyrstu glæpasögu Óttars M. Norðfjörð, „Hnífur Abrahams“, sem hefur verið líkt við Da Vinci lykilinn. Sögusvið bókarinnar er New York og því ljóst að myndin verður að stærstum hluta tekin upp á erlendri grundu auk þess sem hún verður að líkindum á ensku.

„Við höfum fulla trú á því að kvikmyndin verði einn af sumarsmellum kvikmyndahúsanna innan nokkurra ára,“ segir Þórir Snær Sigurjónsson, framleiðandi hjá Zik Zak. „Ein af burðarpersónum hennar á ættir að rekja til Íslands, sem er aldrei leiðinleg landkynning.“ Ottó Geir Borg hjá Zik Zak segir að framleiðslan verði af „annarri stærðargráðu en við eigum að venjast hér á landi“. „Við erum ekki farnir að leita að leikstjóra og þess háttar enn þá. Fyrst er að skrifa handritið og við erum í viðræðum við nokkra aðila. Það er eiginlega lúxusvandamál enda er efniviðurinn frábær. Útgangspunktarnir eru margir og það er að miklu leyti undir handritinu komið hvernig mynd þetta verður.“

Ottó segist ekki tilbúinn að nefna tölur þegar kemur að kostnaði við myndina. „Fyrst þarf að sjá drög að handritinu, hversu margir tökustaðirnir eru og þess háttar. Ég myndi skjóta á að kostnaður yrði vel yfir meðallagi og í ætt við það sem gengur og gerist í Hollywood.“ Hann segir vel koma til greina að erlend fyrirtæki komi að framleiðslunni enda sé myndin fyrst og fremst ætluð fyrir erlendan markað. „Við erum með menn bæði í Bandaríkjunum og Danmörku sem þekkja vel til í bransanum. Kvikmyndaframleiðendur líta hins vegar einnig til þess hversu gott handritið er og því of snemmt að fara í viðræður núna.“ Hvað verðmiðann á kvikmyndaréttinum varðar segir Ottó það vera trúnaðarmál. „Við viljum ekki ræða þá upphæð eins og er, en Óttar er örugglega brosandi út að eyrum.“

Óttar M. Norðfjörð er búsettur í Barcelona en var á heimleið þegar Fréttablaðið náði tali af honum. „Ég er í skýjunum yfir þessu,“ segir hann. Velgengni bókarinnar hefur verið með ólíkindum frá því hún kom út í byrjun mánaðarins en hún situr í öðru sæti metsölulistans á eftir bók Arnaldar Indriðasonar. „Þetta hefur allt gerst mjög hratt og maður er í mestu vandræðum með að halda báðum fótum á jörðinni.“ Hann segir að þar sem söguhetjunni sé líkt við Pierce Brosnan í bókinni væri ekki leiðinlegt að sjá hann í hlutverkinu. „En ég ætla nú ekki að taka íslenska stílinn á þetta og þykjast vera að sigra heiminn. Það er kannski fullsnemmt.“ **sigrunosk@frettabladid.is**



**Í SKÝJUNUM** Rithöfundurinn ungi Óttar M. Norðfjörð segist vera í skýjunum með að hafa selt kvikmyndaréttinn að Hnífi Abrahams sem er hans fyrsta glæpasaga. „Maður er í mestu vandræðum með að halda báðum fótum á jörðinni.“

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Aðalpartíið um helgina virðist ætla að vera árlegt kynningarpartí Senu sem haldið verður á Apótekinu annað kvöld. 400 útvaldir gestir hafa fengið boðskort og nóg er eflaust að gera í tískuverslunum landsins því gerð er krafa um að gestir mæti í svörtum, hvítum og rauðum klæðnaði. Meðal þeirra sem hafa fengið boðskort eru **Logi Bergmann Eiðsson**, **Auðunn Blöndal**, **Pétur Jóhann Sigfússon**, **Unnur Birna Vilhjálmsdóttir**, **Birgitta Haukdal** og **Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir**.



Annað áhugavert partí verður haldið í kvöld klukkan 21 þegar rithöfundarnir **Eyvindur Karlsson** og **Valur Gunnarsson** fagna útgáfu fyrstu bóka sinna á Ljóta andarunganum í Lækjargötu. Auk þess að lesa úr bókum sínum við undirleik hljómsveita má líklegt telja að þeir taki sjálfir lagið. Til að tryggja viðeigandi stemningu bjóða höfundarnir veitingar sem passa við bækur þeirra; Eyvindur býður viskí og hnetur en Valur finnskar veitingar og rússneskan vodka.



**Jón Yngvi Jóhannsson**, bókarýnir Íslands í dag, var í góðu skapi í þættinum á dögunum. Þá tók hann skýrt fram að safnrit þýðinga á verkum Astrid Lindgren væri skyldueign á hverju heimili. Jón Yngvi ætti að vita hvað hann er að tala um því móðir þeirrar útgáfu er barnabókastjóri Forlagsins, **Sigþrúður Karlsdóttir**, en þannig vill til að hún er eiginkona Jóns Yngva. **- hdm**




FISKBÚÐIN HAFBERG

Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
Opið 10-18:15 laugardaga 11-14.

Þú færð aðeins það besta hjá okkur

STÓR HUMAR, HÖRPUSKEL, LÚÐA
RISARÆKJUR, SKÖTUSELUR, LAX
NÝLÖGUÐ SJÁVARRÉTTASÚPA.



Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið


# Sigga Beinteins selur dúkkur

Framleidd hefur verið smækkuð bangsaútgáfa af Masa, aðalpersónunni á mynddiskunum feikivinsælu Söngvaborg, og er hún á leiðinni í verslanir. Allur ágóði af sölunni rennur til Barnaspítala Hringsins.

„Masi ætlar að búa til leikherbergi handa börnunum á Barnaspítala Hringsins og líka leikbiðstofu. Við byrjum á því að panta fimm þúsund eintök af Masa og viljum klára þau og helst panta ennþá meira,“ segir María Björk Sverrisdóttir, sem hefur gefið út Söngvaborg ásamt Sigríði Beinteinsdóttur. Auk þess hefur Helga Braga leikstýrt verkefninu og farið með hlutverk Lóu ókurteisu.

„Þegar við vorum að gera Söngvaborg langaði okkur að vera með fígúru sem væri sambland af ýmsum dýrategundum,“ segir hún um Masa, sem er blanda af bangsa, eðlu og ljóni. „Hann hefur verið rosalega vinsæll og allir krakkarnir þekkja til hans. Hann stendur fyrir hið góða og vináttuna því allir eiga að vera vinir.“

Sigga Beinteins segir að Söngvaborgarmyndirnar hafi verið söluhæsta barnaefnið á Íslandi síðastliðin fjögur ár og því byggi verkefnið á góðum grunni. „Við tókum þann pól í hæðina að gefa ekki út disk í ár og fara í þetta í staðinn. Ég hef spilað á Barnaspítalanum og séð hvernig ástandið er. Það vantar að búa til leikherbergi og bæta aðstöðuna,“ segir Sigga.

Björgvin Franz Gíslason, sem hefur leikið Masa í gegnum árin, er ánægður með bangsann. „Mér finnst hann miklu líkari mér en Birgittu-dúkkan var lík Birgittu,“ segir hann og hlær. „Þetta er örugglega sveittasta hlutverkið mitt hingað til. Maður þarf ekki að vera nema fimm mínútur í búningnum þegar maður er byrjaður að svitna. En það er búið að vera rosagaman að vinna með Siggu Beinteins, Maríu og Helgu Brögu og það er æðislegt að allur ágóðinn renni óskiptur til Barnaspítala Hringsins.“ **- fb**



**MEÐ MASA** Sigga Beinteins og María Björk á góðri stundu með Masa.

# Panasonic




Vreal²
VIERA LINK
HD ready

- **V-Real 2 Engine** tæknin tryggir bestu upplausn og bjartari og betri mynd
- **Advanced 3D Colour Management** og allir litir verða skýrari og skarpari en áður
- **Motion Pattern Noise Reduction** tryggir betri litaaðgreiningu við mikla hreyfingu
- **Sub-Pixel Control** og allar fínar línur verða skýrari
- **Real Black Drive** og þú færð meiri aðgreiningu í svartan lit
- **VIERA Link** og þú getur stýrt öllum Panasonic tækjum með einni fjarstýrinu

**Panasonic TH42PV70F**
42" Plasma BREIÐTJALDSSJÓNVARP MEÐ 1024x768 punkta upplausn, V-Real 2 Engine tækni (frábær myndgæði), Advanced 3D Colour management, Motion Pattern Noise Reduction, Sub-Pixel Control, HD Ready, Progressive Scan, Real Black Drive 10.000:1 skerpu, VIERA Link, 20w Nicam Stereó með V-Audio Surround hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnatólstengi og textavarpi.

TILBOÐ 189.990
FULLT VERÐ kr. 219.990




VIERA LINK
Vreal

**Panasonic TX26LE7F**
26" V-Real LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, V-Real tækni (einstök myndgæði), HD Ready, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, Backlight Control, VIERA Link, 16w Nicam Stereó hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og textavarpi.

TILBOÐ 89.990
FULLT VERÐ kr. 99.990




VIERA LINK
Vreal²

**Panasonic TX26LX70F**
26" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, V-Real 2 tækni (einstök myndgæði), HD Ready, IPS Alpha skjá, 100Hz Motion Picture Pro, Progressive Scan, 8.500:1 skerpu, Sub-Pixel Control, VIERA Link, 20w Nicam Stereó með V-Audio Surround hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnartólstengi og textavarpi.

TILBOÐ 119.990
FULLT VERÐ kr. 129.990




VIERA LINK
Vreal

**Panasonic TX32LE7F**
32" HD 16:9 LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, HD Ready, V-Real tækni - einstök myndgæði, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, Backlight Control, VIERA Link, 16w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og textavarpi.

TILBOÐ 99.990
FULLT VERÐ kr. 129.990




VIERA LINK
Vreal²

**Panasonic TX32LX70F**
32" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, V-Real 2 tækni (einstök myndgæði), HD Ready, IPS Alpha skjá, 100Hz Motion Picture Pro, Progressive Scan, 8.500:1 skerpu, Sub-Pixel Control, VIERA Link, 20w Nicam Stereó með V-Audio Surround hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnartólstengi og textavarpi.

TILBOÐ 139.990
FULLT VERÐ kr. 149.990

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2007

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Hagkaup, Njarðvík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**
Bergsteins Sigurðssonar

## *Jónas minn*

Jónas Hallgrímsson á afmæli í dag og hefði orðið 200 ára hefði hann lifað. Íslendingar eiga Jónasi margt að þakka. Jónas fæddist á Hrafnseyri í Arnarfirði á nítjándu öld. Talið er að hann hafi átt erfiða æsku, að minnsta kosti orti hann ekki mikið um æskustöðvar sínar. Sumir halda þó að hið dularfulla kvæði Allsnjóað sé kannski um Arnarfjörð enda var þar oft snjóþungt. Jónas var líka náttúrufræðingur og fyrstur manna til að rækta kartöflur í Sauðlauksdal og skrifaði um það bókina Búnaðarbákn.

**JÓNAS** gaf til að byrja með út margar bækur sem vöktu ekki athygli. Hann sló hins vegar í gegn með ljóðinu Ferðalag, þar sem hann yrkir meðal annars „greiddi ég þér lokka við Grafarvog“. Þar strax sýndi Jónas hvað hann var langt á undan sinni samtíð, með því að yrkja kvæði um Grafarvog löngu áður en Grafarvogur varð til. Ég held að þetta sé í fyrsta sinn sem þetta kemur fram. Það má því með sanni segja að Jónas hafi verið fyrsta Grafarvogsskáldið, langt á undan Sigmundi Erni. Jónas var líka í skáldahópnum Fjölni sem íþróttafélagið í Grafarvogi er nefnt eftir.

**JÓNAS** var uppi á tíma þegar Íslendingar töluðu ekki góða íslensku. Jónas og Fjölnismenn voru aðilar að ákvörðunartökunni um að snúa vörn í sókn. Jónas hljóp undir bakka með þjóðinni og samdi mörg nýyrði, til dæmis apótek, harmóníka og flatskjár. Þannig er Jónas enn í dag gríðarlega áhrifamikill í íslensku hvað málbeitingu varðar. Jónas elskaði Ísland og samdi til dæmis ljóðið Ísland er land þitt sem frægt lag var samið við og sumir vilja að verði spilað á landsleikjum. Íslendingar elska líka Jónas. Bækur eftir Jónas eru enn mjög vinsælar á Íslandi, sérstaklega fyrir fermingar, sérstaklega Passíusálmarnir. Jónas var líka mjög rómantískur eins og sést á ástarljóðum hans til Vatnsenda-Rósu.

**JÓNAS** dó langt fyrir aldur fram og var ekki ófáum harmdauði þegar hann varð fyrir sporvagni í Kaupmannahöfn árið 1924. Jónas var ekki nema 27 ára þegar hann dó. Það merkilega við það er að margt annað frægt fólk var líka 27 ára þegar það dó. Jónasar verður alla veganna alltaf minnst á sama vettvangi og Janis Joplin, Jim Morrison og Kurt Cobain. Jónas var sko ekki verra skáld en þau. Hvernig er það, verðum við ekki að fara að reisa styttu af Jónasi?



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 16. nóvember, 320. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.58 | 13.12 | 16.26 |
| Akureyri | 9.58 | 12.57 | 15.55 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


